



Skýrsla nr. C10:05
**Staða og horfur garðyrkjunnar:
Ísland og Evrópusambandið**

Ágúst 2010

HAGFRÆÐISTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4535
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: sveinnag@hi.is

Skýrsla nr. C10:05
**Staða og horfugarðyrkjunnar:
Ísland og Evrópusambandið**

Ágúst 2010

Aðfararorð

Í þessari skýrslu er fjallað um stöðu garðyrkjunnar og undirgreina hennar. Horft er sérstaklega til reynslunnar af afnámi tolla á tómötum, gúrkum og paprikum árið 2002 og hvað hægt sé að læra af þeirri reynslu. Þar að auki eru áhrif frekara tollaafnáms metin út frá fyrri reynslu og skoðað hver gætu orðið áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á stöðu garðyrkjunnar. Þessi skýrsla er unnin að beiðni Sambands garðyrkjubænda og hófst vinna haustið 2009 og lauk í ágúst 2010.

Skýrsluna unnu hagfræðingarnir M.A. Björn Þór Arnarson í samstarfi við dr. Daða Má Kristófersson. Skýrsluhöfundar vilja sérstaklega þakka Magnúsi Ágústssyni, garðyrkjuráðunauti hjá Bændasamtökum Íslands, og Bjarna Jónssyni, framkvæmdastjóra hjá Sambandi garðyrkjubænda, fyrir ómælda aðstoð við gagna- og upplýsingaöflun. Þar að auki þakka skýrsluhöfundar ómælda aðstoð Anu Koivisto hjá MTT Finnland og Anna-Kaisa Jaakkonen, frá ráðuneyti landbúnaðar og skógræktar í Finnlandi.

Lárus Blöndal, Hrönn Kristinsdóttir, og Stefán Sigurðsson hjá Hagstofu Íslands, Ingibjörg Sigurðardóttir hjá Hagþjónustu landbúnaðarins, Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri framleiðslu- og markaðsskrifstofu hjá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, hafa auk þess verið skýrsluhöfundum innan handar við vinnslu þessarar skýrslu og er þeim þökkudú sý aðstoð.



Sveinn Agnarsson
Forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Ágrip

Í þessari skýrslu er lagt mat á núverandi stöðu garðyrkjunnar og undirgreina. Sérstaklega er horft á tímabilið frá árinu 2002, þegar tollar voru afnumdir af veigamestu afurðum garðyrkjunnar sem ræktaðar eru í gróðurhúsum, og þróun frá þeim tímapunkti metin. Þar að auki er fjallað um hugsanleg áhrif aðildar að Evrópusambandinu á greinina. Í því sambandi er sérstaklega horft til reynslu Finna. Skýrslunni er skipt í tvo hluta. Í þeim fyrri er fjallað um stöðu innlendrar garðyrkju og sögulega þróun. Í þeim síðari er reynsla Finna skoðuð og farið yfir styrkjaumhverfi Evrópusambandsins sem þeir búa við. Sú umgjörð er loks heimfærð á íslenska garðyrkju og möguleg áhrif aðildar metin út frá því.

Í skýrslunni má sjá að rekstur garðyrkjunnar hefur verið misarðvænlegur eftir undirgreinum. Rekstrarsamsetning greinarinnar hefur breyst undanfarin ár og má sjá að fyrirtækjum hefur fækkað en rekstrareiningar stækkað. Framleiðsla hefur vaxið þegar á heildina er litið en hinsvegar hefur verðmætasköpun greinarinnar ekki haldið í við þá framleiðsluaukningu sem hefur átt sér stað í greininni. Merki er um viðsnúning á þeirri þróun í kjölfar bankahrunsins en þó á tíminn eftir að leiða í ljós hvort sú þróun verði langvinn.

Heildarfjöldi ársverka í garðyrkjunni hefur vaxið úr um 236 í 260 undanfarinn áratug en fjöldi afleiddra starfa hefur aftur á móti dregist saman úr 177 í 154 á sama tímabili. Samanlagt er því garðyrkjan að skapa um 415 ársverk og hefur sá fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarinn áratug. Fjöldi starfandi í greininni gæti hins vegar verið umtalsvert hærri, t.d. vegna hlutastarfa. Afkoma garðyrkjunnar hefur verið breytileg eftir því hvað er ræktað. Best er rekstrarniðurstaðan í grænmetis- og garðplönturækt. Afkoman er mun slakari í kartöflurækt en verst hefur hún þó verið í blómarækt.

Við afnám tolla árið 2002 var tekið upp beingreiðslukerfi í ræktun tómata, gúrku og papriku. Beingreiðslur námu 195 milljónum árið 2002 en eru áætlaðar um 228 milljónir árið 2010. Ræktun á þeim tegundum sem tilheyra beingreiðslukerfinu hafa tekið nokkrum breytingum. Ræktun á papriku hefur dregist umtalsvert saman en vaxið í ræktun á tómtum og gúrku. Þróunin hefur ekki verið einsleit í öllum undirgreinum sem sést t.d. á minni ræktun papriku og mikilli aukningu í gúrku- og tómatarækt. Gúrkuræktin virðist standa best að vígi og geta staðið af sér samdrátt í beingreiðslum. Svo virðist sem innlend framleiðsla á gúrkum sé að fullu samkeppnisfær við þá erlendu, þrátt fyrir minnkandi niðurgreiðslur.

Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um reynslu Finna af aðild að ESB og þá þróun sem átt hefur sér stað þar frá aðild. Af reynslu Finna má sjá að garðyrkjan hefur tekið nokkrum breytingum og aðlagð sig að breyttum aðstæðum. Opnun markaðar hefur gert það að verkum að innlendir aðildar eru hættir að rækta margskonar blóm og hafa þess í stað fundið sínu fyrirtæki farveg í ræktun á pottaplöntum eða öðrum tegundum grænmetis og ávaxta. Fyrirtæki hafa stækkað og þeim hefur fækkað en samt sem áður er það flatarmál sem fer undir ræktun óbreytt. Rekstrarafkoma garðyrkjunnar versnaði nokkuð við aðild en hefur hinsvegar jafnað sig og er afkoman nú svipuð og fyrir aðild. Athygli vekur að afkomuþróunin í finnskri garðyrkju hefur verið töluvert hagfelldari en landbúnaðarins í heild. Um 40% af styrkjum í finnskum landbúnaði eru greiddir af ESB og 60% af finnska ríkinu. Hinsvegar ef skoðaðir eru einvörðungu styrkir til garðyrkjunnar þá eru þeir nær einvörðungu fjármagnaðir af finnska ríkinu. Kostnaður við niðurgreiðslur í garðyrkjunni myndu því falla að nær öllu leyti á íslenska ríkið ef Ísland gerðist aðili að ESB.

Í skýrslunni var áætlað hvernig íslensk garðyrkja kæmi út í því rekstrar- og styrkjaumhverfi sem finnskum garðyrkjufyrirtækjum er búið. Styrkir lækka um ríflega helming í þeim greinum sem tilheyra núverandi beingreiðslukerfi (tómatar, gúrkur og paprikur) og versnar afkoman við það nokkuð. Tekjusamdrátturinn gæti orðið af þeim sökum um 9% í tómatarækt, 17% í gúrkurækt en ríflega 21% í paprikurækt. Ætla má að kostnaður lækki í fyrrgreindri ræktun um 6%. Ræktun á tómötum og gúrkum kemur best út í þessum samanburði. Afkoman versnar vegna lægri styrkja en þrátt fyrir það er breytingin á afkomu ekki afgerandi og því ólíklegt að ræktunin, sem er arðbær í dag, verði óarðbær eftir inngöngu í ESB. Meiri óvissa ríkir um ræktun á papriku. Ræktunin hefur dregist töluvert saman eftir að tollar voru afnumdir árið 2002. Paprikuræktin er háðust styrkjum af tegundunum þremur sem tilheyra beingreiðslukerfinu í dag. Markaðshlutdeild paprikuræktar hefur dregist saman undanfarin ár og margt bendir til þess að arðsemi ræktunarinnar sé lítil. Ætla má að ræktunin dragist frekar saman við aðild.

Niðurfelling tolla á grænmeti hefur orðið til þess að fleiri tegundir grænmetis innan þeirra greina sem hljóta styrki eru framleiddar. Sú þróun gefur til kynna að innlenda framleiðslan sé að þjóna betur markaðnum og hún sé drifin áfram af markaðsöflum. Þetta kemur sérstaklega í ljós ef skoðuð er aukin framleiðsla á kirsuberjatómötum og breytt samsetning á paprikurækt gefur það til kynna að ræktunin héraðs sé að bregðast við eftirspurn neytenda og þörfum þeirra í auknum mæli. Ræktun kirsuberjatómata hér á landi

sýnir að mögulegt er að rækta vöru á arðbæran máta án þess að styrkir séu ráðandi hluti af tekjum ræktenda.

Samþjöppun hefur átt sér stað í kartöflurækt hérlendis sem sést á því að framleitt magn hefur staðið í stað en fjöldi fyrirtækja hefur dregist saman. Staða greinarinnar rekstrarlega séð virðist ekki vera nægilega sterk, auk þess sem skuldsetning hefur aukist. Þó hefur hagnaður verið af greininni að meðaltali undafarin ár en eiginfjárstaðan er veik.

Staða íslenskrar blómaræktar er slök og ætla má að erfitt verði fyrir greinina að umbera fyrirsjáanlegt tekjutap við aðild. Blómaræktun nýtur tollverndar við núverandi aðstæður sem myndi falla niður við aðild. Rekstur blómabúa hérlendis hefur verið slakur undanfarin ár og greinin virðist standa verst af greinum garðyrkjunnar. Erfitt er að sjá það fyrir sér að mörg blómabú geti umborið óumflýjanlegan tekjusamdrátt við aðild að ESB.

Af niðurstöðum skýrslunnar má ráða að heildaráhrifin á garðyrkjuna verða umtalsverð ef til aðildar kemur. Framleiðslusamsetning garðyrkjunnar mun að öllum líkindum breytast og aðlagast breyttu umhverfi og er samdráttur óumflýjanlegur í ræktun sumra tegunda.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	13
	FYRRI HLUTI: STAÐA GARÐYRKJUNNAR Á ÍSLANDI	14
2	YFIRLIT YFIR STÖÐU GARÐYRKJUNNAR	14
2.1	Tæknileg skilgreining flokka	14
2.1	Framleiðslusamsetning grænmetis	14
3	STUÐNINGUR VIÐ GARÐYRKJUNA	15
3.1	Tollar á grænmeti og garðyrkjuna - Söguleg þróun	15
3.1	Aðlögunarsamningur	16
3.1.1	Framlenging aðlögunarsamnings	17
3.2	Fjárhagslegur ávinningur aðlögunarsamningsins.....	17
3.3	Upptaka tolla á ný	18
3.4	Tollafsláttur á aðföngum	18
4	FJÖLDI FYRIRTÆKJA OG STARFA	19
4.1	Fjöldi beinna og afleiddra starfa.....	19
4.1.1	Afleidd störf	20
4.1.2	Fjöldi fyrirtækja	21
5	VELTA OG FRAMLEIÐSLA	21
5.1	Verðmætasköpun og þjóðhagslegt mikilvægi.....	22
5.2	Grænmetis- og garðplönturækt.....	22
5.3	Korn- og jarðrækt	23
5.3.1	Kartöflurækt	24
6	TÓMATAR, GÚRKUR OG PAPIKA	25
6.1.1	Verðþróun frá afnámi tolla.....	25
6.2	Gúrkur	27
6.3	Tómatar	29
6.3.1	Kirsuberjatómatar	31
6.4	Paprika.....	32

6.4.1	Framleiðslusamsetning papriku	34
6.5	Fjöldi beingreiðsluhafa.....	34
6.6	Áhrif afnáms tolla á grænmeti.....	35
6.6.1	Samanburður á verði og kostnaði	35
7	REKSTRARAFKOMA GARÐYRKJUNNAR	37
7.1	Helstu hugtök	37
7.2	Efnahagsyfirlit í garðyrkju - helstu stærðir og hlutföll	37
7.3	Rekstraryfirlit - helstu stærðir og hlutföll	40
7.4	Gjaldþrot og nýskráningar.....	42
7.5	Framleiðni garðyrkjunnar.....	42
7.5.1	Aðrir mælikvarðar á framleiðni	43
7.5.2	Framleiðni gróðurhúsa	46
	SÍÐARI HLUTI: GARÐYRKJA Í FINNLANDI, ÍSLANDI OG ESB	48
8	ÍSLENSK GARÐYRKJA Í FINNSKU UMHVERFI	48
9	FINNSKUR LANDBÚNAÐUR: UPPBYGGING OG SÖGULEGT YFIRLIT	49
9.1	Þróun garðyrkjunnar.....	50
9.1.1	Ræktun í gróðurhúsum.....	51
9.1.2	Grænmetisræktun í gróðurhúsum - undirflokkar	52
9.1.3	Rósir í gróðurhúsum	53
9.1	Útiræktun.....	54
9.1.1	Útiræktað grænmeti - sundurliðun	54
10	REKSTRARUMHVERFI FINNSKRAR GARÐYRKJU	56
10.1	Styrkir í finnskum landbúnaði og garðyrkju.....	57
10.2	Heildarstuðningur til landbúnaðar	58
10.3	Styrkir til garðyrkjunnar	59
10.3.1	Ræktunarstyrkir í gróðurhúsum	60
10.3.2	Aðrir styrkir til garðyrkjunnar	61

10.4	Styrkir til útiræktunar	62
10.4.1	Geymslustyrkir og aðrir styrkir.....	62
11	REKSTRARYFIRLIT LANDBÚNAÐARINS	63
11.1	Rekstraryfirlit garðyrkjunnar	64
12	REKSTRARYFIRLIT - FADN OG ECONOMY DOCTOR.....	65
12.1	Rekstur bóa - dæmi.....	66
12.1.1	Styrkir í hlutfalli við tekjur	66
12.2	Samanburður á styrkjum í Finnlandi og í ESB.....	67
13	ÍSLENSK BÚ Í FINNSKU UMHVERFI	69
13.1	Ræktun í gróðurhúsum í finnsku umhverfi.....	69
13.1.1	Áhrif á verð og selt magn.....	70
13.2	Gróðurhúsarækt - tómatar, paprika og gúrka.....	71
13.2.1	Áætlun á tekjum.....	71
13.2.2	Áætlun á kostnaði	72
13.2.3	Breyting einstakra kostnaðarliða.....	73
13.3	Gúrkurækt.....	73
13.4	Paprikurækt.....	75
13.5	Tómatarækt.....	77
13.6	Blómarækt	79
13.6.1	Forsendur útreikninga	79
13.6.2	Áætluð áhrif á blómarækt	80
13.6.3	Rósaræktun í finnsku umhverfi.....	81
13.7	Svæðisbundinn munur á styrkjum	82
14	NIÐURLAG.....	83
15	HEIMILDASKRÁ	87
16	VIÐAUKI.....	89

Myndayfirlit:

Mynd 1: Framleiðslusamsetning innlends grænmetis.....	15
Mynd 2: Framleiðslu- og vinnsluvirði í grænmetis- og garðplönturækt á föstu verðlagi..	22
Mynd 3: Framleiðslu- og vinnsluvirði í korn-, gras- og jarðrækt á föstu verðlagi	24
Mynd 4: Framleiðsla og innflutningur á kartöflum hérlendis.....	25
Mynd 5: Smásöluverð á tómötum, gúrkum og papriku(þróun frá 1997 til 2009)	26
Mynd 6: Innlend framleiðsla og innflutningur á gúrkum..	27
Mynd 7: Skilaverð, innflutningsverð, beingreiðslur og verð til bænda í gúrkurækt.....	28
Mynd 8: Innlend framleiðsla og innflutningur á tómötum..	29
Mynd 9: Skilaverð, innflutningsverð, beingreiðslur og verð til bænda í tómatarækt.	30
Mynd 10: Innlend framleiðsla á kirsuberjatómötum.....	31
Mynd 11: Innlend framleiðsla og innflutningur á papriku.....	32
Mynd 12: Skilaverð, innflutningsverð, beingreiðslur og verð til bænda í paprikurækt....	33
Mynd 13: Fjöldi fyrirtækja í garðyrkju.....	50
Mynd 14: Heildarstærð lands undir ræktun í garðyrkju.....	50
Mynd 15: Meðalstærð garðyrkjubýla flokkað eftir gerð.....	51
Mynd 16: Flatarmál undir ræktun í gróðurhúsum(hektarar).....	52
Mynd 17: Ræktað magn grænmetis í gróðurhúsum í Finnlandi.	53
Mynd 18: Fjöldi fermetra undir afskorin blóm í Finnlandi.....	53
Mynd 19: Fjöldi hektara í útirækt flokkað eftir afurðum.....	54
Mynd 20: Styrkveitingasvæði í finnskum landbúnaði	57
Mynd 21: Gúrkurækt í finnsku umhverfi (m.kr).....	74
Mynd 22: Paprikurækt í finnsku umhverfi (m.kr).....	76
Mynd 23: Tómatarækt í finnsku umhverfi(m.kr).....	78
Mynd B- 1: Laun og tengd gjöld í ræktun grænmetis, og garðplöntuframleiðslu.....	89
Mynd B- 2: Framleiðsluvirði kartöfluræktar á breytilegu og föstu verðlagi. (Ísland).....	90
Mynd B- 3: Græn paprika, skilaverð og heildarverð. (Ísland).....	90
Mynd B- 4: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði. (Ísland).....	91
Mynd B- 5: Hlutfall beingreiðslu af skilaverði. (Ísland).....	92
Mynd B- 6: Verðbólga á Íslandi og Finnlandi frá 1995.....	97
Mynd B- 7: Hagvöxtur á Íslandi og Finnlandi frá 1995.....	97
Mynd B- 8: Styrkir, velta og hlutfall styrkja af heildartekjum (Ísland).....	98
Mynd B- 9: Fjöldi fermetra undir ræktun í á rósum á Íslandi.....	98

Töfluyfirlit:

Tafla 1: Styrkir og stuðningur við grænmetisframleiðslu.....	17
Tafla 2: Fjöldi ársverka og starfandi í garðyrkju (ÍSAT 95 flokkun)	19
Tafla 3: Fjöldi afleiddra starfa í garðyrkjunni (ársverk)	20
Tafla 4: Fjöldi fyrirtækja sem greiða laun (endurgjald) eftir tegund framleiðslu ¹	21
Tafla 5: Hlutdeild landbúnaðar og garðyrkju í VLF (ÍSAT 95 flokkun).....	22
Tafla 6: Framleiðsla á kirsuberjatómötum.....	31
Tafla 7: Samsetning framleiðslu á papriku eftir tegundum.....	34
Tafla 8: Fjöldi handhafa beingreiðslna eftir tegundum.....	34
Tafla 9: Hlutfall innflutningsverðs af heildarverði	36
Tafla 10: Grænmeti og garðplöntur (m.kr)	38
Tafla 11: Blómarækt (m.kr)	38
Tafla 12: Kartöflurækt (m.kr)	38
Tafla 13: Rekstraryfirlit kartöfluræktunar.....	40
Tafla 14: Blómarækt	40
Tafla 15: Grænmetis- og garðplönturækt.....	41
Tafla 16: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði.....	43
Tafla 17: Mælikvarðar á framleiðni og arðsemi	44
Tafla 18: Fjöldi fermetra undir ræktun helstu tegunda	46
Tafla 19: Framleiðni gróðurhúsa – (fjöldi kg á hvern fermeter).....	46
Tafla 20: Útiræktun frá 1990 eftir tegundum og uppskeru	55
Tafla 21: Mikilvægustu afurðir garðyrkjunnar (Verð til ræktenda).....	56
Tafla 22: Heildastuðningur við landbúnað í Finnlandi	58
Tafla 23: Styrkir til garðyrkjunnar (í miljónum €).....	59
Tafla 24: Styrkir til gróðurhúsaræktunar eftir lengd ræktunartíma (€/m ²)	60
Tafla 25: Geymslustyrkir (€/m ³).....	62
Tafla 26: Tekju- og kostnaðaryfirlit landbúnaðar og garðyrkju (á verðlagi hvers árs).....	63
Tafla 27: Rekstraryfirlit garðyrkjunnar frá 1992 til 2008 ¹	64
Tafla 28: Tekjuskipting býlis í grænmetisrækt í gróðurhúsum (€ per býli að meðaltali) ..66	
Tafla 29: Styrkir sem hlutfall af tekjum (%).....	66
Tafla 30: Hlutfall styrkja af heildarveltu garðyrkjunnar í löndum ESB árið 2007 ¹	68
Tafla 31: ¹ Styrkir til beingreiðsluhluta grænmetisræktar í finnsku umhverfi (mv. 2008) ..69	
Tafla 32: ¹ Hlutfall beingreiðslna af heildarverði á Íslandi.....	70
Tafla 33: Gúrurækt í finnsku styrkjaumhverfi(m.kr) ¹	74

Tafla 34: Paprikurækt í finnsku styrkjaumhverfi(m.kr) ¹	76
Tafla 35: Tómatarækt í finnsku styrkjaumhverfi (m.kr) ¹	77
Tafla 36: Afkoma blómaræktar m.v. 30% verðlækkun (m.kr)	80
Tafla A- 1: Skipting styrkja eftir flokkum (Ísland).....	89
Tafla A-2: Nýskráningar fyrirtækja samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfi	89
Tafla A- 3: Gjaldþrot fyrirtækja samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfi	90
Tafla A- 4: Hlutfall innflutningsverðs af skilaverði.....	91
Tafla A- 5: Fjöldi fyrirtækja í úrtaki Hagþjónustunnar.....	91
Tafla A- 6: Framleiðsluvirði í landbúnaði og garðyrkju á verðlagi hvers árs.....	91
Tafla A- 7: Framleiðsluvirði í landbúnaði og garðyrkju á föstu verðlagi (2007)	92
Tafla A- 8: Rekstrarafgangur atvinnugreina 1997-2007 (á föstu verðlagi, 2007)	92
Tafla A- 9: Fjöldi starfandi í landbúnaðu skipt eftir búgreinum frá 1998 til 2005	93
Tafla A- 10: Paprika(samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)	93
Tafla A- 11: Gúrkur (samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)	93
Tafla A- 12: Tómatar (samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)	93
Tafla A- 13: Hlutfall innflutningsverðmætis af heildarverði(per kg) á Íslandi.....	93
Tafla A- 14: Hlutfall beingreiðslu af skilaverði á Íslandi	94
Tafla A- 15: Ræktun á tómötum lengur en í 10 mánuði á ári í Finnlandi.....	94
Tafla A- 16: Ræktun á gúrkum lengur en í 10 mánuði á ári í Finnlandi.....	94
Tafla A- 17: Gúrkurækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr).....	94
Tafla A- 18: Tómatarækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr).....	95
Tafla A- 19: Paprikurækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr)	95
Tafla A- 20: Afkoma blómaræktarinnar m.v. 40% lækkun (m.kr).....	96
Tafla A- 21: Hlutfall tegunda ef m.v. er við fjölda hektara.	96
Tafla A- 22: Hlutfall tegunda af heildaruppskeru (ef m.v. er við uppskeru í kg.).....	96
Tafla A- 23: Uppskeyra á fermeter í Finnlandi (kg/m ²)	97

1 Inngangur

Árið 2002 voru tollar afnumdir af innflutningi á gúrkum, paprikum og tómötum. Samhliða þeirri tollaniðurfellingu var undirritaður aðlögunarsamningur milli stjórnvalda og Sambands garðyrkjubænda og Bændasamtaka Íslands um aðgerðir til að auðvelda aðlögun að breyttu rekstrarumhverfi. Í stað tolla var tekið upp beingreiðslu- og styrkjakerfi. Í skýrslunni er leitast við að greina áhrif afnáms tolla og hvaða lærdóm hægt sé að draga af þeirri reynslu þegar horft er til hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu. Aðallega verður sjónum beint að fyrrgreindum þremur grænmetistegundum og greind áhrif niðurfellingar innflutningstolla. Út frá þeirri greiningu og reynslu annarra þjóða verða áhrif frekara afnáms metin.

Skoðaður er rekstur undirflokkar garðyrkjunnar og arðvænleiki kannaður. Dregnar eru fram lykiltölur um mikilvægi garðyrkjugeirans fyrir þjóðarbúið í heild, s.s. verðmæti og umfang framleiðslu, hlutdeild í verðmæti landbúnaðarframleiðslu, þróun beins og óbeins stuðnings og verðmætasköpun.

Í fyrri hluta skýrslunnar er yfirlit yfir framleiðslu á grænmeti héraendis og þjóðhagslegt mikilvægi garðyrkjunnar. Í öðrum hluta er greining á stuðningi og styrkjum til handa garðyrkjunni. Í þriðja og fjórða hluta er rekstrarleg greining á garðyrkjunni, skoðaður er fjöldi fyrirtækja, starfa og afleiddra starfa. Þar að auki eru teknar saman helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningi til að skoða betur þá stöðu sem uppi er í hverri grein. Loks er framleiðni garðyrkjunnar metin og þróun hennar skoðuð frá afnámi tolla árið 2002.

Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu á garðyrkjuna. Einkum verður þar horft til reynslu Finna í þeim efnum og reynt að heimfæra finnsk gögn upp á íslensku garðyrkjuna. Lagt er mat á hvaða breytingar aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti haft á íslenska grænmetisbændur í ljósi reynslu Finna.

Fyrri hluti: Staða garðyrkjunnar á Íslandi


2 Yfirlit yfir stöðu garðyrkjunnar

2.1 Tæknileg skilgreining flokka


Garðyrkjunni er hægt að skipta í fjórar megin undirgreinar; blóma-, garðplöntu-, grænmetis- og kartöfluræktun. Í tölum Hagstofunnar er garðyrkjan flokkuð samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfinu í flokkana 01.11 Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt og 01.12 Ræktun grænmetis, ylækt og garðplöntuframleiðsla auk undirflokka¹. Fyrstu þrem flokkum garðyrkjunnar; blóma-, garðplöntu-, grænmetisræktun, eru gerð skil í síðarnefnda flokknum en kartöfluræktin tilheyrir fyrri flokknum. Athuga ber að þegar vísað er til garðyrkjunnar í þessar skýrslu er vísað til allra fjögurra undirgreina hennar sem nefndar eru hér að ofan.

2.1 Framleiðslusamsetning grænmetis

Af mynd 1 hér að neðan má sjá framleiðslusamsetningu grænmetis hérlendis. Athuga ber að ekki er um að ræða tæmandi lista á þeim tegundum sem eru framleiddar eru hérlendis en óverulegt magn er framleitt af öðrum tegundum. Ræktun á kartöflum er tekin sérstaklega fyrir og er ekki hluti af framleiðslusamsetningunni hér að neðan. Sjá kafla 5.3.1.



¹ Stundum er vísað í undirflokka ÍSAT 95 flokkunarkerfisins. Slíkir flokkar bera 5 stafa ÍSAT númer. Undirflokkarnir eru eftirfarandi; „01.11.1 Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt“, „01.11.2 Kartöflurækt“, „01.12.2 Blómarækt“ og „01.12.1 Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla“.



Mynd 1: Framleiðslusamsetning innlands grænmetis.

Heimild: Magnús Ágústsson (2009)

Heildarframleiðsla grænmetis hefur vaxið um tæp 40% á tímabilinu frá 1995 til 2008, eða úr 4.257 tonnum árið 1995 í 6.314 tonn 2008. Framleiðslusamsetning grænmetis hérlendis hefur breyst nokkuð á tímabilinu líkt og má sjá á mynd 1 hér að ofan. Hluttur tómata og gúrka hefur vaxið mest og hefur samanlagður hluttur þeirra vaxið úr tæpum 32% í um 50% af heildarframleiðslu. Athygli vekur að rúmlega helmingur af þeirri aukningu átti sér stað eftir að tollar voru afnumdir á þessum tegundum árið 2002. Tollar voru auk þess afnumdir af papriku árið 2002 en hluttur hennar af heildarframleiðslu hefur dregist saman, úr 4,4% í 2,7%. Þær tegundir sem hafa minnkað hvað mest sem hlutfall af heildarframleiðslu eru gulrófur, úr 23,7% í 13,8%, hvítkál, úr 14,7% í 6,9%, og kínakál úr, 7,1% í 3,6%.

3 Stuðningur við garðyrkjuna

Í þessum kafla er leitast við að tilgreina og fara yfir beinan og óbeinan stuðning við garðyrkjuna. Er það gert til að fá skýrari sýn á þær breytingar sem hugsanlega munu eiga sér stað ef samþykkt verður að ganga í Evrópusambandið.

3.1 Tollar á grænmeti og garðyrkjuna - Söguleg þróun

Árið 2002 var ráðist í viðamiklar breytingar á tollum á afurðir garðyrkjunnar. Tollar voru felldir niður á þremur tegundum grænmetis; tómtömum, gúrkum og papriku, auk þess sem tollvernd annarra afurða var breytt. Samhliða niðurfellingu tolla þá var undirritaður aðlögunarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Sambands garðyrkjubænda/Bændasamtaka Íslands (Aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, 2002).

Á þeim afurðum sem tollvernd var afnumin var samið um árlegar beingreiðslur sem áttu að styðja við greinina og stuðla að því að hún geti aðlagast þeirri auknu samkeppni sem fólst í niðurfellingu tolla. Fyrir árið 2002 voru tollar notaðir í miklum mæli til að jafna stöðu greinarinnar og voru notaðir bæði magn- og verðtollar. Tollarnir voru þó ekki ætíð þeir sömu milli ára og tóku mið af stöðu innlendar framleiðslu í viðkomandi greinum. Oft var því ákvörðun tolla flókin og ógagnsæ.

Samkvæmt samkomulaginu var verðtollur á öllum grænmetistegundum, sveppum og kartöflum sem numið hafði um 30% afnuminn. Magntollur var lagður á sveppi, og kartöflur. Í samningnum segir að magntollurinn eigi þó ekki að skapa umframvernd sem gæti leitt til tímabundinnar hækkunar. Þær greinar sem enn njóta tollverndar eru útiræktað grænmeti, sveppir og kartöflur. Tollvernd greinanna miðast þó að mestu við innlenda framleiðslu og engin vernd er til staðar þegar innlenda framleiðslan annar ekki eftirspurn.

3.1 Aðlögunarsamningur

Samkomulag garðyrkjubænda og ríkisins var undirritað snemma árs 2002 og var gildistími aðlögunarsamningsins upphaflega til loka árs 2011. Samningurinn var framlengdur til ársloka 2013 sumarið 2009. Sjá nánar í kafla 3.1.1.

Helstu markmið samningsins voru eftirfarandi:

- Lækka verð á afurðum garðyrkjunnar til neytenda hvort sem um var að ræða innflutta eða innlenda framleiðslu.
- Auka hagræði í greininni og bæta samkeppnishæfni innlendar framleiðslu til hagsbóta fyrir bæði neytendur og frameiðendur.
- Treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda
- Bæta tækifæri í markaðssetningu og framleiðslu á innlendu grænmeti þegar hún er til staðar af nægilegu magni og gæðum.

Samkvæmt forsendum samningsins var gert ráð fyrir 2,5 prósentu hagræðingarkröfu í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands. Fyrirkomulag beingreiðslna er með þeim hætti að ákveðinni fjárhæð er úthlutað til málaflokksins og er því deilt á tegundir. Beingreiðsla viðkomandi tegundar er deilt með fjölda framleiddra kílóa og með því móti fæst beingreiðsla á hvert framleitt kíló. Magn innlendar framleiðslu hefur því mikil áhrif á hve há beingreiðsla á hvert kíló er því fjárhæð til beingreiðslna tekur litlum breytingum frá ári til árs. Í aðlögunarsamningnum segir að ef framleiðsla dregst mikið saman þá geti beingreiðsla á hverja einingu þó ekki hækkað meira en um 5% milli ára.

3.1.1 Framlenging aðlögunarsamnings

Eftir hrun bankanna haustið 2008 ákváðu stjórnvöld að lækka greiðslur til bænda fyrir árið 2009. Aðlögunarsamningurinn var endurskoðaður um mitt sumar 2009 og var þar fallist á að framlengja samninginn til loka árs 2013 eða um tvö ár. Samkvæmt samningnum hækka greiðslur um 2% árið 2010. Á tímabilinu 2011 til 2013 hækkar greiðslan um 2% árlega. Þar að auki hækkar greiðslan á árunum 2011 til 2013 í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs en greiðslan mun þó einungis hækka um helming hækkunar vísitölunnar. Þó mun greiðslan ekki hækka um meira en sem nemur 5% á milli ára.

3.2 Fjárhagslegur ávinningur aðlögunarsamningsins

Í aðlögunarsamningnum er kveðið á um margskonar aðstoð. Sú veigamesta er beingreiðslur á hvert framleitt kíló í gúrku-, tómata- og paprikurækt. Þar að auki eru styrkir vegna dreifingar rafmagns, úreldingar gróðurhúsa, framlag til kynningar, endurmenntunar og rannsókna.² Í töflu 1 hér að neðan má sjá samantekt á þeim fjárhæðum sem hefur verið varið til garðyrkjunnar samkvæmt samningnum. Heildargreiðslur á tímabilinu 2002 til 2010 nema tæpum 3,2 milljörðum króna. Hæstu greiðslurnar eru vegna beingreiðslna, tæpar 1.887 milljónir, en 968 milljónir vegna niðurgreiðslna á dreifingarkostnaði rafmagns.

Tafla 1: Styrkir og stuðningur við grænmetisframleiðslu

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ³	Samtals
Beinar greiðslur	195	192	195	199	207	219	229	223 ⁴	228	1.887
Niðurgr. á lýsingu í ylrækt⁶	17	34	43	111	110	150	179	161 ¹	165	968
Kynningar og rannsóknir	12	26	19	14	19	5	39	39 ²	29	201
Úrelding gróðurhúsa⁵	27	27	27	27	27					132
Samtals	251	279	284	351	363	373	446	424	421	3.188

Heimild: Ólafur Friðriksson (2009) 1. Upphæð fyrir árið 2009 er fjárheimild til málaflokksins. 2. Samtals á árinu 2009 ef allar styrkbeiðnir verða afgreiddar. 3. Upplýsingar fyrir árið 2010 úr fjárlögum. 4. Samkvæmt reglugerð 5. Heildarupphæð 132 m.kr. frá 2002-2006. Árlegar upphæðir áætlaðar, samningur rann út árið 2006. 6. Niðurgreiðslur eru vegna dreifingar á rafmagni.

Beingreiðslurnar hafa hækkað úr 195 milljónum árið 2002 í 228 milljónir árið 2010. Miðað við upphaflega samninginn var gert ráð fyrir 2,5% hagræðingarkröfu árlega. Ef skoðaður er árlegur vöxtur verðlags og árleg hækkun beingreiðslna á tímabilinu 2002 til 2008 má sjá að hagræðingarkrafan á garðyrkjuna hefur verið um það bil í samræmi við það, um 2,4% árlega.³ Hins vegar var skerðing vegna ársins 2009 umtalsverð. Ef skoðað er tímabilið 2002 til 2009 þá nemur áætluð árleg hagræðingarkrafa um 3,8%. Skerðingin umfram upphaflega hagræðingarkröfu er því ríflega 15%.

² Styrkurinn er ætlaður til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt.

³ Miðað við úthlutun beingreiðslna á raunvirði þá hefur árleg hagræðingarkrafa verið um 2,4% á tímabilinu 2002 til 2008.

Í hinum nýja samningi frá árinu 2009 er fallið frá ákvæði um árlega 2,5% hagræðingarkröfu. Þó er hugsanlegt að raunvirði greiðslna lækki ef verðbólga verður mikil. Fjárhæð til málaflokksins mun að öllum líkindum skerðast lítillega að raunvirði árið 2010. Óljóst er hvort raunvirði samningsins skerðist eftir það og þá hve mikið. Ef verðbólga verður hófleg, líkt og margar spár benda til um þessar mundir, mun hagræðingarkrafan verða lægri en í fyrri samningi. Ljóst er að verðbólga þarf að vera um 5%⁴ árlega til að árleg hagræðingarkrafa verði sambærileg fyrri samningi. Ef verðbólga er hærri en 5% að meðaltali er hagræðingarkrafan hærri.

Niðurgreiðsla á lýsingu vegna ylræktar hefur margfaldast á tímabilinu. Þessa miklu hækkun má rekja til kerfisbreytingar sem átti sér stað árið 2004 í niðurgreiðslum vegna lýsingar (Ólafur Friðriksson, 2009). Af töflu 1 hér að ofan má sjá að styrkirnir tvöfölduðust milli 2004 og 2005 vegna þessa. Rétt er að benda á að styrkir vegna lýsingar einskorðast ekki við þær tegundir sem eru í beingreiðslukerfinu. Ekki hafa fengist sundurliðaðar tölur um notkun undanfarinna ára eftir tegundum og því ekki mögulegt að greina þá styrki nánar.

Heildarfjárhæð styrkja til rannsókna, kynninga, vöruþróunar, endurmenntunar og fleiri málaflokka nema 201 milljón króna á tímabilinu 2002 til 2010. Hæstu styrkirnir hafa verið veittir til þróunarmála, 59 milljónir króna, og tæplega 43 milljónir til kynningar og markaðsmála. Í töflu A-1 í viðauka má sjá sundurliðun á framlögum til garðyrkjunnar.

3.3 Upptaka tolla á ný

Árið 2007 voru gerðar breytingar á tollalögum þar sem teknir voru upp tollar að nýju á ferskt grænmeti sem flutt er inn frá löndum utan ESB. Upptaka tollsins er í samræmi við skuldbindingar EES samningsins. Engir tollar verða þó áfram á innflutning innan ESB. Tollurinn nær þó einvörðungu til tegunda sem ekki njóta annarrar verndar (ESB svör, 2009). Lítið er flutt inn af grænmeti og öðrum afurðum frá löndum utan sambandsins og hefur því tollurinn óveruleg áhrif (Ólafur Friðriksson, 2009).

3.4 Tollafsláttur á aðföngum

Önnur óbein niðurgreiðsla sem garðyrkjan hefur notið undanfarin ár er tollafsláttur á aðföngum. Slíkur afsláttur hefur verið við lýði til að ýta undir fjárfestingu í greininni. Samkvæmt reglugerðinni þá eru m.a. eftirtalin aðföng garðyrkjunnar undanþegin tolli:

⁴ Þar sem fjárhæðin hækkar alltaf um 2% og að helmingur af hækkun vísitölu neysluerðs er bættur með hærri greiðslum.

- Fjölmargar tegundir græðlinga eða annarra plantna sem ætlaðar eru til frekari ræktunar, t.d. kartöfluútsæði.
- Steinull, sérstaklega gerð til framleiðslu garðyrkjuafurða
- Háþrýstilampar og perur til lýsingar
- Forsmíðuð gróðurhús

Heimild:(Reglugerð nr. 719/2000)

Athuga ber þó að tollafslátturinn nær til fjölmargra greina, ekki einvörðungu garðyrkju.⁵

4 Fjöldi fyrirtækja og starfa

Í þessum kafla er leitast við að meta stærð greinarinnar út frá fjölda starfa, launakostnaði og fjölda fyrirtækja. Skoðuð er núverandi staða og þróun þessara málaflokka undanfarinn áratug.

4.1 Fjöldi beinna og afleiddra starfa

Í tölum frá Hagstofu Íslands sem birtust í Hagi Landbúnaðarins (Hagþjónusta Landbúnaðarins, 2009) kemur fram að alls hafi 382 starfað í aðal- eða aukastarfi við garðyrkju- eða gróðurhúsabú árið 2005. Samkvæmt tölunum hefur fjöldinn lítið breyst á tímabilinu 1998 til 2005 líkt og sjá má neðst í töflu 2 hér að neðan. Tölurnar ná einvörðungu til ársins 2005. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls í tölunum.

Í töflu 2 hér að neðan er fjöldi ársverka í garðyrkjunni áætlaður. Til að áætla fjölda ársverka eru tölur Hagstofunnar um laun og tengd gjöld fyrir flokka garðyrkjunnar notaðar.⁶ Launatengd gjöld eru áætluð 20% af launakostnaði og við áætlun á heildarlaunum í garðyrkjunni eru heildarlaun almenns verkafólks samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar notuð til viðmiðunar.⁷

Tafla 2: Fjöldi ársverka og starfandi í garðyrkju (ÍSAT 95 flokkun)

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Ræktun grænmetis og garðplantna (ársverk)	189	191	202	181	209	209	209	235	237	244	237
Korn- og jarðrækt (ársverk)	47	34	30	22	32	29	28	27	28	23	23 ¹
Fjöldi ársverka samtals	236	225	232	203	241	238	237	262	265	267	260
Fjöldi starfandi í garðyrkju- og á gróðurhúsabúum	382	380	391	389	400	390	410	382	n.a.	n.a.	

Heimild: Hagstofa Íslands (2009), Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.1. Áætlun vegna mikilla hreyfinga milli ára.

Samkvæmt þessum forsendum eru ársverk í garðyrkjunni áætluð 260 árið 2008. Fjöldinn hefur vaxið úr um 236 frá árinu 1998. Athuga ber að hér er um ársverk að ræða sem miðast við það að allir aðilar séu í fullu starfi. Nokkra athygli vekur innbyrðis þróun í fjölda ársverka annars vegar í korn- og jarðrækt og hins vegar í ræktun grænmetis- og garðplantna. Fjöldi

⁵ Nær einnig til aðfanga í kvikmyndagerð, framleiðslu iðnaðarvara og aðfanga í flugrekstri.

⁶ Tölurnar aðgengilegar í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Sjá einnig tölur af mynd B-1 í viðauka.

⁷ Launatengd gjöld eru áætluð 20%. Að þeim frádregnum er launakostnaði deilt með heildarlaunum almenns verkafólks á almennum vinnumarkaði samkvæmt starfsstéttaflokkun Hagstofunnar.

ársverka hefur dregist saman um helming innan korn- og jarðræktarinnar á sama tíma og fjórðungs aukning hefur orðið í fjölda ársverka innan ræktunar grænmetis- og garðplantna. Ef tölur um fjölda ársverka í grænmetis- og garðplönturækt eru bornar saman við fjölda starfandi í tölum Hagþjónustunnar kemur í ljós töluverður munur. Fjöldi starfandi árið 2005 var 382 en fjöldi ársverka 262 talsins.

Slíkur munur skýrist að einhverju leyti af því að ársverkin vísa til þess að viðkomandi einstaklingur sé í fullri vinnu en í tölum um fjölda starfandi er horft framhjá starfshlutfalli viðkomandi. Munurinn er þó það mikill að hann gefur til kynna að laun gætu verið lægri í greinunum en í viðmiðunarflokknum og vanmeti því fjölda ársverka.

Einnig gæti skýringin verið sú að hjá umtalsverðum hluta ræktenda sé hún gerð í hjáverkum með öðrum störfum. Þar að auki er vinna í garðyrkju að mörgu leyti árstíðabundin. Til dæmis er færri starfsfólk í greininni yfir háveturinn en yfir sumarmánuðina. Því getur fjöldi þeirra sem þiggja laun verið hærri en fjöldi ársverka.

4.1.1 Afleidd störf

Engar opinberar tölur eða áætlanir eru til um fjölda afleiddra starfa í garðyrkjunni. Í töflu 3 hér að neðan eru afleidd störf áætluð miðað við ákveðnar forsendur. Stuðst er við úrtak Hagþjónustu Landbúnaðarins á rekstri fyrirtækja í grænmetis- og garðplönturækt, blómarækt og kartöflurækt. Úrtakið er því næst notað til að áætla stærð viðkomandi greinar. Loks eru afleidd störf áætluð út frá þeim kostnaði sem viðkomandi grein leggur út fyrir.⁸ Áætlun á fjölda afleiddra starfa má sjá í töflu 3.

Tafla 3: Fjöldi afleiddra starfa í garðyrkjunni (ársverk)

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Grænmetis- og garðplönturækt	116	124	97	107	93	94	86	92	88	107
Blómarækt	36	29	25	26	29	24	30	23	25	28
Kartöflurækt	25	17	30	23	23	20	24	23	23	19
Samtals	177	170	153	156	145	138	140	138	135	154

Heimild: Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Fjöldi afleiddra starfa í garðyrkju var um 180 árið 1999 en hafði dregist saman í um 135 árið 2007. Árið 2008 fjölgaði afleiddu störfunum nokkuð og voru þau 154. Af töflu 3 má sjá að fjöldi afleiddra starfa í grænmetis- og garðplönturækt og blómarækt⁹ heldur farið fækkandi og

⁸ Innlendum kostnaði er skipt í tvo flokka, flokk þar sem launakostnaður er talinn vera hátt hlutfall þess kostnaðar sem garðyrkjan er að greiða fyrir og hins vegar lágt hlutfall kostnaðar. Stuðst er við 10% og 40% í því sambandi. Þær tölur eru áætlaðar miðað við hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum í þjónustugreinum annars vegar og heildsölu hins vegar.

⁹ Samtala flokkanna *Grænmetis- og garðplönturækt* og *blómarækt* er sambærileg við flokkinn grænmetis- og garðplönturækt í fyrri töflum.

nam fækkunin um 30% fram til ársins 2007. Líkt og áður segir þá var ákveðinn viðsnúningur árið 2008 og fjölgaði störfum nokkuð¹⁰.

4.1.2 Fjöldi fyrirtækja

Fyrirtækjum sem greiða laun innan garðyrkjunnar hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og hér að neðan má sjá þróunina.

Tafla 4: Fjöldi fyrirtækja sem greiða laun (endurgjald) eftir tegund framleiðslu¹

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Kartöflurækt	51	50	47	46	43	41	37	37	36	34	31
Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	93	93	93	95	96	88	86	76	75	71	82
Blómarækt	27	26	23	24	22	22	20	25	21	21	21
Ræktun ávaxta og berja	1	1	1	1	2	2	1	1	0	0	5
<i>Samtals</i>	172	170	164	166	163	153	144	139	132	126	139

1. Fyrirtækjum er skipt eftir ÍSAT 95 flokkunarkerfinu frá 1998-2004 en samkvæmt ÍSAT 98 frá 2005

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Mest hefur hlutfallsleg fækkun verið í kartöflurækt, 39%, 51 í 30 fyrirtæki. Fækkun fyrirtækja hefur verið um 22% í blómarækt, úr 27 í 21, og 12%, úr 93 í 82, í ræktun grænmetis og garðplantna. Athygli vekur að fyrirtækjum hefur verið að fækka en á hinn bóginn hefur framleitt magn grænmetis vaxið undanfarin ár líkt og mátti sjá í framleiðslusamsetningu grænmetis í kafla 2.1 hér að framan. Sú þróun bendir til þess að fyrirtæki séu að stækka og framleiða meira magn. Þar að auki hafa flest fyrirtæki orðið gjaldþrota í blómarækt eða 5 talsins á undanförunum áratug. Ítarlegri umfjöllun um nýskráningu og gjaldþrot fyrirtækja má finna í kafla 7.4 og í töflum A-2 og A-3 í viðauka.

5 Velta og framleiðsla

Til að fá hugmynd um stærð greinarinnar er horft til gagna í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands. Þar má finna tölur um framleiðsluvirði og vinnsluvirði atvinnugreina. Framleiðsluviði er skilgreint sem heildarverð allrar framleiðslu á heildsölustigi. Vinnsluvirði er hins vegar skilgreint sem framleiðsluvirði að frádregnum aðföngum. Vinnsluvirði er eins konar mælikvarði á þau verðmæti sem framleiðslan skapar. Þegar rætt er um verðmætasköpun í þessari skýrslu er verið að vísa til vinnsluvirðis.

¹⁰ Afleidd störf eru áætluð útfrá ákveðnum kostnaðarliðum. Umtalsverð hækkun á kostnaði átti sér stað í aðdraganda og kjölfar efnahagsbrunsins sem gæti valdið bjögum í þá veru að aukning afleiddra starfa sé hugsanlega ofmetin milli áranna 2007 og 2008.

5.1 Verðmætasköpun og þjóðhagslegt mikilvægi

Vinnsluvirði í þjóðhagsreikningum er hugtak sem notað er til að meta þann virðisauka eða verðmætasköpun sem framleiðsla afurða eða þjónustu leiðir af sér. Samtala vinnsluvirðis jafngildir vergri landsframleiðslu (VLF). Því er hægt að meta hlutfall garðyrkjunnar af landsframleiðslu. Hlutdeild ræktunar grænmetis, ylræktar og garðplöntuframleiðslu af VLF hefur dregist nokkuð saman frá árinu 1998.

Tafla 5: Hlutdeild landbúnaðar og garðyrkju í VLF (ÍSAT 95 flokkun)


	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Landbúnaður og dýraveiðar	1,64%	1,64%	1,64%	1,34%	1,37%	1,35%	1,26%	1,23%	1,17%	1,10%	1,19%
Korn- og jarðrækt	0,05%	0,04%	0,05%	0,04%	0,04%	0,03%	0,03%	0,03%	0,1%	0,02%	0,02%
Grænmetis- og garðplönturækt	0,15%	0,14%	0,14%	0,12%	0,13%	0,12%	0,12%	0,11%	0,11%	0,11%	0,13%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Taflan er flokkuð samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfinu. Hlutdeild greinanna er reiknuð sem hlutfall vinnsluvirðis af VLF. Hlutfall grænmetis og garðplönturæktar dróst saman frá 1998 til ársins 2007. Hlutdeild greinarinnar óx hinsvegar nokkuð milli árána 2007 og 2008, úr 0,11% í 0,13% af VLF. Í heild hefur hlutfall garðyrkjunnar af VLF dregist lítillega saman á tímabilinu. Til samanburðar hefur hlutfall landbúnaðar í heild af VLF lækkað töluvert meira hlutfallslega eða úr 1,64% í 1,19% á sama tímabili.

5.2 Grænmetis- og garðplönturækt

Vinnslu- og framleiðsluvirði grænmetis- og garðplönturæktar má sjá í mynd 2 hér að neðan.



Mynd 2: Framleiðsluvirði og vinnsluvirði í grænmetis- og garðplönturækt á föstu verðlagi¹¹(2007).

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

¹¹ Með föstu verðlagi er átt við að búið er að leiðrétta fyrir þær breytingar sem hafa orðið á almennu verðlagi vegna verðbólgu.


Framleiðsluvirði grænmetis og garðplantna hefur aukist umtalsvert undanfarin ár mælt á föstu verðlagi. Framleiðsluvirði greinarinnar er það heildarverð sem framleiðendur fá í sinn hlut fyrir framleiðslu sína og gefur mynd af umfangi veltu greinarinnar og mældist um 3.466 milljónir árið 2008. Framleiðsluvirðið var 1.691 milljón árið 1998 á breytilegu verðlagi¹² en 2.525 milljónir á verðlagi ársins 2007 (þ.e. eftir að búið er að taka tillit til verðbólgu frá árinu 1998). Framleiðsluvirði greinarinnar hefur því aukist um rúmlega 37% að raunvirði á tímabilinu frá 1998 til 2008.

Raunvöxtur vinnsluvirðis, verðmætasköpunar greinarinnar, hefur hins vegar ekki verið jafn mikill. Verðmætasköpun greinarinnar dróst í raun saman á tímabilinu allt frá 1998 til 2006. Verðmætasköpun greinarinnar hefur tekið við sér frá þeim tíma og óx um 10% árið 2007 en þó var mesta aukningin árið 2008 en þá óx verðmætasköpunin um ríflega 17%. Ljóst má vera að þá aukningu má rekja til gengisfalls krónunnar sem gert hefur innlenda framleiðslu mun samkeppnishæfari í verði en áður. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hefur aukning verðmætasköpunar greinarinnar verið minni en aukning framleiðsluverðmætis greinarinnar, 30,1% samanborið við 37,3%. Sjá einnig umfjöllun um framleiðni garðyrkjunnar síðar í skýrslunni.

5.3 Korn- og jarðrækt

Korn- og jarðrækt hefur ekki vegnað jafn vel og grænmetis- og garðplönturækt. Af mynd 3 hér að neðan má sjá framleiðsluvirði og verðmætasköpun korn-, gras- og jarðræktar en hvoru tveggja hefur dregist umtalsvert saman á tímabilinu frá 1998 til 2008, mælt á föstu verðlagi.

¹² Með breytilegu verðlagi eða verðlagi hvers árs er átt við að tölurnar eru ekki leiðréttar vegna hækkandi verðlags.




Mynd 3: Framleiðslu- og vinnsluvirði í korn-, gras- og annarri jarðrækt á föstu verðlagi.
Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Mælt á föstu verðlagi þá dróst framleiðsluvirði greinarinnar saman úr 936 milljónum í 785 milljónir á tímabilinu. Samdrátturinn var hlutfallslega öllu meiri í verðmætasköpun, úr 449 milljónum árið 1998 í 265 milljónir króna árið 2008, mælt á föstu verðlagi. Kartöflurækt tilheyrir fyrrgreindum flokki en ekki eru gefnar út sundurliðaðar tölur um framleiðsluvirði og vinnsluvirði eftir undirflokkum. Í næsta kafla má finna greiningu á kartöfluræktinni.

5.3.1 Kartöflurækt

Á mynd B-2 í viðauka má sjá áætlun á framleiðsluvirði kartöfluræktar frá 1999. Samkvæmt þeirri áætlun hefur framleiðsluvirði kartöfluræktarinnar aukist lítillega á tímabilinu frá árinu 1999. Það bendir til þess að samdrátturinn sé meiri í öðrum flokkum korn-, gras- og jarðræktar en í kartöflurækt. Ef horft er sérstaklega til kartöfluræktar kemur í ljós að innlend framleiðsla hefur vaxið nokkuð undanfarinn áratug en innlenda markaðshlutdeildin hefur þó farið minnkandi.



Mynd 4: Framleiðsla og innflutningur á kartöflum hérlendis.

Heimild: Hagstofa Íslands, (2009), Magnús Ágústsson (2009) og útreikningar höfunda.


Líkt og sjá má af mynd 4 þá hefur markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar farið minnkandi undanfarin ár. Markaðshlutdeildin nam ríflega 95% árið 1999 en hafði sigið niður í ríflega 80% árið 2008. Heildarmagn innlendarar framleiðslu er áætlað og nemur framleiðslan um 12.500 tonnum árið 2008 og hefur aukist úr um 9.000 tonnum árið 1999.

6 Tómatar, gúrkur og paprika

Árið 2002 voru tollar afnumdir af þremur tegundum; gúrkum, tómotum og papriku. Í eftirfarandi kafla er horft sérstaklega á þróun innflutnings og framleiðslu hérlendis á þeim tegundum. Tölur um innflutning eru fengnar frá Hagstofu Íslands en tölur um skilaverð og beingreiðslur frá Bændasamtökunum. Í eftirfarandi köflum er skoðað hvernig markaðshlutdeild, framleitt magn, innflutningur og verð hafa þróast undanfarin ár. Borin eru saman verð á innfluttum afurðum við innlenda framleiðslu og samkeppnishæfni könnuð.

6.1.1 Verðþróun frá afnámi tolla

Athyglisvert er að skoða verðþróun eftir að aðlögunarsamningurinn var tekinn upp árið 2002. Af mynd 5 hér að neðan má sjá þróun á smásöluverði á gúrku, papriku og tómotum.




Mynd 5: Smásöluverð á tómötum, gúrkum og papriku í aðdraganda og kjölfar tollaafnáms. Á verðlagi hvers árs. Meðalverð tveggja síðustu mælinga. (Ljósu beinu línurnar sýna meðalverð frá 1997 til 2001 og svo frá 2002 til 2005.) Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfundar.

Af ofangreindri mynd má sjá að smásöluverð lækkaði skart strax í kjölfar tollaafnáms. Smásöluverð á papriku lækkaði mest eða um tæpan helming. Meðalverð á papriku var 546 krónur á árunum 1997 til loka árs 2002 en lækkaði í 276 krónur að meðaltali fyrstu fjögur árin eftir afnám tolla. Þessar tölur eru á verðlagi hvers árs og því er raunverðbreytingin enn meiri en þessar tölur gefa til kynna. Tómatar lækkuðu um ríflega 40%, úr 363 krónum í 203 krónur að meðaltali, og loks lækkaði verð á gúrkum úr 311 krónum í 218 krónur að meðaltali sem jafngildir 30% verðlækkun.

Allar tegundir hafa hækkað nokkuð í verði frá árinu 2006 til ársins 2009. Verð á tegundunum hefur farið hækkandi samfara hækkun almenns verðlags. Frá byrjun árs 2006 til loka árs 2009 hefur almennt verðlag hækkað um 42% en verð á ofangreindum tegundum um 47% til 57%. Því hefur verð hækkað umfram almenna hækkun verðlags eftir umtalsverða raunverðslækkun árin á undan.

6.2 Gúrkur


Framleiðsla á gúrkum nam um 600 tonnum árið 1995. Framleiðslan jókst stöðugt til ársins 2002 þegar tollar voru afnumdir. Líkt og má sjá af mynd 6 hér að neðan dróst innlend framleiðsla lítillega saman í kjölfar afnámsins og innflutningur jókst að sama skapi.



Mynd 6: Innlend framleiðsla og innflutningur á gúrkum. Tölur eru í tonnum.

Heimild: Hagstofa Íslands (2010) og útreikningar höfundar.

Frá árinu 2004 hefur innlend framleiðsla hins vegar aukist umtalsvert á kostnað innflutnings og nam framleiðslan um 1.450 tonnum árið 2009. Frá því að tollar voru afnumdir hefur innlenda framleiðslan aukist um tæp 50% þrátt fyrir lítilsháttar samdrátt í kjölfar afnáms. Innflutningur hefur lítið breyst ef miðað er við þróun undanfarinna 15 ára. Markaðshlutdeild innlendar gúrkuræktunar var um 93% fyrir afnám tolla árið 2002, en hafði lækkað í um 75% árið 2004. Frá því ári hefur markaðshlutdeildin stígvaxið og hefur innlenda ræktunin náð sömu markaðshlutdeild og fyrir afnám tolla.



Mynd 7: Skilaverð, beingreiðslur og verð til bænda vegna gúrkuræktunar í samanburði við innflutningsverð.¹³Hlutfall beingreiðslna af heildarverði til bænda.

Heimild: Magnús Ágústsson (2010), Hagstofa Íslands og útreikningar höfundu.

Skilaverð¹⁴ á gúrkum hefur hækkað úr 104 krónum á hvert kíló frá árinu 2002 í 154 krónur árið 2008. Beingreiðslur hafa hins vegar dregist saman úr 73 krónum á hvert kíló í tæpar 56 krónur að nafnvirði árið 2009. Lækkun beingreiðslna nemur um 24% að nafnvirði en 57% að raunvirði. Af mynd 7 má sjá að ódýrara er fyrir heildsala að kaupa innlenda framleiðslu en erlenda. Athuga ber að beingreiðsla er greidd af hinu opinbera og því ber heildsalinn ekki kostnað af henni. Skilaverð á innlendri framleiðslu var 185 krónur árið 2009 en sambærileg tala fyrir innfluttar gúrkur var 211 krónur á kíló á tímabilinu.

Heildarverð¹⁵ við framleiðslu hvers kíló, eftir að búið er að taka tillit til beingreiðslu, hefur farið hækkanði að nafnvirði undanfarin ár.¹⁶ Heildarverð fyrir hvert kíló hefur hins vegar lækkað að raunvirði um 20% frá árinu 2002. Ljóst er að samkeppnishæfni ræktunarinnar hefur batnað nokkuð við fall krónunnar sem endurspeglast í hærra innflutningsverði og lægra vægi beingreiðslna af heildargreiðslum til bænda. Vægið hefur lækkað úr tæpum 40% í tæp 25%. Samkeppnishæfni innlendra gúrkuframleiðenda er því sterk um þessar mundir. Raunar er staða ræktenda það góð að innlend gúrkuframleiðsla gæti vel orðið nokkuð samkeppnishæf í verði við innflutta framleiðslu án beingreiðslna.

¹³ Cif (e. cost insurance and freight) verð vöru stendur fyrir þann heildarkostnað sem er að baki innflutningi á viðkomandi vöru. Innkaupaverð CIF er því sambærilegt við heildsöluverð. Í tilfelli grænmetisræktunarinnar er það kallað skilaverð.


¹⁴ Skilaverð er mælikvarði á markaðsverð á heildsöluþingi.

¹⁵ Heildarverð er hér skilgreint sem skilaverð auk framlags hins opinbera í formi beingreiðslna á hvert framleitt kíló. Frá sjónarmiði ræktenda er því um eins konar heildarverð að ræða.

¹⁶ Athuga ber að um beinan kostnað er að ræða og ekki tekið tillit til niðurgreiðslu á rafmagni eða öðrum ívilnunum sem gætu orsakað hærri beinan kostnað hins opinbera við framleiðslu en kemur fram í þessum tölum.

6.3 Tómatar

Framleiðsla á tómötum nam um 800 tonnum árið 1995 en hafði tvöfaldast árið 2008 og nam um 1600 tonnum.




Mynd 8: Innlend framleiðsla og innflutningur á tómötum. Tölur eru í tonnum.

Heimild: Magnús Ágústsson (2009), Hagstofa Íslands og útreikningar höfundar.

Aukningin í innlendri framleiðslu frá árinu 2001 nemur um 60% en innflutningur hefur staðið í stað á sama tímabili. Markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar hefur vaxið úr 64% árið 2001 í 70% árið 2009. Frá afnámi tollverndar greinarinnar árið 2002 hefur framleiðsla aukist hraðar en í aðdraganda afnámsins. Smávægilegur samdráttur átti sér stað árið 2002 þegar tollar voru afnumdir en aukningin var hröð eftir það.

Þróun skilaverðs, beingreiðslna og verðs til bænda má sjá á mynd 9 hér að neðan.



Mynd 9: Skilaverð, beingreiðslur og verð til bænda af ræktun tómata. Hlutfall beingreiðslna af heildarverði til bænda.

Heimild: Magnús Ágústsson (2009), Hagstofa Íslands og útreikningar höfundna.

Líkt og sjá má af mynd 9 hér að ofan þá breytist hvorki skilaverð né heildarverð á tótmötum mikið frá afnámi tolla til ársins 2006. Frá árinu 2006 hefur skilaverð til bænda hækkað umtalsvert en beingreiðsla verið að dragast saman. Beingreiðsla á hvert kíló í tómatarækt hefur lækkað úr 79 krónum á kíló í 69 krónur á kíló á nafnverði á tímabilinu 2002 til 2008 sem jafngildir um 13% lækkun. Raunlækkun beingreiðslna á sama tímabili er um 37%. Þrátt fyrir lækkun beingreiðslu hefur heildarverð til bænda hækkað. Sú hækkun skýrist af mikilli hækkun á skilaverði sem hefur hækkað um 110% frá 2002.

Vægi beingreiðslna hefur dregist saman úr 30% til 35% í upphafi tímabilsins í um 20% árið 2009. Athyglisvert er að heildarverð til bænda í ræktun tómata hefur hækkað að raunvirði um 20% frá því að tollar voru afnumdir árið 2002.


Ef skoðaður er samanburður á skilaverði og innflutningsverði þá má sjá að skilaverð hefur verið ívið herra en innflutningsverð. Hins vegar virðist verðmunurinn ekki hafa mikil áhrif á sölu þar sem framleiðsla hefur verið að aukast þrátt fyrir að verðmunur sé til staðar. Sú staðreynd að þrátt fyrir verðmun sé íslenska framleiðslan að auka við sig bendir til þess að varan sé samkeppnishæf.

Athuga ber þó að innflutningsverð gæti verið villandi þar sem tegundir tómata eru ekki aðgreindar. Ætla má að innflutningsverð kirsuberjatómata og fleiri óhefðbundinna tegunda sé umtalsvert herra en hefðbundinna tómata. Tölur hér að ofan um innlenda framleiðslu taka einungis til ræktunar á hefðbundnum tótmötum. Ætla má því að innflutningsverð á

hefðbundnum erlendum tómtum gæti verið eitthvað lægra en þessar tölur gefa til kynna þar sem ekki er um fullkomlega sambærilegar tölur að ræða.

6.3.1 Kirsuberjatómatar

Framleiðsla á kirsuberjatómötum hefur aukist umtalsvert undanfarin ár. Tölurnar hér að ofan taka ekki tillit til ræktunar kirsuberjatómata hérlendis. Af mynd 10 og töflu 6 má sjá helstu stærðir í framleiðslu á kirsuberjatómötum.



Mynd 10: Innlend framleiðsla á kirsuberjatómötum. Tölur eru í tonnum.

Heimild: Magnús Ágústsson (2009), Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfundu.

Tafla 6: Framleiðsla á kirsuberjatómötum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Selt magn, kg	25.828	22.582	47.815	70.296	118.746	164.973	229.051	213.886
Söluverðmæti, þús. kr.	10.207	8.208	21.446	35.127	62.245	99.530	153.454	144.979
Skilaverð, kr	395	363	449	500	524	603	670	678

Heimild: Magnús Ágústsson (2009)


Framleiðsla á kirsuberjatómötum hefur nærri nífaldast, úr 25 tonnum í 214 tonn, frá 2002 til 2009. Heildarverð til bænda hefur einnig hækkað umtalsvert og er það mun hærra á hvert kíló en vegna framleiðslu á hefðbundnum tómtum. Heildarverð til þeirra nam um 720 krónum á hvert kíló af kirsuberjatómötum en um 300 krónum fyrir hvert kíló af hefðbundnum tómtum. Engar tölur eru til um framleiðslukostnað eða framleiðni á hvern fermetra í gróðurhúsum vegna ræktunar mismunandi tegunda tómatu. Erfitt er því að segja til um hagkvæmni ræktunarinnar og hvort ræktendur séu að bera meira úr býtum við þessa framleiðslu. Þó má

telja líklegt að framleiðslan sé arðvænleg vegna þeirrar gríðarmiklu framleiðsluaukningar sem átt hefur sér stað. Framleiðsla á kirsuberjatómötum nam um 2,7% af heildarkílóafjölda tómata árið 2002 en hlutfallið hafði hækkað umtalsvert árið 2008 og nam þá hlutfall kirsuberjatómata 14,1% af heildarkílóafjölda. Mikilvægi þeirrar framleiðslu af heildartómataframleiðslu hefur því vaxið umtalsvert.

Ekki er mögulegt að bera saman verð innlendra kirsuberjatómata við innflutningsverð sambærilegrar vöru þar sem kirsuberjatómatar eru ekki aðgreindir frá hefðbundnum tómötum í gögnum Hagstofunnar.

6.4 Paprika

Ræktun papriku hérlandis hefur, ólíkt hinum tegundunum, ekki aukist undanfarin ár. Þvert á móti hefur ræktunin staðið í stað frá 1995. Frá 1995 fram að afnámi hafta var framleiðslan stöðug og um 200 tonn á ári.




Mynd 11: Innlend framleiðsla og innflutningur á papriku. Tölur eru í tonnum.

Heimild: Magnús Ágústsson (2009), Hagstofa Íslands (2010) og útreikningar höfundna.

Líkt og má sjá á mynd 11 hér að ofan þá dróst ræktun á papriku saman um helming strax í kjölfar afnámsins en hefur þó aukist lítillega í kjölfarið og nálgast það magn sem var framleitt áður en tollar voru afnumdir. Innflutningur hefur á sama tímabili aukist gríðarlega og rúmlega tvöfaldast frá árinu 2001.

Markaðshlutdeild innlendar papriku hefur dregist umtalsvert saman. Nam hún um 28% af heildarmagni árið 2001 en einvörðungu um 13% árið 2009 þrátt fyrir nokkra aukningu

undanfarin ár. Sú mikla aukning sem orðið hefur á innflutningi gefur til kynna að innlend framleiðsla á paprikum sé ekki jafn samkeppnishæf og ræktun tómata og gúrka. Athygli vekur að þrátt fyrir umtalsverðan samdrátt í innflutningi frá 2008 hefur innlend ræktun ekki aukist í sama mæli sem gefur til kynna að neysla á paprikum hafi dregist saman.



Mynd 12: Skilaverð, beingreiðslur og verð til bænda af ræktun litaðrar papriku. Hlutfall beingreiðslna af verði.
Heimild: Magnús Ágústsson, (2010) og útreikningar höfundu.

Ef horft er til beingreiðslna í paprikurækt þá námu þær 210 krónum á kíló árið 2002 fyrir græna papriku en 262,5 krónum fyrir aðra liti. Árið 2007 var þessi mismunun afnumin. Fram að þeim tíma hafði beingreiðslan haldist stöðug að nafnverði í báðum flokkum. Árið 2009 nam beingreiðslan 185 krónum á kíló. Nafnlækkun beingreiðslunnar nemur 29% fyrir algengustu ræktunarflokka papriku eða rúmlega helming að raunvirði. Samsvarandi mynd fyrir græna papriku má finna í viðauka, sjá mynd B-3.

Af mynd 12 má sjá verðþróun á innfluttum paprikum. Ljóst má vera að innlend framleiðsla á paprikum hefur ekki aðlagast markaðsaðstæðum jafn vel og ræktun á gúrkum og tómötum. Skilaverð innlendar framleiðslu hefur verið herra en innflutningsverð allt frá árinu 2003. Það segir þó ekki alla söguna því beingreiðslur á hvert kíló eru jafnframt hæstar í paprikurækt. Af mynd 12 sést að fyrir árið 2009 er heildarverð til ræktenda á hverju kíló af papriku um tvöfalt herra en kílóverð innfluttrar papriku á heildsölustigi.

6.4.1 Framleiðslusamsetning papriku

Í aðlögunarsamningnum milli Sambands garðyrkjubænda og ríkisins var kveðið á um að heimilt væri að greiða allt að 25% herra verð fyrir litaða papriku.¹⁷ Hluti þeirrar heimildar var nýttur á árunum 2002 til 2006. Frá árinu 2007 hefur verið greitt sama verð fyrir litaða og græna papriku. Framleiðsla á papriku skiptist í nokkra undirflokkka en þó er hægt að skipta í tvo meginflokkka, græna papriku og aðra liti.

Tafla 7: Samsetning framleiðslu á papriku eftir tegundum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Aðrir litir	40%	57%	58%	73%	76%	83%	92%	93%
Græn paprika	60%	43%	42%	27%	24%	17%	8%	7%

Heimild: Samband garðyrkjubænda (2010)

Af töflu 7 má sjá að framleiðsla á papriku hefur breyst mikið frá því að beingreiðslukerfið var tekið upp árið 2002. Á þeim tíma var græn paprika um 60% af heildarframleiðslu í greininni en árið 2009 var hlutfallið einungis 7%. Til samræmis þá hefur hlutfall annarra lita vaxið úr 40% í 93%. Hluta skýringarinnar má eflaust finna í hærri beingreiðslum á árunum 2002 til 2006 fyrir hvert kíló af litaðri papriku.

6.5 Fjöldi beingreiðsluhafa

Fjöldi aðila sem fengið hafa beingreiðslur frá ríkinu má sjá í töflu 8 hér að neðan.

Tafla 8: Fjöldi handhafa beingreiðslna eftir tegundum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Gúrkur	34	31	31	33	29	24	24	25
Paprika	26	18	14	19	12	22	11	11
Tómatar	32	27	26	26	23	22	21	22
Fjöldi handhafa	58	45	47	49	45	43	40	40

Heimild: Samband garðyrkjubænda (2010)

Af töflunni hér að ofan má sjá að fækkun hefur orðið á handhöfum beingreiðslna á tímabilinu úr 58 í 40. Athuga ber að sumir framleiðendur framleiða fleiri en eina tegund og því er summa handhafa einstakra tegunda ekki jöfn heildarfjölda handhafa. Mest hefur fækkunin orðið í paprikurækt á tímabilinu, 15 talsins. Alls þáðu 26 aðilar beingreiðslu í paprikurækt í upphafi tímabilsins en einungis 11 árið 2009. Ræktendum gúrku hefur fækkað um 9, en 10 í tómatarækt.

¹⁷ Tegundum papriku er skipt í tvo meginflokkka, græna papriku og aðra liti. Vísað er til annarra lita þegar talað er um litaða papriku. Lituð paprika er skilgreind samkvæmt eftirfarandi flokkum í skilagreinum vegna beingreiðslna, PAAL, PAGU, PAOR og PARA.

6.6 Áhrif afnáms tolla á grænmeti

Athyglisvert er að bera saman verðþróun á innlendu og innfluttu grænmeti frá afnámi tolla. Skoðuð eru CIF verð á kíló og borin saman við skilaverð innlendarar framleiðslu. Um sambærilegar tölur er að ræða, þ.e. vörurnar eru fullkomnar staðkvæmdarvörur ef gert er ráð fyrir því að þær séu af sömu gæðum. Í báðum tilfellum er um innkaupaverð á heildsölustigi að ræða.¹⁸ Í næsta kafla er gerður samanburður á heildarverði og innflutningsverði.

Nokkra athygli vekur að verð innlendarar framleiðslu er lægra en þeirrar innfluttu strax eftir afnám tolla árið 2002. Þetta má sjá af myndum 7, 9, og 12 hér að ofan þegar innflutningsverð er borið saman við skilaverð. Þetta er sambærilegt við tölur í töflu A-4 í viðauka þar sem skoðað er hve hátt hlutfall kílóverð af innfluttu grænmeti er af skilaverði innlendarar framleiðslu. Innlenda framleiðslan er í öllum þremur tegundum ódýrari árið 2002 en verð innfluttu vörunnar. Lág tölur í raungengi íslensku krónunnar, sérstaklega fyrri hluta ársins, skýrir ef til vill að hluta sterka stöðu innlendu framleiðslunnar við afnám tollverndarinnar.

Ljóst má vera ef skoðuð er tafla A-4 í viðauka að hlutfall innflutningsverðs af skilaverði hefur lækkað nokkuð sem gefur til kynna að samkeppnishæfni innlendarar framleiðslu hafi versnað frá þeim tíma. Þó hefur ræktun á gúrkum komið vel út og innlenda framleiðslan býðst á lægra verði en sú innflutta. Öll sagan er þó ekki sögð, þar sem markaðshlutdeild innlendarar framleiðslu af tómötum hefur aukist nokkuð frá afnámi tollverndarinnar en hins vegar hefur markaðshlutdeild papriku dregist umtalsvert saman. Þrátt fyrir að verð innlendarar framleiðslu hafi hækkað meira en þeirrar innfluttu þá hefur framleitt magn af tómötum aukist mikið. Raunverð til bænda hefur hækkað um 20% á tímabilinu en fallið um 13% í paprikurækt sem gæti einnig átt sinn þátt í að ræktun hennar hefur dregist saman undanfarið.

6.6.1 Samanburður á verði og kostnaði

Mikilvægt er að staldra við þegar borin eru saman skilaverð annars vegar og innflutningsverð hins vegar þar sem ekki er búið að gera ráð fyrir öllum kostnaði sem fellur til við framleiðsluna. Rétt er að skoða þann heildarkostnað sem fellur til við framleiðsluna, þ.e. samtölu skilaverðs og beingreiðslna. Þessi kostnaður er nefndur heildarverð í þessari skýrslu.¹⁹

¹⁸ Athuga ber að ræktendur hérlendis fá vissulega að auki beingreiðslur.

¹⁹ Frá sjónarhóli hins opinbera og neytenda er um heildarkostnað að ræða en heildarverð frá sjónarhóli ræktenda. Athuga ber að annar kostnaður fellur til af hálfu hins opinbera í styrkjum og niðurgreiðslu á rafmagni vegna ræktunarinnar. Ekki er tekið tillit til þess kostnaðar í þessum samanburði.

Tafla 9: Hlutfall innflutningsverðs af heildarverði

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tómatar	69%	61%	51%	65%	73%	50%	56%	62%
Paprika	42%	36%	35%	31%	31%	39%	46%	44%
Gúrkur	86%	65%	59%	54%	70%	75%	83%	97%

Heimild: Hagstofa Íslands(2010) og útreikningar höfunda.

Tafla 9 sýnir hlutfall innflutningsverðs af heildarverði. Ef hlutfallið er hærra en 1, þ.e. hærra en 100% þá er innflutta varan dýrari en heildarverð innlendar framleiðslu. Ef hlutfallið er lágt, t.d. 50%, þá er innflutta varan helmingi ódýrari en heildarverð þeirrar innlendu.

Af töflu 9 kemur bersýnilega í ljós að gúrkuræktin kemur best út í samanburði. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð en farið hækkandi frá 2005 og var árið 2009 á pari við innflutningsverð. Þetta er athyglisvert þar sem það gefur til kynna að innlenda framleiðslan geti vel þolað afnám beingreiðslna og verið samkeppnishæf við slíkar aðstæður að því gefnu að skilaverð hækki um sem nemi upphæð beingreiðslnanna.

Ef skoðaður er samanburður á heildarverði á hvert kíló og innflutningsverði papriku kemur í ljós að heildarverð við framleiðslu á hverju kíló hefur verið um tvö- til þrefalt hærra en innflutningsverð á öllu tímabilinu. Þetta má sjá af töflu 9 þar sem hlutfall innflutningsverðs af heildarverði hefur verið á bilinu 31% til 46% á tímabilinu frá 2002 til 2009. Samkeppnishæfni paprikuræktunar er því frekar veik.

Að sama skapi er innflutningsverð um 62% af heildarverði á ræktun á tómötum árið 2009. Áhugavert er að þó munurinn á heildarkostnaði og innflutningsverði sé svipaður hefur innlenda framleiðslan aukist. Hluta skýringarinnar má eflaust rekja til þess að heildarverð til ræktenda tómata hefur hækkað um 20% að raunvirði tímabilinu, þar af hefur skilaverð hækkað um 60% að raunvirði. Skilaverð til ræktenda gúrku hefur staðið í stað að raunvirði en þrátt fyrir það stendur gúrkuræktin betur að vígi í samkeppni við innflutning en tómataræktin.

Þar að auki er athyglisvert að bera saman hlutfall beingreiðslna af heildarverði til bænda. Hátt hlutfall beingreiðslna gæti gefið til kynna að framleiðsla viðkomandi greinar væri háð ríkisstuðningi. Græna línan á myndum 7, 9, 10 og 12 hér að ofan sýnir hlutfall beingreiðslna af heildarverði. Hlutfallið er hæst í paprikuræktinni, um 30% árið 2008, en hefur þó lækkað úr um 65% frá árinu 2002. Sambærilegar tölur fyrir tómatarækt er úr 32% í 15% og í gúrkuræktinni hefur þróunin verið úr 38% í 22%.

Líkt og áður þá reiðir paprikuræktin sig á hæstan stuðning hlutfallslega. Sem bendir til að greinin komi ekki til með að verða sjálfbær í náinni framtíð og þurfi alltaf að treysta á stuðning ríkisins til að vera samkeppnisfær að öllu óbreyttu. Sérstaklega í ljósi þess að innlend framleiðsla hefur staðið í stað.

7 Rekstrarafkoma garðyrkjunnar

Stuðst er við úrtak Hagbjónustu Landbúnaðarins frá 1999 til 2007. Rétt er að benda á að um úrtak er að ræða og stærðir ekki áætlaðar fyrir alla greinina miðað við úrtakið í þessari greiningu. Teknar eru saman helstu stærðir og hlutföll úr efnahags- og rekstrarreikningi og sýndar í töflum hér að neðan.

7.1 Helstu hugtök

Eiginfjárlutfall segir til um hversu stór hluti eigið fé er af heildarfjármögnun viðkomandi félags eða greinar.²⁰ Almenn er hægt að segja að fyrirtæki séu fjárhagslega sterkari eftir því sem eiginfjárlutfallið er hærra. Ef hlutfallið er lágt bendir það til þess að verið sé að byggja greinina upp á lánsfé í stað hagnaðar fyrri ára eða nýfjárfestingu.

Veltufjárlutfall segir til um getu viðkomandi fyrirtækis eða greinar til að greiða niður skammtímaskuldir. Veltufjárlutfall er skilgreint sem hlutfall veltufjármuna²¹ af skammtímaskuldum. Æskilegt er að veltufjárlutfallið sé stærra en 1 til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki sé í stakk búið til að standa við þær skuldir sem falla á gjalddaga næsta árið. Ef hlutfallið er ekki hærra en einn er hætta á að viðkomandi fyrirtæki lendi í greiðsluerfiðleikum í nánustu framtíð. Því hærra sem hlutfallið er, því líklegra er að fyrirtækið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar í nánustu framtíð.

7.2 Efnahagsyfirlit í garðyrkju - helstu stærðir og hlutföll

Af töflum 10 til 12 má sjá nokkrar helstu stærðir úr efnahagsyfirlitum undirflokka garðyrkjunnar. Tölur um fjölda fyrirtækja í hverjum flokki eftir árum má finna í töflu A-5 í viðauka. Gögn fyrir árið 2008 eru ekki tekin með í töfluna hér að neðan þar sem óeðlilega miklar breytingar eru á nokkrum stærðum milli ára þrátt fyrir að tekið sé tillit til afleiðinga bankahrunsins.²²

²⁰ Eiginfjárlutfall er skilgreint sem eigið fé deilt með eignum. Eignir eru samsettar úr heildarskuldum og eigin fé.

²¹ Veltufjármunir eru handbært fé og aðrar eignir sem auðvelt er að breyta í handbært fé.

²² Bendir til þess að einhverjar villur séu í gögnunum.

Tafla 10: Grænmeti og garðplöntur (m.kr)

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skuldir	632	924	938	1.133	1.118	1.181	1.482	1.579	2.351
<i>Skuldir að meðaltali</i>	14	14	14	16	16	19	24	25	35
<i>Skammtímaskuldir</i>	39%	47%	40%	41%	43%	40%	39%	35%	29%
<i>Langtímaskuldir</i>	61%	84%	60%	59%	57%	60%	61%	65%	71%
Eigið fé	183	196 ¹	196	163	235	186	311	255	184
<i>Eigið fé að meðaltali</i>	4,0	3,0	3,0	2,3	3,4	2,9	4,9	4,0	2,7
Eiginfjárlutfall	22%	18%	17%	13%	17%	14%	17%	14%	7%
Veltufjárlutfall	111%	73%	80%	87%	97%	101%	125%	113%	84%

1. Tölur frá Hagstofunni þar sem óeðlilegar breytingar voru milli ára í gögnum Hagbjónustunnar. Heimild: Hagbjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla 11: Blómarækt (m.kr)

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skuldir	431	398	406	497	478	314	415	406	377
<i>Skuldir að meðaltali</i>	20	21	19	25	28	22	30	25	27
<i>Skammtímaskuldir</i>	36%	34%	43%	36%	37%	34%	35%	47%	39%
<i>Langtímaskuldir</i>	64%	66%	57%	64%	63%	66%	65%	53%	61%
Eigið fé	-86	-79 ¹	-66	-79	-114	-19	17	-36	-17
<i>Eigið fé að meðaltali</i>	-3,9	-4,2	-3,1	-4,0	-6,7	-1,4	1,2	-2,2	-1,2
Eiginfjárlutfall	-25%	-25%	-19%	-19%	-31%	-7%	4%	-10%	-5%
Veltufjárlutfall	46%	52%	47%	44%	35%	59%	71%	54%	80%

1. Tölur frá Hagstofunni þar sem óeðlilegar breytingar voru milli ára í gögnum Hagbjónustunnar. Heimild: Hagbjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla 12: Kartöflurækt (m.kr)

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skuldir	149	116	296	234	269	322	296	387	456
<i>Skuldir að meðaltali</i>	7	6	8	8	9	10	11	15	18
<i>Skammtímaskuldir</i>	48%	49%	42%	43%	48%	26%	22%	20%	41%
<i>Langtímaskuldir</i>	52%	51%	58%	57%	52%	74%	78%	80%	59%
Eigið fé	20	-6 ¹	8	13	-36	-43	-48	-9	-20
<i>Eigið fé að meðaltali</i>	0,43	-0,10	0,13	0,18	-0,52	-0,68	-0,77	-0,14	-0,30
Eiginfjárlutfall	12%	-6%	3%	5%	-15%	-15%	-19%	-2%	-5%
Veltufjárlutfall	54%	30%	46%	45%	31%	76%	107%	151%	63%

1. Tölur frá Hagstofunni þar sem óeðlilegar breytingar voru milli ára í gögnum Hagbjónustunnar. Heimild: Hagbjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Samanburður á ofangreindum töflum leiðir í ljós nokkurn mun milli greina. Ef miðað er við veltu- og eiginfjárlutföll þá er staða grænmetis- og garðplönturæktar áberandi best. Raunar virðist blómaræktin og kartöfluræktin ekki standa undir sér líkt og sakir standa. Báðar greinar hafa ítrekað verið með neikvætt eiginfjárlutfall undanfarin ár og því í raun tæknilega gjaldþrota. Eiginfjárlutfall úrtaksins í blómaræktinni hefur verið neikvætt í 8 af síðustu 9

árum og í 6 af síðustu 9 árum í kartöflurækt. Eigið fé grænmetisræktarinnar hefur hins vegar verið jákvætt allt tímabilið og að meðaltali hefur eigið fé hvers fyrirtækis verið jákvætt um 2 til 5 milljónir og eiginfjárlutfall að meðaltali 17%. Hins vegar ef sambærilegar tölur eru skoðaðar fyrir blómarækt þá sést að eigið fé hefur að jafnaði verið neikvætt frá um -1 til -7 milljóna króna á hvert fyrirtæki. Eiginfjárlutfall blómaræktarinnar hefur verið neikvætt um -15% að meðaltali.

Ef eigið fé er neikvætt þá eru skuldir hærri en bókfært virði eigna sem er ákveðin vísbending um að fyrirtæki sé gjaldþrota. Sú staða sem er í blómaræktinni er því grafalvarleg. Sú staðreynd að eigið fé er að jafnaði neikvætt, burt séð frá efnahagsástandi eða markaðspáttum, gefur til kynna að rekstrargrundvöllur greinarinnar sé veikur. Staða kartöfluræktarinnar er sömuleiðis afar veik. Eigið fé hennar hefur að jafnaði verið neikvætt og á bilinu -750 þúsund til +400 þúsund á hvert fyrirtæki. Eiginfjárlutfallið hefur að meðaltali verið um -5% á tímabilinu. Staðan er því alvarleg í kartöflurækt en þó virðast sveiflurnar vera minni.

Samanburður á veltufjárlutfalli, getu fyrirtækjanna til að standa við skammtímaskuldbindingar, segir svipaða sögu. Hvorki blóma- né kartöfluræktin virðast vera vel í stakk búnar til að takast á við skammtímaskuldbindingar sínar. Í tilfelli blómaræktarinnar hefur hlutfallið í raun aldrei náð því æskilega gildi að auðseljanlegar eignir dugi fyrir skammtímaskuldum (þ.e. hærra en 100%). Hlutfallið hefur verið 54% að meðaltali en rokkað á milli 40% til 80%. Staða kartöfluræktarinnar hefur þó verið eilítið betri en blómaræktarinnar en þó hefur hlutfallið sveiflast frá 30% til um 150% á tímabilinu. Staða grænmetisræktarinnar er líkt og áður betri. Veltufjárlutfallið hefur verið á bilinu 73% til 125% en að meðaltali verið um 97%

Hlutfall skammtímaskulda af heildarskuldum er jafnframt hærra í blóma- og kartöflurækt en grænmetisrækt sem gefur til kynna að hlutfallsleg staða grænmetisræktar sé betri en hinna greinanna og grænmetisræktin reiði sig í minna mæli á skammtímafjármögnun.

Skuldir hvers fyrirtækis að meðaltali hafa verið að aukast umtalsvert í kartöflu- og grænmetisrækt. Líkt og sjá má af töflu 12 hér að ofan þá hafa skuldir í kartöflurækt hækkað úr um 7 milljónum í 18 milljónir króna að meðaltali frá 1999 til 2007. Aukningin nemur ríflega 150%. Þó hefur fyrirtækjum fækkað í kartöflurækt á tímabilinu en framleiðsla staðið í stað og því hvert fyrirtæki stærra í sniðum. Að sama skapi hefur einnig verið um 150% aukning í skuldsetningu fyrirtækja í grænmetis- og garðplönturækt. Skuldsetning hvers fyrirtækis hefur vaxið úr 14 milljónum króna árið 1999 í 35 milljónir árið 2007. Skuldsetning fyrirtækja í

blómarækt hefur ekki vaxið á sama hraða og í kartöflu- og grænmetisrækt. Skuldinar hafa þó vaxið úr tæpum 20 milljónum króna í 27 milljónir árið 2007.

Varlega skal þó farið í að telja stöðu grænmetisræktenda góða. Veltufjárlutfallið er vissulega skárra en eiginfjárlutfall hefur farið lækandi og skuldsetning aukist mikið. Vissulega lítur staðan út fyrir að vera ásættanleg í grænmetisrækt en það er að miklu leyti vegna slæmrar stöðu blóma- og kartöfluræktarinnar.

7.3 Rekstraryfirlit - helstu stærðir og hlutföll

Af töflum 13 til 15 hér að neðan má sjá helstu stærðir úr rekstrarreikningi garðyrkjunnar skipt eftir flokkum. Allar tölur eru í milljónum króna. Meðaltalstölur eru reiknaðar með hliðsjón af fjölda fyrirtækja í úrtaki Hagþjónustunnar á viðkomandi ári. Allar tölur eru á breytilegu verðlagi og því ekki tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára.

Tafla 13: Rekstraryfirlit kartöfluræktunar

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrartekjur	134	98	298	238	246	279	314	316	376
<i>Rekstrartekjur að meðaltali</i>	6,1	5,2	8,1	7,9	8,5	8,4	11,6	12,2	14,5
Rekstrargjöld	116	82	267	206	217	241	273	273	335
<i>Rekstrargjöld að meðaltali</i>	5,3	4,3	7,2	6,9	7,5	7,3	10,1	10,5	12,9
<i>Fjármagnsliðir að meðaltali</i>	-0,4	-0,5	-1,0	-1,1	-1,4	-2,0	-2,7	-3,1	-3,3
Hagnaður fyrir skatta	15	6	12	8	4	14	27	39	-8
<i>Hagn. fyrir skatta að meðaltali</i>	0,68	0,33	0,32	0,26	0,15	0,42	0,99	1,48	-0,29
<i>Hagn. af reglulegri starfsemi að meðaltali</i>	0,37	0,35	0,53	0,47	0,25	0,66	0,27	-0,37	-0,31

Heimild: Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla 14: Blómarækt

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrartekjur	378	275	344	390	370	355	415	451	446
<i>Rekstrartekjur að meðaltali</i>	17	14	16	19	22	25	30	28	32
Rekstrargjöld	352	259	334	376	364	320	390	406	410
<i>Rekstrargjöld að meðaltali</i>	16	14	16	19	21	23	28	25	29
<i>Fjármagnsliðir að meðaltali</i>	-1,3	-1,2	-1,2	-2,0	-2,3	-1,7	-2,1	-2,6	-2,4
Hagnaður fyrir skatta	-3	-6	-29	-22	-14	12	-1	4	3
<i>Hagn. fyrir skatta að meðaltali</i>	-0,16	-0,31	-1,40	-1,09	-0,80	0,83	-0,07	0,26	0,20
<i>Hagn. af reglulegri starfsemi að meðaltali</i>	-0,12	-0,40	-1,20	-1,33	-2,00	0,77	-0,24	0,15	0,12

Heimild: Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla 15: Grænmetis- og garðplönturækt

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrartekjur	742	1.036	983	1.211	1.291	1.370	1.559	1.790	2.223
<i>Par af beingreiðslur</i>	n.a.	n.a.	n.a.	n.a.	n.a.	n.a.	192	151	190
<i>Rekstrartekjur að meðaltali</i>	16	16	15	17	19	22	25	28	33
Rekstrargjöld	641	934	900	1.074	1.165	1.226	1.461	1.699	2.046
<i>Rekstrargjöld að meðaltali</i>	14	14	14	15	17	19	23	27	30
<i>Fjármagnsliðir að meðaltali</i>	-0,81	-0,50	-0,80	-1,18	-1,16	-1,36	-1,62	-2,30	-2,35
Hagnaður fyrir skatta	52	-29	-28	62	94	61	101	-29	150
<i>Hagn. fyrir skatta að meðaltali</i>	1,14	-0,44	-0,43	0,87	1,36	0,97	1,60	-0,46	2,20
<i>Hagn. af reglulegri starfsemi að meðaltali</i>	1,39	-0,45	-0,55	0,75	0,66	0,93	-0,06	-0,85	0,26

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfunda.

Rekstrartekjur fyrirtækja í garðyrkjunni hafa aukist umtalsvert á tímabilinu. Rekstrartekjur hafa tvöfaldast að meðaltali í blóma- og grænmetisrækt. Í báðum greinum velta fyrirtæki að meðaltali rúmlega 30 milljónum árlega. Vöxturinn í rekstrartekjum í kartöflurækt hefur verið eitthvað hraðari en tekjur hafa ríflega tvöfaldast. Aftur bendir þetta til þess að fyrirtæki hafi verið að sameinast og stækka í kartöflurækt undanfarin ár enda hefur framleiðsla staðið í stað eða aukist en fyrirtækjum hefur fækkað um 40%.

Fjármagnsliðir eru farnir að vega þyngra sem hlutfall af rekstrargjöldum í kartöflurækt. Fjármagnsliðir námu tæpum 8% af rekstrargjöldum árið 1999 en það hlutfall hafði rokið upp í rúm 25% árið 2007. Það gefur til kynna að fjármögnun kartöfluræktarinnar sé dýr. Til samanburðar þá hefur hlutfall fjármagnsliða af rekstrargjöldum vaxið mun hægar í hinum greinum garðyrkjunnar, úr 6% í 8% í grænmetisrækt en staðið í stað í blómarækt enda hefur skuldsetning í blómaræktinni lítið aukist frá þeim tíma.

Ef horft er til hagnaðar greinanna í heild sinni þá var heildarhagnaður fyrirtækja í grænmetisrækt 48 milljónir að meðaltali en 13 milljónir í kartöflurækt að meðaltali á tímabilinu frá 1999 til 2007. Rekstrarafkoma blómaræktarinnar er ekki jafn góð en tap hefur verið á rekstrinum undanfarin áratug. Tapið hefur að meðaltali numið 6 milljónum á ári í greininni í heild sinni og hefur hvert fyrirtæki verið að tapa að jafnaði um 500 þúsund krónum á ári. Afkoma blómaræktarinnar hefur því verið afar slæm og greinin engan veginn verið að standa undir sér. Hagnaður hefur verið nokkur í grænmetisrækt eða um 750 þúsund árlega að meðaltali hjá hverju fyrirtæki frá 1999 til 2007.

Útkoman er skárrí í rekstrarlegu tilliti í kartöfluræktinni en tölur úr efnahagsreikningi gáfu til kynna. Hagnaður hvers fyrirtækis hefur numið um 500 þúsund krónum að meðaltali frá 1999 til 2007. Þó eru ákveðin viðvörunarmerki vegna hærri fjármagnskostnaðar sem

hlutfall af gjöldum. Líklegt má telja að sá kostnaður hafi aukist umtalsvert frá 2007 auk þess sem uppskera brast árið 2009. Ekki er sennilegt að rekstur fyrirtækja í kartöflurækt sé umtalsvert erfiðari í dag en árið 2007. Grænmetisræktin virðist standa hvað best og vera rekin nokkuð örugglega réttu megin við núllið undanfarin ár. Reksturinn virðist því betri en í kartöflu- og blómarækt.

7.4 Gjaldþrot og nýskráningar

Nýskráningar fyrirtækja í garðyrkju hafa aukist undanfarin ár. Alls voru 25 fyrirtæki nýskráð á árunum 1997 til 2002 en tvöfalt fleiri, 50, frá 2002 til 2008. Ef horft er til skiptingar þeirra fyrirtækja sem hafa verið nýskráð þá eru flest í ræktun grænmetis og garðplantna, 51 talsins, en einungis eitt gjaldþrot er skráð í þessum flokki frá 1999. Í blómarækt hafa 11 fyrirtæki verið nýskráð en fimm fyrirtæki orðið gjaldþrota. Tölur um fjölda gjaldþrota og nýskráninga eftir árum má finna í töflum A-2 og A-3 í viðauka. Einungis hefur eitt gjaldþrot verið skráð í kartöflurækt og fjögur fyrirtæki verið nýskráð.

Fyrirtækjum hefur farið fækkandi í öllum greinum, mismikið þó. Rekstrarafkoma fyrirtækja í kartöflurækt hefur verið slök. Lítill hagnaður hefur verið af starfseminni, auk þess sem styrkur fyrirtækjanna hefur verið lítill sem sést af lágu eiginfjárlutfalli. Ljóst má vera að fyrirtæki eru að sameinast og stækka, en heildarframleiðsla hefur staðið í stað þrátt fyrir þessa miklu fækkun fyrirtækja. Framleiðsla á hvert fyrirtæki hefur því vaxið verulega. Svo virðist sem stjórnendur viðkomandi fyrirtækja hafi séð sér þann leik á borði að hætta rekstri eða sameinast öðrum þar sem ekki hefur verið mikið um gjaldþrot í greininni.

Fjöldi gjaldþrota er hæstur í blómarækt og nemur fjöldi gjaldþrota um 20% af fjölda fyrirtækja í greininni í upphafi tímabilsins árið 1999. Þetta er enn eitt merki þess að rekstrargrundvöllur blómaræktarinnar sé ekki sterkur.

7.5 Framleiðni garðyrkjunnar

Framleiðni er mælikvarði á rekstrarhagkvæmni. Ef verðmæti afurða eykst án þess að notkun aðfanga (framleiðsluþátta) hafi verið aukin er talað um að framleiðni hafi aukist. Framleiðni er því skilgreind sem hlutfall afurða af aðföngum eða það magn afurða sem framleiða má með tiltekinni notkun framleiðsluþátta.²³ Í greiningunni hér að neðan er notast við verðmætasköpun²⁴ greinanna í stað magns framleiðslunnar í hlutfalli við aðföng.

²³ Nánari umfjöllun um framleiðni má finna í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, „Framleiðni íslenskra atvinnuvega“ (1999).

²⁴ Þ.e. vinnsluvirði.

Annar mælikvarði á framleiðni er hlutfall aðfanga af vinnsluvirði. Gott getur verið að skoða hve miklu sé eytt í aðföng til að framleiða sama magn afurða. Þ.e. ef magn aðfanga helst stöðugt en vinnsluvirði (verðmætasköpun) hækkar þá má leiða að því líkum að framleiðni og markaðsaðstæður greinanna séu að batna. Að sama skapi ef greinar þurfa meira af aðföngum til að skapa sömu verðmæti mælt í vinnsluvirði þá má segja að heildarframleiðni sé að dragast saman.

Notkun aðfanga í hlutfalli við þau verðmæti (vinnsluvirði) sem skoðuð eru í öllum landbúnaðinum hefur aukist umtalsvert umfram það sem almennt hefur verið gert í hagkerfinu undanfarin ár. Af töflu 16 hér að neðan má sjá samanburð á notkun aðfanga í hlutfalli við verðmætasköpun þeirra frá árinu 1997. Skoðaðar eru helstu greinar garðyrkjunnar og landbúnaðar, og hlutfall notkunar aðfanga af vinnsluvirði í hagkerfinu í heild sinni.²⁵

Tafla 16: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Landbúnaður og dýrav.	102%	104%	102%	118%	109%	115%	123%	131%	136%	141%	125%
Korn-, gras- og jarðrækt	108%	132%	108%	131%	99%	146%	156%	186%	177%	178%	396%
Grænmetis- og garðpl.	92%	101%	121%	131%	114%	130%	123%	146%	166%	142%	103%
<i>Hagkerfið í heild</i>	82%	86%	92%	91%	90%	95%	98%	100%	107%	113%	117%

Heimild: Hagstofa Íslands (2010) og útreikningar höfundu. Sjá einnig mynd B-4 í viðauka.

Árið 1998 var notkun aðfanga sem hlutfall af vinnsluvirði um 92% í grænmetis- og garðplönturækt sem var það sama og að meðaltal hagkerfisins í heild sinni. Frá þeim tíma til ársins 2007 hefur notkun aðfanga sem hlutfall af vinnsluvirði vaxið mun hraðar í grænmetis- og garðplönturækt en í hagkerfinu að meðaltali. Notkun aðfanga árið 2007 var 142% af vinnsluvirði í grænmetis- og ylrækt en einvörðungu 113% í hagkerfinu að meðaltali. Töluverð breyting varð á þessu árið 2008. Hlutfallið lækkaði umtalsvert og var rétt ríflega 100% árið 2008 sem gæti verið merki um einhverja hagræðingu í greininni, auk þess sem veiking krónunnar styrkir samkeppnisstöðu greinarinnar á innlendum markaði.

7.5.1 Aðrir mælikvarðar á framleiðni

Framleiðni einstakra þátta er einnig vert að skoða. Þó getur slíkur samanburður verið villandi þar sem einungis er horft til eins þáttar en ekki heildarframleiðni.

²⁵ Vinnsluvirði er mælikvarði á verðmætasköpun. Summa vinnsluvirðis er verg landsframleiðsla hagkerfisins.

Tafla 17: Mælikvarðar á framleiðni og arðsemi

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Framleiðni á ársverk²⁶(m.kr)											
<i>Korn- og jarðrækt</i>	9,6	11,8	15,7	17,0	11,9	11,7	11,4	12,0	10,5	11,9	11,5
<i>Grænmetis- og garðplönturækt</i>	6,3	7,0	6,7	6,3	6,4	6,1	6,0	6,5	5,5	5,5	5,9
Framleiðni launa (kr)²⁷											
<i>Korn- og jarðrækt</i>	1,90	2,37	3,23	3,58	2,65	2,46	2,40	2,47	2,30	2,63	2,71
<i>Grænmetis- og garðplönturækt</i>	1,37	1,35	1,30	1,36	1,34	1,29	1,37	1,16	1,18	1,30	1,85
Heildarframleiðni²⁸											
<i>Korn- og jarðrækt</i>	48%	43%	48%	43%	50%	41%	39%	35%	36%	36%	34%
<i>Grænmetis- og garðplönturækt</i>	52%	50%	45%	43%	47%	44%	45%	41%	38%	41%	49%
Rekstrarafgangur af vinnsluvirði²⁹											
<i>Korn- og jarðrækt</i>	35%	33%	39%	45%	42%	37%	38%	35%	31%	28%	n.a.
<i>Grænmetis- og garðplönturækt</i>	36%	32%	23%	23%	24%	19%	23%	8%	4%	8%	n.a.

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tilgreindir eru tveir mælikvarðar á framleiðni vinnuafls. Framleiðni á hvert ársverk og framleiðni launa. Sá fyrri sýnir hver sé verðmætasköpun hvers ársverks í greinunum, þ.e. hvað hvert ársverk sé að skila til landsframleiðslu og þróun þess á föstu verðlagi ársins 2007. Líkt og sjá má af töflunum hér að ofan þá er verðmætasköpun hvers ársverks í korn- og jarðrækt 11,5 milljónir króna en um helmingi minni í grænmetis- og garðplönturækt, eða 5,9 milljónir króna. Verðmætasköpun hvers ársverks í korn- og jarðrækt hefur aukist um tæp 20% á tímabilinu að raunvirði. Hins vegar hefur verðmætasköpun á hvert ársverk dregist saman að raungildi í ræktun grænmetis og garðplantna.

Framleiðni launa sýnir hve miklu hver króna sem greidd er í laun skilar í auknum verðmætum, hækkun vinnsluvirðis. Margt getur orðið til þess að þetta hlutfall sé hátt eða lágt en það sem er athyglisvert er að skoða þróunina undanfarin ár. Framleiðni launa er að segja svipaða sögu og framleiðni ársverka. Framleiðni launa er að vaxa í korn- og jarðrækt en stendur í stað í grænmetis- og garðplönturækt allt til 2007 en óx töluvert árið 2008. Erfitt er að lesa úr tölum fyrir það ár sökum bankahrunins en verðmætasköpun grænmetis- og garðplönturæktar óx mikið árið 2008 sem skýrir mikla aukningu.

Framleiðni vinnuafls, hvort sem skoðuð er framleiðni á hvert ársverk eða framleiðni launa, fer vaxandi í korn- og jarðrækt. Athygli vekur að framleiðni vinnuafls hefur verið að dragast saman í grænmetis- og garðplönturækt þrátt fyrir umtalsverða fjárfestingu á liðnum

²⁶ Skilgreint sem vinnsluvirði á föstu verðlagi ársins 2007 í hlutfalli við fjölda ársverka. Segir til um verðmætasköpun hvers ársverks. Tölur um ársverk má finna í töflu 2.

²⁷ Skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis og launakostnaðar. Segir til um hve mikið hver króna í laun er að skila í auknu vinnsluvirði.

²⁸ Skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis af framleiðsluvirði.

²⁹ Skilgreint sem hlutfall rekstrarafgangs af vinnsluvirði

árum í búnaði til lýsingar. Líkt og áður segir má þó sjá töluverða framleiðniaukningu árið 2008.

Mat á heildarframleiðni er hér skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis af framleiðsluvirði. Hlutfallið sýnir þau verðmæti sem greinin skapar í hlutfalli við heildarverð allrar framleiðslu greinarinnar. Heildarframleiðni greinarinnar er að vaxa ef verðmætasköpun greinarinnar vex hlutfallslega hraðar en framleiðsluvirði greinarinnar. Líkt og sjá má af töflu 17 hér að ofan þá hefur hlutfall verðmætasköpunar vaxið hægar en framleiðsluvirði. Allt gefur þetta til kynna að framleiðni greinarinnar hafi ekki aukist á tímabilinu. Þvert á móti hefur ákveðin stöðnun ríkt og hugsanlegt að framleiðni hafi dregist saman.

Hlutfall rekstrarafgangs af vinnsluvirði er ekki beint mælikvarði á framleiðni heldur á árangur greinarinnar. Hlutfall rekstrarafgangs af framleiðsluvirði hefur dregist nokkuð saman á tímabilinu í grænmetis- og garðplönturækt. Í grænmetis- og garðplönturækt hefur hlutfallið fallið úr 36% í 8%. Í korn- og jarðrækt hefur lækkunin verið minni en þó lækkað úr 35% í 28%. Sú staðreynd að rekstrarafgangur í hlutfalli við framleiðsluvirði lækkar og verðmætasköpun greinarinnar hafi ekki haldið í við vöxt framleiðslunnar gefur til kynna að verið sé að framleiða með auknum kostnaði. Aukin framleiðsla er ekki að skila sér í auknum hagnaði af rekstri eða í hærra vinnsluvirði. Rétt er að benda á að vinnsluvirði stóð í stað að raunvirði allt frá 1998 til 2007. Framleiðsluvirði hefur aukist umtalsvert líkt og sjá má af myndum í 5. kafla.

Ofangreindir mælikvarðar gefa til kynna að framleiðni hafi verið að dragast saman og auk þess að sú framleiðsluaukning sem hefur átt sér stað í grænmetis- og garðplönturækt sé ekki sökum aukinnar framleiðni heldur sé um að ræða aukna notkun aðfanga sem skili sér í aukinni framleiðslu. Hluta skýringarinnar fyrir aukinni aðfanganotkun má finna í aukinni raflýsingu í grænmetisrækt. Lýsingin hefur aukið framleiðslu umtalsvert en verðmætasköpun greinarinnar hefur ekki fylgt með sama hraða og þessi aukna notkun á framleiðsluþáttum. Því bendir þetta til þess að verðmætaaukningin hafi ekki fylgt framleiðsluaukningu í garðyrkjunni líkt og æskilegt er. Tölurnar benda til þess að við höfum mikið þurft að hafa fyrir framleiðsluaukningunni og hún hafi verið það kostnaðarsöm að verðmætasköpun jókst ekki í samræmi við það.

Vísbendingar eru um að þessi þróun sé að snúa við miðað við tölur Hagstofunnar fyrir árið 2008 en þar má greina merki um aukna framleiðni en sökum sterkra utanaðkomandi þátta er erfitt að alhæfa um hve mikil framleiðniaukningin er í raun.

7.5.2 Framleiðni gróðurhúsa

Notkun gróðurhúsa í framleiðslu grænmetis og garðplantna hefur verið umtalsverð á undanförunum áratugum. Af töflu 18 hér að neðan má sjá fjölda fermetra sem tileinkaðir hafa verið framleiðslu á þeim tegundum sem tilheyra beingreiðslukerfinu.

Tafla 18: Fjöldi fermetra undir ræktun helstu tegunda

	1990	1995	2001	2004	2008
Tómatar	36.464	41.500	38.703	41.400	41.684
Gúrkur	20.006	20.500	23.404	25.600	24.047
Paprika	17.195	20.500	23.167	10.100	11.974
<i>Samtals (gúrkur, tómatar, paprika)</i>	<i>73.665</i>	<i>82.500</i>	<i>85.274</i>	<i>77.100</i>	<i>77.705</i>
Alls fermetrar í ræktun	163.273	181.745	199.730	175.700	195.716

Heimild: Magnús Ágústsson (2009)

Fjöldi fermetra í gróðurhúsum jókst nokkuð frá árinu 1990 til 2001. Frá þeim tíma hefur flatarmálið lítið breyst í tómata- og gúrkurækt. Hins vegar hefur fermetrafjöldi sem lagður er undir ræktun á papriku dregist saman um helming.

Þrátt fyrir litla breytingu í fermetrafjölda ræktunar hefur framleitt magn aukist umtalsvert í tómata- og gúrkurækt. Sömuleiðis hefur ræktun á papriku ekki dregist jafn mikið saman í magni og fækkun fermetra gefur til kynna. Frá undirritun aðlögunarsamningsins þá hefur framleitt magn tómata, mælt í kílóum, aukist um 75% en fjöldi fermetra undir ræktun staðið í stað. Því er ljóst að framleiðni ræktunar hefur aukist mikið. Í grein um rafmagn í garðyrkju kemur fram að fjölbreytni hafi aukist í tómatarækt. Framleiddir eru m.a. kirsuberjatómatar, kokteiltómatar, lycopen-tómatar og plómutómatar en slík ræktun skilar umtalsvert færri kílóum á hvern fermetra (Bændasamtök Íslands, 2009). Aukning á framleiðslu á hefðbundnum tómotum á hvern fermetra er því vanáætluð. Tölur um kirsuberjatómatarækt eru í kafla 6.2.1 að framan. Mælikvarði á framleiðni gróðurhúsa má sjá í töflu 19 hér að neðan.

Tafla 19: Framleiðni gróðurhúsa – (fjöldi kg á hvern fermetra)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tómatar	18,5	18,6	19,5	24,1	23,8	21,2	26,1	31,8	33,9	38,7	39,1	38,9
Gúrkur	33,7	38,7	38,4	39,1	44,8	35,6	33,2	36,7	45,2	44,6	58,6	63,1
Paprika	8,3	9,0	8,2	8,8	10,0	8,1	7,9	9,6	12,2	12,7	12,0	14,2

Heimild: Magnús Ágústsson (2009) og útreikningar höfunda.

Líkt og sjá má af töflu 19 hér að ofan hefur framleiðsla á hvern fermetra aukist mikið undanfarin ár. Ekki er hægt að segja með vissu hve stóran hluta þessarar aukningar megi rekja til aukinnar notkunar aðfanga, sérstaklega lýsingar, en ætla má að umtalsverður hluti sé vegna þess. Tegundir vaxa mishratt og mismikil vinna liggur að baki hverju ræktuðu kíló eftir

tegundum. Athyglisvert er að horfa á þróunina innan einstakra tegunda til að greina hvort fjöldi kílóa sé að vaxa á hvern fermetra í ræktun.

Fjöldi ræktaðra kílóa á fermetra er einn mælikvarði á framleiðni. Mikill vöxtur hefur verið í fjölda ræktaðra kílóa á hvern fermetra. Vöxturinn skýrist af því að aukin notkun lýsingar hefur hraðað vexti og fleiri ræktendur rækta nú yfir lengra tímabil. Vöxturinn hefur verið mestur í ræktun á tómötum, um 111%, um 87% í gúrkurækt og loks 71% í paprikurækt. Margir aðrir þættir koma hér að svo sem aukin notkun lýsingar, aukin þekking innan greinarinnar og aðrar tækniframfarir.

Til samanburðar má finna töflu í viðauka sem sýnir framleiðni gróðurhúsa í Finnlandi undanfarin ár, þ.e. fjölda kílóa á hvern fermetra.

Síðari hluti: Garðyrkja í Finnlandi, Íslandi og ESB

8 Íslensk garðyrkja í finnsku umhverfi

Umsókn Íslands að Evrópusambandinu mun hafa veruleg áhrif á rekstrarumhverfi bænda. Sú tollvernd sem margar afurðir bænda hafa búið við mun hverfa. Jafnframt er líklegt að stuðningur ríkisins muni breytast umtalsvert, enda eru áherslur sameiginlegrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins frábrugðnar þeim áherslum sem ríkt hafa hér á landi. Á hinn bóginn er afar erfitt að meta hver áhrifin á afkomu einstakra greina eða bænda munu verða enda flest enn á huldu um líklegt innihald aðildarsamnings. Helst er að horfa til reynslu þeirra landa sem gengið hafa í sambandið á undangengnum áratugum og búið hafa við svipað fyrirkomulag varðandi styrki og tollvernd og gildir hér á landi. Á undanförunum árum hafa mörg Austur-Evrópuríki gengið í sambandið. Lítinn lærdóm er þó hægt að draga af aðildarsamningum þeirra og afleiðingum aðildar á landbúnað. Verðlag og laun í þessum löndum var lágt, framleiðni landbúnaðar lítil og stuðningur óverulegur. Nærtækustu dæmin um lönd sem svipar til Íslands er því að sækja til tíunda áratugarins þegar Finnland og Svíþjóð gengu í sambandið. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fjallað nokkuð ýtarlega um reynslu Finna og reynt að draga lærdóm af henni um mögulegt innihald aðildarsamnings og afleiðingar hans fyrir afkomu garðyrkjubænda.

Finnland er að mörgu leyti svipað Íslandi. Landið er staðsett á milli sextugustu og sjötugustu breiddargráðu og er stærð landsins rétt ríflega þreföld stærð Íslands, eða um 338.000 ferkílómetrar. Landið er ekki ýkja fjölmennat á evrópskan mælikvarða en þar búa alls um 5,3 milljónir. Lífskjör í Finnlandi og á Íslandi voru svipuð árið 2008 ef miðað er við landsframleiðslu á mann en landið hefur jafnframt gengið í gegnum erfiða tíma undanfarin misseri. Samdráttur landsframleiðslu er talinn vera svipaður í Finnlandi og á Íslandi árið 2009 samkvæmt gögnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hagvöxtur hefur þróast með svipuðum hætti í Finnlandi og Íslandi líkt og sést glögglega af mynd B-6 í viðauka. Þróunin hefur verið sveiflukenndari hérlendis en í Finnlandi en á heildina litið er þróunin keimlík.

Verðbólga hins vegar hefur verið nokkru minni í Finnlandi en á Íslandi undanfarna áratugi. Frá 1995 hefur hún lengst af verið um 1% til 2% í Finnlandi. Verðbólgan hefur ætíð verið meiri á Íslandi og er umtalsverður munur þar á undanfarin 10 ár. Samanburð á verðbólguþróun undanfarinna ára má finna á mynd B-7 í viðauka.

Af þessari upptalningu er ljóst að Finnland og Ísland deila mörgum þáttum sem geta verið mikilvægir í aðildarviðræðum við Evrópusambandið ef til þess kemur. Finnland gerðist aðili

að sambandinu þann 1. janúar 1995. Frá þeim tíma hefur landið verið aðili að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB.

9 Finnskur landbúnaður: Uppbygging og sögulegt yfirlit

Í þessum kafla er skoðuð reynsla Finna af aðild og áhrifum sameiginlegrar stefnu í landbúnaði. Í því ljósi er horft á landbúnað sem heild en sérstaklega er þó áherslan á garðyrkjuna. Nokkrar staðreyndir varðandi finnskan landbúnað sem heild eru einnig dregnar fram til að auðvelda samanburð á áhrifum á garðyrkjuna í Finnlandi við áhrif á landbúnað í heild sinni.

Finnland gerðist aðili að ESB árið 1995. Milli árunna 1994 og 1995 dróst hlutur landbúnaðar af landsframleiðslu saman úr 2,8% í 1,8% þrátt fyrir að framleitt magn hafi ekki dregist saman. Vöxtur hagkerfisins á milli ára hefði leitt til þess að landbúnaður hefði dregist saman um 0,2% af landsframleiðslu. Þessi mikla sveifla orsakast af því að stuðningur við landbúnaðinn fór frá því að vera verðstuðningur og tollvernd í það að vera tekjustyrkur. Vægi landbúnaðar hefur frá þeim tíma dregist enn frekar saman sökum örari vaxtar annarra greina en landbúnaðar (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2007).


Finnskur landbúnaður einkennist mikið af mörgum smærri fjölskyldubýlum en þó hafa býli stækkað ört frá inngöngu í ESB. Til að mynda þá var meðalstærð bóa í landbúnaði um 35 hektarar árið 2008 en meðalfjöldi kúa á kúabúum um 18 kúr árið 2006. Til samanburðar þá var meðalstærð bóa við aðild um 20 hektarar. Alls störfuðu um 90.000 manns í finnskum landbúnaði árið 2008 en sú tala var um 150.000 fyrir aðild. Hlutdeild starfandi í landbúnaði af vinnuafli hefur einnig dregist saman úr 7% í rétt ríflega 3% á sama tímabili.

Fyrirtækjum í landbúnaði hefur einnig fækkað á hverju ári frá aðild. Samkvæmt tölum frá MTT Finnland þá hefur fyrirtækjum fækkað um 38% frá 1994 til 2008. Alls voru um 103.000 fyrirtæki í landbúnaði árið 1994 en þau voru orðin ríflega 65.000 árið 2008.

Alls var um 8% af landsvæði Finnlands notað undir landbúnað árið 2006. Heildarlandsvæði undir landbúnað sem hlýtur styrki hefur haldist nokkuð stöðugt frá aðild og nam 2,27 milljón hekturum árið 2008. Sambærileg tala árið 1994 var 2,2 milljón hektarar (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2005). Svæði undir landbúnað hefur því ekki verið að dragast saman þó svo að býlum og störfum hafi fækkað.


9.1 Þróun garðyrkjunnar

Innganga Finnlands í ESB hefur haft umtalsverð áhrif á finnska garðyrkju. Myndir 13, 14 og 15 hér að neðan veita yfirlit yfir þróun helstu stærða í finnskri garðyrkju.




Mynd 13: Fjöldi fyrirtækja í garðyrkju.

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)



Mynd 14: Heildarstærð lands undir ræktun í garðyrkju.

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)



Mynd 15: Meðalstærð garðyrkjubýla flokkað eftir gerð. Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Af myndum 13 til 15 má glögglega sjá að frá árinu 1984 þá hefur fyrirtækjum verið að fækka í garðyrkju en þau hafa stækkað. Frá aðild að ESB árið 1995 til ársins 2008 þá fækkaði býlum um helming, úr 10.000 í tæplega 5.000. Fækkunin var um 41% í gróðurhúsarækt en 55% í útirækt. Fyrirtækjum fækkaði um 38% í landbúnaði og því hefur þeim fækkað meira í garðyrkju en landbúnaði í heild.


Flatarmál þess svæðis sem notað er við ræktun hefur lítið sem ekkert breyst í gróðurhúsum líkt og sjá má af mynd 14 og 16. Í útiræktun hefur fjölda hektara fækkað en athygli vekur að ræktunarsvæðið var að stækka fyrir aðild og fyrstu árin eftir aðild. Ræktunarsvæðið nú er svipað og tveimur árum fyrir aðild.

Af ofangreindum tölum má ráða að meðalstærð búa hafi vaxið nokkuð hratt. Það má bersýnilega sjá af mynd 15 þar sem sýnd er annars vegar meðalstærð í gróðurhúsum og hins vegar í útirækt. Af því má sjá að stærð hvers fyrirtækis í útiræktun hefur tæplega tvöfaldast, úr um 2 hekturum í 4. Meðalstærð gróðurhúsa hefur vaxið um ríflega helming á tímabilinu, úr 1.600 fermetrum í tæpa 2.500 fermetra árið 2008. Heildarflatarmál undir gróðurhús hefur hins vegar haldist stöðugt. Athuga ber að myndir hér að ofan vísa til heildarfjölda fermetra en ekki fellur allt ræktunarsvæðið undir styrkjakerfið.

9.1.1 Ræktun í gróðurhúsum

Flatarmál í gróðurhúsum hefur lítið breyst frá árinu 1984 líkt og sjá má hér að ofan. Ræktun í gróðurhúsum má skipta í tvennt. Annars vegar er það ræktun á grænmeti og hins vegar ræktun á blómum.³⁰ Af mynd 16 má sjá hvernig flatarmál undir ræktun í gróðurhúsum hefur þróast frá árinu 1984.

³⁰ Einnig er lítilræði af berjum ræktað í gróðurhúsum líkt og sjá má af mynd 16.




Mynd 16: Flatarmál undir ræktun í gróðurhúsum(hektarar) Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Um 275 hektarar³¹ eru undir ræktun á grænmeti í gróðurhúsum og hefur flatarmál ræktunarinnar haldist nokkuð stöðugt. Ræktun á blómum hefur dregist lítillega saman. Alls voru um 225 ha undir ræktun árið 1995 en voru tæplega 200 árið 2008 Samsetning blómaræktunarinnar hefur þó breyst vegna mikilla verðbreytinga sem farið er í hér að neðan. Ræktun sumra tegunda hefur minnkað verulega eða jafnvel lagst af en aðrar hafa verið að sækja í sig veðrið undan farin ár. Ræktun á afskorin blómum hefur verið að dala undanfarin ár og er nánar fjallað um það hér að neðan. Ber eru einnig ræktuð í finnskum gróðurhúsum og nemur heildarflatarmál undir þá ræktun um 2,5 hekturum og hefur hún dregist saman úr um 5 hekturum árið 1995.

9.1.2 Grænmetisræktun í gróðurhúsum - undirflokkar

Um 60% af flatarmáli gróðurhúsa er notað undir ræktun á grænmeti. Tómatar og gúrkur eru tvær langalgengustu tegundir í ræktun í gróðurhúsum. Ræktun þeirra þekur um 74% af því flatarmáli sem fer undir ræktun grænmetis og ríflega 95% af uppskerunni tilheyrir þessum tveimur tegundum, mælt í kílóum. Um 190 ha voru notaðir undir þá ræktun og hefur það lítið breyst frá aðild. Aðrar tegundir sem koma þar á eftir eru jöklasalat, laukur, ýmis krydd og paprika. Ræktun á papriku er afar lítil og nam heildarflatarmál sem undir hana var notað einvörðungu um 5 ha árið 2008. Athuga ber þó að framleiðslan hefur vaxið hratt undanfarin ár enda var engin ræktun á papriku á þeim tíma er Finnland gerðist aðili að ESB. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til grænmetis sem ræktað er í pottum en alls voru um 22 hektarar notaðir undir það árið 2008 og hafa vaxið úr um 10 hekturum fyrir aðild.

³¹ 1 ha. = 10.000 m²




Mynd 17: Ræktað magn grænmetis í gróðurhúsum í Finnlandi (tonn).

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Af myndinni hér að ofan má sjá að framleitt magn tómatana og gúrkana yfirgnæfir í raun þá ræktun sem á sér stað af grænmeti í gróðurhúsum. Aðrar tegundir hafa verið að skila um 3 til 5 þúsund tonn á grænmeti á ársgrundvelli en til samanburðar þá skilar ræktun á tómötum og gúrkum um 50 þúsund til ríflega 70 þúsund tonn árliga líkt og má sjá hér að ofan.

9.1.3 Rósir í gróðurhúsum

Mikilvægustu tegundirnar sem ræktaðar eru af blómum á Íslandi eru rósir. Athyglisvert er að skoða sérstaklega þá þróun sem orðið hefur í blómarækt í Finnlandi. Lækkun á verði rósa fyrstu tvö árin eftir aðild í Finnlandi var um 30%. Ræktendur hafa fengið styrki greidda á hvern fermetra í ræktun, samanber síðari umfjöllun, en samt sem áður hefur ræktun á afskornum blómum verið á undanhaldi.




Mynd 18: Fjöldi fermetra undir afskornu blómum í Finnlandi. Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Ræktun á afskornum blómum hefur verið að dragast saman í Finnlandi allt frá árinu 1990. Rósaræktun hefur dregist saman um helming á tímabilinu. Verðþróun á rósum í Finnlandi má finna í töflu 21 hér að neðan. Af henni má sjá að verð á rósum lækkaði um 30% strax eftir aðild og náði fyrst árið 2008 sama nafnverði og fyrir aðild og þá er ekki gert ráð fyrir hækkun almenns verðlags. Raunverð til ræktenda hefur því lækkað mikið að raungildi frá aðild. Afleiðingu þess má glögglega sjá af myndinni hér að ofan en flatarmál undir ræktun rósa hefur dregist saman um helming frá árinu 1995. Fjölda fermetra í íslenskri rósarækt má sjá af mynd B-9 í viðauka.

9.1 Útiræktun

Grænmeti og ber eru langalgengustu afurðir útiræktunar. Af mynd 19 má sjá þróun þess svæðis sem notað er undir útiræktun á grænmeti og ávöxtum.



Mynd 19: Fjöldi hektara í útirækt flokkað eftir afurðum.

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Fjöldi hektara undir útirækt hefur dregist saman úr um 18.000 hekturum árið 1995 í tæplega 15.000 hektara árið 2008. Mest hefur hekturum fækkað frá aðild í grænmetisrækt, um ríflega 2.000 hektara, en um 1.000 í berjarækt. Hekturum undir ræktun ávaxta hefur hinsvegar fjölgað úr 400 í tæplega 700.

9.1.1 Útiræktað grænmeti - sundurliðun

Útiræktun í Finnlandi jókst frá 1990 til 2000 en frá þeim tíma hefur framleitt magn og hektarar undir ræktun verið að dragast saman. Í töflu 20 hér að neðan má sjá yfirlit yfir helstu tegundirnar í útiræktun, framleitt magn og ræktun á hvern hektara. Fyrir utan ræktun á

grænmeti eru einnig ræktaðir margskonar ávextir, ber og epli. Alls voru um 6.000 hektarar notaðir undir þá ræktun árið 2007 en árið 1995 var hektarafjöldinn um 7.300.

Tafla 20: Útiræktun frá 1990 eftir tegundum og uppskeru.

	1990			1995			2000		
	ha	1000 kg	1000 kg/ha	ha	1000kg	1000 kg/ha	ha	1000kg	1000 kg/ha
Ertur	1.154	5.762	5	1.815	6.366	4	2.132	6.486	3
Gulrætur	1.051	31.385	30	1.784	61.343	34	1.698	64.049	38
Laukur	863	17.558	20	938	17.153	18	1.165	21.544	18
Hvítkál	665	21.080	32	899	24.304	27	637	20.381	32
Rauðrófa	382	10.720	28	540	11.016	20	470	12.710	27
Rófur (Gulrófur)	337	9.308	28	529	12.505	24	410	10.101	25
Jöklasalat	115	1.376	12	238	2.402	10	345	3.916	11
Blómkál	383	4.354	11	500	4.801	10	433	4.913	11
Smágúrka	462	8.935	19	686	14.521	21	424	10.760	25
Kínakál	583	9.925	17	573	9.437	16	415	7.502	18
Annað	1.656	18.552	11	1.225	11.963	10	1.089	10.706	10
Heildin	7.651	138.955	18	9.727	175.809	18	9.217	173.068	19

	2004			2008		
	Ha	1000kg	1000 kg/ha	Ha	1000kg	1000 kg/ha
Ertur	2.335	5.896	2,5	2.473	5.699	2,3
Gulrætur	1.698	56.987	33,6	1.567	60.548	38,6
Laukur	1.020	23.602	23,1	986	20.417	20,7
Hvítkál	593	17.929	30,2	568	18.774	33,1
Rauðrófa	414	11.976	28,9	380	11.040	29,0
Rófur (Gulrófur)	470	15.452	32,9	357	12.538	35,1
Jöklasalat	346	4.239	12,2	352	3.918	11,1
Blómkál	409	3.244	7,9	287	2.831	9,9
Smágúrka	339	10.343	30,5	242	8.015	33,2
Kínakál	297	5.574	18,8	203	2.724	13,4
Annað	1.007	9.889	9,8	839	6.356	7,6
Heildin	8.927	165.131	18	8.252	152.866	18,5

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Ef miðað er við ræktunarland þá sést að land notað undir ræktun á ertum hefur vaxið úr 1.815 hekturum í tæplega 2.500 hektara. Hlutfall þess landsvæðis sem fellur undir þá ræktun var 15% árið 1990 en er nú 26%. Ræktunarsvæði undir gulrætur hefur dregist saman en er þó minna en hjá öðrum tegundum. Ef miðað er við uppskeru í kílóafjölda í útirækt þá hefur vægi gulróta vaxið töluvert og var það um 40% af heildaruppskeru. Af töflum A-21 og A-22 í viðauka má finna töflur sem sýna vægi einstakra tegunda af heildaruppskeru og þegar miðað er við hve hátt hlutfall landsvæðis fer undir ræktun einstakra tegunda.

10 Rekstrarumhverfi finnskrar garðyrkju

Áður en Finnland varð aðili að ESB var garðyrkjan varin með ýmis konar tollum og sköttum. Erlendar vörur voru aðallega fluttar inn þegar innlendir aðilar önnuðu ekki eftirspurn, þ.e. frá þeim tíma að innlenda varan seldist upp þangað til ný uppskera var tilbúin. Af þeim sökum var verð til framleiðenda í Finnlandi umtalsvert hærra en í öðrum ríkjum ESB. Líklegt má telja að staðan í garðyrkjunni í heild hafi verið svipuð og staða þeirra greina sem njóta tollverndar hérlendis nú um stundir.

Eftir aðild að ESB féll heildsöluverð á vörum garðyrkjunnar töluvert. Verð á fersku grænmeti féll um 25%-30%. Verð til ræktenda féll að meðaltali um 30% í blómarækt og meira fyrir afskorin blóm. Þrátt fyrir það hefur heildarflatarmál ræktunar haldist stöðugt þar sem aðrar tegundir blóma komið í stað þeirra sem orðið hafa undir. Sem dæmi þá féll verð á nellikum (e. carnation) um 55% árið 1995 og stöðvaðist ræktun nær algjörlega í kjölfarið. Sama þróun átti sér stað með tryggðarblóm (e. chrysanthemum). Þær tegundir sem hafa aukið vægi sitt í blómarækt eru meðal annars plöntur til útplöntunar (e. bedding plants) og ýmiskonar hangandi körfur af sumarblómum (e. hanging pots of summer flowers).

Af töflu hér að neðan má sjá verð á helstu vörum garðyrkjunnar frá árinu 1992.

Tafla 21: Mikilvægustu afurðir garðyrkjunnar (Verð til ræktenda).


	1992-1993	1994	1995	1996	1997	1998	2000	2002	2004	2005	2007	2008
Afurðir gróðurhúsa €/kg												
<i>Rósir(€/st)</i>	0,44	0,45	0,34	0,33	0,31	0,35	0,32	0,32	0,4	0,41	0,45	0,47
<i>Tómatar</i>	1,64	1,50	1,05	1,27	1,10	1,35	0,99	1,12	1,16	1,15	1,32	1,4
<i>Gúrkur</i>	1,43	1,33	1,04	1,18	1,05	1,22	1,08	1,05	1,08	0,99	1,34	1,21
Útirækt €/kg												
<i>Hvítkál</i>	0,29	0,33	0,22	0,23	0,25	0,18	0,17	0,32	0,33	0,27	0,58	0,56
<i>Laukur</i>	0,61	0,56	0,43	0,32	0,36	0,46	0,42	0,52	0,47	0,33	0,6	0,48
<i>Gulrætur</i>	0,61	0,55	0,29	0,41	0,25	0,35	0,41	0,39	0,45	0,37	0,47	0,48
<i>Jarðarber</i>	2,69	n.a.	2,44	2,30	2,24	2,52	2,01	2,33	3,05	2,68	3,58	3,9

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998) Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005), Finnish Agriculture and Rural Industries (2009) og Samband gróðurhúsaræktenda í Finnlandi (Kasvistieto)(2010).

Af töflu 21 má sjá að verð allra vara lækkaði í kjölfar aðildar að ESB. Verðlækkanirnar gengu þó til baka að einhverju leyti næstu ár á eftir og til að mynda gekk helmingur af lækkun tómata, gúrka og gulróta til baka árið eftir aðild. Hinsvegar er ljóst að verð til framleiðenda lækkaði umtalsvert að jafnaði og hefur verð til ræktenda enn ekki náð sama stigi þrátt fyrir almenna hækkun verðlags. Líkt og sagði hér að ofan þá var verðlag á vörum garðyrkjunnar umtalsvert hærra í Finnlandi en í öðrum löndum ESB áður en til aðildar kom og því hefur verð milli Finnlands og annarra landa jafnast sökum þess að markaðurinn er nú opin og óhindraður milli landa.

10.1 Styrkir í finnskum landbúnaði og garðyrkju

Finnland gerðist aðili að ESB árið 1995 og í kjölfarið var landinu skipt upp í sjö mismunandi styrksvæði. Þau sem eru syðst, svæði A og B, njóta minni styrkja en þau sem eru norðar. Á mynd 20 má sjá skiptingu landsins eftir styrksvæðum. Mesta ræktun í gróðurhúsum fer fram vestast í suðurhluta landsins.



Mynd 20: Styrkveitingasvæði í finnskum landbúnaði. Heimild: Mavi: Agency for Rural Affairs (2007).

Styrkjum í finnskum landbúnaði má í raun skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er það stuðningur sem er fjármagnaður að fullu af Evrópusambandinu. Undir þennan flokk falla CAP niðurgreiðslur (e. Common Agricultural Policy subsidies) og akurlandsstyrkir (e. Arable land). Árið 2006 var niðurgreiðslukerfinu breytt og tekið upp svokallað eingreiðslukerfi (e. single farm payment). Í því felst að flestir styrkir vegna landbúnaðar falla undir það kerfi.

Í öðru lagi eru það stuðningur vegna harðbýlis (e. natural handicap eða less favored areas (LFA)) og umhverfisstyrkir (e. agri-environment payments). Þær greiðslur eru að hluta fjármagnaðar af Evrópusambandinu og að hluta til af finnska ríkinu.

Í þriðja lagi er það ríkisstyrkir sem finnska ríkið fjármagnar að fullu. Ríkisstyrkir innihalda meðal annars norðurslóðastuðning, auk aðstoðar við ræktun í gróðurhúsum. Leyfi þarf að fást frá ESB fyrir hverskonar niðurgreiðslum. Samkvæmt aðildarsamningi Finnlands

þá var þeim leyft að ríkisstyrkja innlendan landbúnað. Annars vegar er um að ræða beina ríkisstyrki (e. national aid) og hins vegar norðurslóðastuðning sem veittur er til svæða norðan við 62. breiddargráðu. Þau svæði sem falla undir þennan stuðning eru svæði sem tilheyra svæði C á kortinu hér á undan³². Innan norðurslóðastuðnings fellur einnig stuðningurinn til ræktunar í gróðurhúsum og geymslustyrkir á afurðum garðyrkjunnar. Geymslustyrkirnir ná nær eingöngu til afurða útiræktunar (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2000).

Sumar greinar landbúnaðar fengu styrki fyrir 1995 og sem dæmi þá var mjólkurframleiðsla niðurgreidd að einhverju marki. Stuðningur við garðyrkjuna fyrir 1995 var fólgin í tollum og innflutningshöftum sem hækkuðu verð á umræddum vörum umtalsvert og skilaði sér í hærra verði til bænda. Hærrí styrkir eru greiddir til afurða sem seldar eru ferskar en til þeirra sem seldar eru í vinnslu. Árið 1995 var fallist á aðlögunargreiðslur til ársins 1999. ESB greiddi töluverðan hluta af þeim greiðslum en hlutdeild þeirra minnkaði með hverju árinu. Í aðildarsamningi Finna við ESB var talað um ákveðin hámark á styrki sem finnska ríkið mátti veita til garðyrkjunnar. Ekki reyndi á þau mörk strax eftir aðild þar sem efnahagur landsins var ekki í blóma á þeim tíma og ríkið hafði því ekki burði til að veita meira fjármagni í niðurgreiðslur (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2000).

10.2 Heildarstuðningur til landbúnaðar

Af töflu 22 má sjá heildarstuðning til landbúnaðar í Finnlandi frá 1995. Garðyrkjan er sérstaklega aðskilin í töflunni hér að neðan.

Tafla 22: Heildarstuðningur við landbúnað í Finnlandi

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
A: Stuðningur sem greiddur er af ESB															
<i>CAP niðurgreiðslur</i>	273	274	266	273	276	382	435	443	456	502	515	541	551	557	558
B: Stuðningur sem er að hluta greiddur af finnska ríkinu og ESB															
<i>Harðbýlisstyrkir</i>	272	268	270	276	296	414	418	422	423	424	421	420	421	421	423
<i>Umhverfisstuðningur</i>	237	258	267	275	270	276	281	283	306	297	293	294	315	320	349
C: Aðrir ríkisstyrkir sem eru að fullu fjármagnaðir af finnska ríkinu															
<i>Ríkisstyrkir¹</i>	1279	718	674	618	572	590	584	595	602	589	619	611	572	555	556
Heildin (A+B+C)	2061	1591	1482	1442	1414	1662	1718	1743	1787	1812	1848	1866	1859	1853	1886
<i>Greitt af ESB</i>	20%	30%	32%	34%	36%	40%	42%	42%	43%	44%	43%	41%	41%	41%	41%
<i>Greitt af Finnum</i>	80%* ²	70%	68%	66%	64%	60%	58%	58%	57%	56%	57%	59%	59%	59%	59%

1. Undir þennan flokk falla margskonar styrkir sem hafa breyst frá aðild að ESB.en þeim er öllum slegið saman í þessum flokki til einföldunar. 2. Nokkur óvissa er um nákvæma skiptingu fyrir þetta ár vegna ýmiskonar tilfærslna. Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009).

³² Svæðum hefur verið breytt lítillega frá þeim tíma og ekki er einvörðungu miðað við 62. breiddargráðu.

Heildarstyrkir til landbúnaðar í Finnlandi árið 2009 námu 1.886 milljónum evra. Þar af voru CAP niðurgreiðslur 558 milljónir, harðbýlisstyrkir (e. LFA) 423 milljónir og umhverfisstyrkir 349 milljónir. Þessir styrkir eru að öllu eða að hluta til fjármagnaðir af ESB. Þar að auki voru greiddir ríkisstyrkir að fjárhæð 556 milljónir evra. Ef horft er til heildarstuðnings til landbúnaðar þá má sjá að um 60% hafa verið greidd af finnska ríkinu en 40% af ESB. Skýringuna á mikilli hækkun styrkja frá árinu 1999 má fyrst og fremst rekja til þess að CAP styrkir til finnskra bænda jukust um 60% á tímabilinu 1999-2002. Ástæða þess er góður árangur sem Finnar náðu við Agenda 2000 endurskoðun CAP. Áhrif hennar voru m.a. þau að í fyrsta sinn árið 2000 voru greiddir styrkir til votheysverkunar í Finnlandi, auk þess sem allt Finnland var skilgreint sem harðbýlt svæði það ár í stað 85% áður (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2002).

10.3 Styrkir til garðyrkjunnar

Sérstakir styrkir eru greiddir til garðyrkjunnar. Yfirlit yfir þá má finna í töflu 23 hér að neðan. Athuga ber að veittir eru styrkir umfram þá sem koma fyrir í töflunni. Reynt verður að gera grein fyrir þeim heildastyrkjum hér að neðan. Núverandi fyrirkomulag á styrkjum rennur út í lok árs 2013. Óvissa ríkir um framhaldið að því loknu en nýjar viðræður munu hefjast líklega hefjast árið 2013. (Jalkanen, 2010)

Tafla 23: Styrkir til garðyrkjunnar (í milljónum €)

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<i>Gróðurhús</i>	41	60	40	34	35	41	41	41	40	40	40	39	38	37
<i>Ræktunar-/ geymslustykir¹</i>	n.a.	9	8	6	4	3	3	2	2	2	2	2	2	2
<i>Aðrir styrkir</i>	8	11	11	11	10	11	11	8	11	12	12	15	19	19
Samtals	n.a.	81	59	51	49	54	54	50	54	54	54	56	59	58
Hlutfall styrkja af tekjum gróðurhúsa²	n.a.	27%	21%	18%	17%	17%	17%	14%	15%	15%	15%	15%	15%	14%

¹ Nefndir „Field support“ á ensku (Ræktunarstyrkir). Falla nær eingöngu í skaut útiræktunar. ² Tölur miðast við greidda styrki og heildartekjur í gróðurhúsum miðað við tölur í skýrslum MTT Finnland. Ekki tekið tillit til orkustyrkja.

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998) Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009)

Líkt og sjá má hér að ofan þá hafa beinir styrkir til garðyrkjunnar haldist svipaðir frá aðild. Heildarstyrkir námu alls 58 milljónum evra árið 2008. Rétt er að taka fram að styrkir til gróðurhúsaræktunar eru að fullu greiddir af hálfu finnska ríkisins. Ræktunarstyrkir (e. field production subsidies) og aðrir styrkir eru að hluta til greiddir af ESB en þeir falla nær einvörðungu í skaut útiræktunar.³³ Ef miðað er við áætlanir um skiptingu styrkja þá má ætla að hlutur ESB af ræktunarstyrkjum og öðrum styrkjum í töflunni hér að ofan sé svipaður og í landbúnaði í heild sinni, þ.e. að um 40% séu greidd af ESB og um 60% sé ríkisstuðningur.

³³ Anu Koivisto frá MTT Finnland áttar að innan við 1% falli til gróðurhúsaræktunar.

Skipting á fjármögnun stuðnings til útiræktunar er því nálægt því að vera á sömu nótum og gerist í landbúnaði í heild sinni, samanber töflu 22 hér að framan.

Hins vegar er áætlað að innan við 1% af ræktunarstyrkjum og öðrum styrkjum falli til gróðurhúsaræktenda.³⁴ Af því leiðir að stuðningur til gróðurhúsaræktunar er að nær öllu leyti fjármagnaður af finnska ríkinu.

Af töflu 23 má sjá að hlutfall styrkja af heildartekjum hefur farið lækkandi allt frá aðild að sambandinu. Styrkir námu um 14% af tekjum bænda árið 2008 en voru í upphafi aðildar um 27% af tekjum. Slík þróun er í samræmi við stefnu ESB um sjálfbærni landbúnaðar og veitingu ákveðinna aðlögunarstyrkja til að koma í veg fyrir að ákveðinn atvinnuvegur hverfi. Tekjur bænda lækkuðu ört vegna lægra matvælavæðs í Finnlandi í kjölfar aðildar og því eðlilegt að komið sé til móts við það með greiðslum til að auka aðlögunarhæfni bænda. Styrkir virðast hinsvegar hafa náð ákveðnu jafnvægi í hlutfalli við tekjur ef marka má þá staðreynd að hlutfallið hefur verið nær óbreytt frá árinu 2002. Styrkir til útiræktunar eru ekki tilgreindir með þessum útreikningum.

Í Finnlandi falla um 85% til 88% af öllum fermetrum í ræktun í gróðurhúsum undir styrkjakerfið. Hlutfallið hefur farið hækkandi frá aðild. Er það í samræmi við það að smærri býli sem uppfylla ekki skilyrði fyrir styrkjum fara af markaði.

10.3.1 Ræktunarstyrkir í gróðurhúsum

Af töflu 23 er vísað í styrki til ræktunar í gróðurhúsum. Í töflu 24 hér að neðan má sjá hvernig þeim styrkjum er úthlutað. Styrkir eru veittir á hvern fermetra og er fjárhæð styrksins breytileg eftir því hve lengi ræktunin stendur yfir árið. Styrkir á hvern fermetra námu €11,4 á fermetra árið 2008. Styrkir hafa lítið breyst frá því að þeir voru teknir upp við inngöngu í ESB. Líkt og áður segir þá eru styrkir að fullu fjármagnaðir af finnska ríkinu. Af töflu hér að ofan má sjá að veittir styrkir voru 37 milljónir evra árið 2008.

Tafla 24: Styrkir til gróðurhúsaræktunar eftir lengd ræktunartíma (svæði C, hámark) (€/m²)

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
7 mán.>	n.a.	16,8	12,1	10,9	10,3	11,4	11,4	11,4	11,4	12	12,8	12,8	12,7	11,3	11,2
2-7mán.	n.a.	8,4	6,1	5,6	5,2	5,7	5,7	5,7	5,7	6	5,9	5,3	4,8	4,3	4,3

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998), Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009).

Í töflunni hér að ofan má sjá hámarksstyrki til ræktunar á svæði C. Styrkir til annarra svæða eru svipaðir en ögn lægri. Greiddir styrkir á hvern fermetra hafa verið um €10,3 að meðaltali frá árinu 1995. Enginn verulegur munur er á milli svæða í styrkjum til gróðurhúsaræktunar.

³⁴ Áætlun m.v. upplýsingar frá Anu Koivisto hjá MTT Finnland

10.3.2 Aðrir styrkir til garðyrkjunnar

Garðyrkjan hefur, fyrir utan þá styrki sem nefndir eru hér að ofan, fengið styrki til auglýsinga. Styrkirnir eru fjármagnaðir af finnska ríkinu og hafa verið samþykktir af ESB. Gildistími samningsins var frá árinu 2002 til 2007. Engar upplýsingar eru til reiðu um hvort sá samningur var framlengdur. Árið 2002 nam styrkupp hæðin um 1,17 milljónum evra og geta styrkirnir aldrei orðið meiri en 50% af kostnaði auglýsinga (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2002).

Ræktendur í gróðurhúsum í Finnlandi fá niðurgreiðslur á rafmagni til ræktunar. Niðurgreiðslurnar eru í formi endurgreiðslu á hluta af þeim sköttum sem þeir greiða, auk þess sem þeir greiða lægri taxta fyrir orkuna. Árið 2008 var áætlað að gróðurhús í Finnlandi noti um 1.800 GWst³⁵ (einungis er um að ræða gróðurhús sem eru stærri en 1.000 m²). Samkvæmt skýrslu frá finnska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þá kemur megnið af raforku sem notuð er í gróðurhúsum frá olíunotkun (75%), hitaveitu (5%) og rafmagni (19%) auk þess sem 1% kemur frá lífoldsneyti (e. biofuel) (Ministry of Trade and Industry et. al., 2007). Olíunotkun hefur þó dregist saman undanfarin ár og notkun rafmagns aukist. Hlutfall rafmagns var komið í um 28% árið 2008.

Heildarorkunotkun á raforku í finnskum landbúnaði árið 2006 var um 12,000 GWst. Þar af notuðu ræktendur í gróðurhúsum um 1,800 GWst. Samkvæmt samningi sem finnska ríkið gerði við Evrópusambandið er Finnum leyft að greiða 190 milljónir evra í styrki til landbúnaðar vegna niðurgreiðslna á rafmagni á tímabilinu 2005 til loka árs 2013. Styrkirnir hafa numið um 21 milljón evra árlega til landbúnaðar í heild sinni. Niðurgreiðslur á rafmagni voru alls um 2 milljónir evra árið 2009³⁶ (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2009).

Þar að auki geta býli fengið fjárfestingastyrki en þeir eru að mestu bundnir við vel rekin fyrirtæki og þau sem eru um eða yfir meðallagi að stærð. Fyrirtæki þarf þar að auki að geta sýnt fram á árangur í rekstri til að fá slíka styrki. Engar tölur eru til reiðu um upphæð þeirra styrkja til garðyrkjunnar. Í kafla 12 hér að neðan er tekið er dæmi um finnsk garðyrkjubýli sem gefur grófa hugmynd um umfang þeirra.

Þróun hefur verið í þá átt að framboð grænmetis er jafnara yfir árið sem má rekja til aukinnar notkunar lýsingar. Ef skoðuð er ræktun lengur en í 10 mánuði á ári má sjá að ræktun á tómtum hefur aukist töluvert yfir vetrarmánuðina frá árinu 2002 en ræktun á gúrku staðið í stað. Aukin framleiðsla hefur átt sér stað að töluverðu leyti að vetri til og stuðlað að jafnara framboði á innlendu grænmeti. Sjá töflur A-15 og A-16 í viðauka.

³⁵ Gígavattstundir

³⁶ Niðurgreiðslan er fólgin í endurgreiðslu á greiddum orkusköttum.

10.4 Styrkir til útiræktunar

Styrkir til útiræktunar eru afar flóknir. Er það af þeim sökum að styrkirnir koma úr mörgum flokkum. Reynt hefur verið að einfalda kerfið undanfarin ár með svokölluðu eingreiðslukerfi en þrátt fyrir það er um nokkrar greiðslur að ræða. Styrkir eru þó að grunni til tvennskona. Annars vegar er um að ræða ræktunarstyrki og aðra styrki sem veittir eru miðað við ræktunarland. Þeir styrkir gátu numið allt að 1.100 evrum á hvern hektara árið 2009 í garðyrkjuni. Hins vegar eru veittir margskonar aðrir styrkir, svo sem fjárfestingastyrkir og geymslustyrkir sem eru ekki bundnir við ræktunarland. Styrki til útiræktunar má finna í töflu 23 hér að ofan undir floknum ræktunarstyrkir og aðrir styrkir.

Ef þróun undanfarinna ára er skoðuð þá má sjá að greiddir styrkir hafa verið að hækka í útirækt. Þá þróun má rekja til aukinna umhverfisstyrkja sem dæmi eru ætlaðir til að gera ræktunina umhverfisvænni og því fellur oft til umtalsverður kostnaður á móti þeim styrkjum sem veittir eru. Styrkjunum er ekki ætlað að styðja við ræktunina heldur stuðla að umhverfisvænni starfsháttum greinarinnar. Ströng skilyrði gilda fyrir úthlutun styrkja og ef umsamin markmið nást ekki er viðkomandi fyrirtæki svipt öllum styrkjum, ekki einvörðungu umhverfisstyrkjum. Þetta hefur leitt til þess að nokkuð er um það að fyrirtæki notfæra sér ekki umhverfisstyrkina að fullu af ótta við að vera svipt öllum styrkjum (Koivisto, 2010).

Ef heildarstyrkir til garðyrkjunnar eru skoðaðir, ræktunarstyrkir og svo hins vegar aðrir styrkir og þeirri fjárhæð deilt niður á hektara þá fæst það út að heildarstyrkir nema á milli 1.300 og 1.400³⁷ evrum á hektara árin 2008 og 2009.

10.4.1 Geymslustyrkir og aðrir styrkir

Fyrir utan styrki til ræktunar þá geta þeir aðilar sem standa í útirækt einnig fengið styrki vegna geymslu á afurðum. Af töflu 25 hér að neðan má finna reglur um úthlutun þeirra.

Tafla 25: Geymslustyrkir (€/m²)

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Með hitastýringu	n.a.	20,2	18,2	16,8	15,7	15,1	15,1	15	14,5	14,2	14,2	14,2	14,2	14,2	14,2
Án hitastýringar	n.a.	13,5	12,1	11,3	10,4	10,1	10,1	10,1	10,1	9,8	9,8	9,8	8,8	8,8	8,8

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998), Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009).

Styrkir á hvern rúmmetra gátu numið allt að 14,2 evrum árið 2008. Styrkirnir hafa verið stöðugir undanfarin ár eftir nokkra lækkun í kjölfar aðildar. Upplýsingar um heildarfjárhæð veittra styrkja má finna í töflu 23 hér að ofan.

³⁷ Heildarstyrkjum til garðyrkju sem falla til útiræktar er deilt með fjölda hektara sem njóta styrkja. Ræktunarstyrkir geta þó hæst numið €1100 á hektara.

Þar að auki gátu bændur fengið styrki vegna áburðarnotkunar, fyrirbyggjandi aðgerða til að vernda uppskeru á fjölærum plöntum sem og styrki til að vernda plöntur fyrir sýkingum (pestum). Þessir styrkir geta numið frá 90 til ríflega 250 evrum á hektara. Í skilningi finnskra laga þá eru þau fyrirtæki sem eru í útiræktun skilgreind sem býli og fá ákveðin skattafríðindi í tengslum við það. Gróðurhús njóta ekki þessa skattaafsláttar.

11 Rekstraryfirlit landbúnaðarins

Í þessum kafla er farið yfir rekstrarafkomu landbúnaðarins og garðyrkjunnar frá aðild að ESB. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar má finna hér að neðan.

Tafla 26: Tekju- og kostnaðaryfirlit landbúnaðar og garðyrkju (á verðlagi hvers árs).

	1994	1995	1996	2002	2007	2008
Heildartekjur	4.273	3.762	3.652	3.960	4.322	4.597
<i>Landbúnaðar (án garðyrkju)</i>	3.903	3.428	3.267	3.549	3.860	4.127
<i>Garðyrkju</i>	370	334	384	411	462	470
Heildarkostnaður	2.876	2.527	2.571	2.812	3.301	3.728
<i>Landbúnaðar (án garðyrkju)</i>	2.630	2.285	2.320	2.536	2.979	3.375
<i>Garðyrkju</i>	246	242	251	275	322	353
Rekstrarafgangur	1.397	1.234	1.081	1.148	1.021	869
<i>Landbúnaðar (án garðyrkju)</i>	1.273	1.143	948	1.013	881	752
<i>Garðyrkju</i>	124	92	133	136	141	117

Heimild: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998) Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009)

Af töflunni hér að ofan má sjá að tekjur landbúnaðarins drógust töluvert saman við aðild árið 1995 en kostnaður breyttist hinsvegar lítið. Af þeim sökum versnaði rekstrarafkoma landbúnaðarins umtalsvert. Tekjur greinarinnar hafa þó vaxið og náð fyrra gildi en rekstrarafkoman hefur hinsvegar versnað nokkuð frá aðild. Rekstrarafgangurinn hefur dregist saman úr um 1.300 milljónum evra í 750 milljónir árið 2008.

Ef rekstrarafkoma landbúnaðarins er skoðuð á föstu verðlagi þá má sjá að rekstrarafkoman hefur dregist saman um nær helming. Af töflu 26 hér að ofan sjáum við rekstrarafgang greinarinnar á breytilegu verðlagi, þ.e. verðlagi hvers árs.

Afkoma garðyrkjunnar hefur verið betri en afkoma landbúnaðarins. Tekjur garðyrkjunnar voru fljótar að jafna sig eftir aðild og náðu sama gildi strax árið 1996. Af töflunni má sjá að rekstrarafgangur garðyrkjunnar hefur ekki versnað jafn mikið og afgerandi og í landbúnaði. Nánari umfjöllun um rekstrarafkomu garðyrkjunnar má finna hér að neðan.

11.1 Rekstraryfirlit garðyrkjunnar

Hér að neðan má finna yfirlit yfir helstu stærðir í rekstri garðyrkjunnar í Finnlandi frá 1990 til 2008. Ræktunin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða útiræktun og hins vegar ræktun í gróðurhúsum. Í töflunni má einnig finna upplýsingar um niðurgreiðslur sem greiddar hafa verið vegna ræktunarinnar. Athugið að niðurgreiðslur á rafmagni og auglýsingastyrkir eru ekki sérstaklega aðgreindir í þessum tölum.

Tafla 27: Rekstraryfirlit garðyrkjunnar frá 1992 til 2008¹.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Velta útiræktunar	125	113	135	110	119	109	108	112	127	120	137	143	133	133	140	169	175
<i>Grænmeti</i>	61	62	77	54	59	61	64	65	76	73	80	83	80	76	82	100	95
<i>Ber og ávextir</i>	45	32	40	37	41	30	26	29	32	29	37	39	32	36	37	47	56
<i>Annað</i>	19	19	19	20	19	18	18	18	19	19	20	20	21	21	21	22	23
Velta gróðurh. rækt.	220	229	234	175	184	273	177	180	187	191	223	215	224	221	234	235	237
<i>Blóm</i>	121	106	125	96	93	88	91	92	90	90	110	100	105	97	94	99	97
<i>Grænmeti</i>	99	123	109	79	92	86	86	88	97	102	113	115	119	124	140	136	140
A:Velta án niðurgreiðsl.	345	342	370	285	303	283	285	292	313	312	360	358	357	354	375	403	412
B: Niðurgreiðslur	0	0	0	49	81	59	51	49	54	54	50	54	54	54	56	59	58
<i>Ræktun í gróðurhúsum</i>	0	0	0	41	60	40	34	35	41	41	41	40	40	40	39	38	37
<i>Uppskerustyrkir</i>	0	0	0	n.a.	9	8	6	4	3	3	2	2	2	2	2	2	2
<i>Aðrir styrkir</i>	0	0	0	8	11	11	11	10	11	11	8	11	12	12	15	19	19
Heildarvelta(A+B)	345	342	370	334	384	441	336	341	368	366	411	411	411	408	430	463	470
C: Kostnaður	233	243	246	242	251	254	256	263	277	280	275	277	289	300	311	313	354
Rekstrarafgangur (A+B-C)	112	99	124	92	133	88	80	77	91	86	135	134	123	108	119	150	117

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998) Finnish Agriculture and Rural Industries (2002), Finnish Agriculture and Rural Industries (2005) og Finnish Agriculture and Rural Industries (2009) og útreikningar höfundanna... 1. Allar tölur eru í milljónum evra, ECU (European Currency unit) fyrir 1999. Tölur fyrir árin 1992 til 1994 eru áætlaðar m.v. fast gengi á milli ECU og finnska marksins.

Af töflu 27 má glögglega sjá að greinin varð fyrir nokkru höggi árið 1995 þegar Finnland gerðist aðili að ESB. Velta greinarinnar dróst saman úr 370 milljónum evra í 285 milljónir milli 1994 og 1995, eða um 23%. Ef tekið er tillit til styrkja þá var höggið ekki eins mikið og nam samdrátturinn í veltu um 8% í gróðurhúsaræktun en tæplega 13% í útiræktun. Kostnaður garðyrkjunnar breytist einungis lítillega milli ára og því var samdráttur í tekjum nokkur og nam hann um 20% milli ára.

Frá aðild hefur þróunin þó verið hagfelldari. Velta greinarinnar, án niðurgreiðslna, hefur vaxið nokkuð stöðugt og umtalsvert umfram almennar hækkanir á verðlagi. Nokkuð athyglisverð þróun hefur átt sér stað í ræktun í gróðurhúsum en þar hefur ræktun á sumum blómum verið að dala en vöxtur grænmetisræktar verið þeim mun meiri ef horft er til veltu.

Þessi þróun er athyglisverð fyrir þær sakir að flatarmál í gróðurhúsum hefur haldist stöðugt á þessu tímabili og er því velta á hvern fermetra að vaxa umtalsvert.

Rekstrarafkoma garðyrkjunnar versnaði nokkuð við aðild að ESB. Afkoman hefur þó verið að batna undanfarin ár og hefur verið svipuð og hún var fyrir aðild. Athuga ber að um nafnbreytingar er að ræða og því hefur afkoma dregist lítillega saman ef litið er til raunstærða. Breytingin er þó ekki jafn mikil og ætla mætti enda hefur verðbólga verið stöðug og lág undanfarin 15 ár, samanber mynd B-6 í viðauka.

Ef horft er til rekstrarafgangs landbúnaðar sem heildar þá má sjá að garðyrkjan kemur betur út í þeim samanburði. Rekstrarafgangurinn hefur dregist saman úr um 1.300 milljónum evra í um 750 milljónir evra í landbúnaði á meðan rekstrarafgangur er svipaður í garðyrkjunni nú og fyrir aðild, samanber töflu 27 hér að ofan. Samdráttur í tekjum garðyrkjunnar var mildaður með styrkjum sem dró úr þeim tekjumissi sem fyrirtæki í greininni urðu fyrir. Ef litið er til niðurgreiðslna þá hafa þær haldist nokkuð stöðugar frá aðild. Vöxturinn hefur verið í liðnum „aðrir styrkir“. Undir þeim lið má finna margskonar styrki en áætlað er að þeir styrkir fari nær einvörðungu til útiræktunar grænmetis.³⁸

Á síðastliðnum 15 árum hefur ræktun þróast umtalsvert. Ekki hefur verið mikið um gjaldþrot í greininni frá inngöngu í ESB heldur hafa þau fyrirtæki sem eru hvað minnst og óhagkvæmust í rekstri farið af markaði. Það hefur leitt af sér mikla fækkun býla en þau býli sem eru eftir hafa þróast og einbeitt sér í frekara mæli að ræktun yfir vetrarmánuðina, sérstaklega á grænmeti (Jalkanen, 2010).

12 Rekstraryfirlit - FADN og Economy Doctor

Í þessum kafla er stuðst við gögn sem fengin eru frá Economy Doctor gagnagrunninum í Finnlandi sem er tengt MTT Finnland og byggir á FADN gagnagrunni ESB. Í gagnagrunni FADN er hægt að nálgast upplýsingar um rekstur fyrirtækja í landbúnaði innan ESB. Gögnin byggja á úrtaki búa frá hverju aðildarríki og eru sett fram á grundvelli eins fyrirtækis, þ.e. hvað fyrirtæki í t.d. garðyrkju er að fá í tekjur og styrki, gjöld o.s frv. Gögnin eiga að endurspegla viðkomandi grein. Í þessum kafla er stuðst við gögn úr þessum grunni til að sýna fram á hvernig rekstri býla í Finnlandi er háttað. Þegar vísað er í FADN eða Economy Doctor er um úrtaksstærðir að ræða og tölurnar miðast við meðaltal á hvert býli.

³⁸ Anu Koivisto, sérfræðingur í finnskri garðyrkju hjá MTT Agrifood Research Finland, áætlað að innan við 1% fari til ræktunar í gróðurhúsum.

12.1 Rekstur búa - dæmi

Í töflu hér að neðan má finna rekstrargögn um finnsk bú þar sem stunduð er grænmetisrákt í gróðurhúsum. Gögnin sýna tekjur búa að meðaltali og hve stór hluti af tekjum býla kemur frá styrkjum.

Tafla 28: Tekjuskipting býlis í grænmetisrákt í gróðurhúsum (€ per býli að meðaltali)

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Heildartekjur	128.100	134.700	157.200	165.500	198.400	196.400	228.300	238.700	274.300	324.100	334.800
Styrkir samtals	26.200	27.000	29.700	32.100	37.700	35.100	36.700	36.800	40.400	36.900	35.800
<i>Gróðurhúsastyrkir¹</i>	26.100	26.900	29.600	31.900	35.100	33.700	36.000	36.800	38.700	36.200	34.300
<i>Aðrir styrkir</i>	80	80	100	180	2.650	1.360	640	-	1.460	360	260
<i>Fjárfestingastyrkir</i>	-	-	-	-	-	-	110	70	270	320	550
Styrkir (% af tekjum)	20	20	19	19	19	18	16	15	15	11	11

1. (e. Field subsidy) Veittir á hvern fermetra í ráktun. Heimild: (Economy Doctor, 2010).

Af töflu 28 má vera ljóst að greinin hefur vaxið mjög hratt undanfarin ár. Tekjur að meðaltali á hvert býli í úrtakinu hafa 2,5 faldast á tíu ára tímabili, úr tæplega 130 þúsund evrum að meðaltali í um 335 þúsund evrur eða um tæplega 50 milljónir króna³⁹ árið 2007. Ef tekjurnar eru bornar saman við Ísland má sjá að tekjur í grænmetis- og garðplönturákt voru að meðaltali 33 milljónir króna árið 2007 að meðaltali á hvert býli. Athuga ber þó að úrtakið í Finnlandi nær í meira mæli til stærri býla og því líklegt að meðalstærðin sé eitthvað lægri en þessar tölur gefa til kynna. Það sama á við um Ísland að einhverju leyti en þó er úrtakið mun stærra hlutfall af heildinni.

12.1.1 Styrkir í hlutfalli við tekjur

Af töflu 29 má sjá samanburð á þróun styrkja í landbúnaði í hlutfalli við tekjur frá árinu 1998 til 2008.

Tafla 29: Styrkir sem hlutfall af tekjum (%)⁴⁰

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Landbúnaður samtals	37,3	36,8	41,5	41,2	40,3	39,4	38,5	39,1	38,4	36,1	37,4
Garðyrkja alls	16,5	16,9	16,6	17,1	14,7	14,5	15,1	16,2	15,4	13,3	12,3
<i>Blómarákt í gróðurhúsum</i>	11,2	8,8	11,5	11,2	10	10,1	9,7	9,5	9,5	9	8,1
<i>Grænmetisrákt í gróðurhúsum</i>	20,4	20	18,9	19,4	19	17,9	16,1	15,4	14,7	11,4	10,7

Heimild: Economy Doctor, (2010)

Á töflunni sést að styrkir í landbúnaði í heild í hlutfalli við tekjur hafa lítið breyst frá árinu 1998. Sjá má að styrkir hækkuðu nokkuð árið 2000 í kjölfar Agenda 2000

³⁹ Miðað er við að gengi evrunnar sé um 150 krónur fyrir hverja evru.

⁴⁰ Gögn byggja á úrtaki sem á að endurspeglar viðkomandi grein.

endurskoðunarinnar en hafa frá þeim tíma lækkað í það hlutfall af tekjum sem það var í áður en til þeirrar endurskoðunar kom.

Samkvæmt töflunni hafa styrkir til garðyrkjunnar lækkað frá 1998. Mikla lækkun styrkja árið 2007 í garðyrkju og grænmetisrækt má rekja til þess að ræktun á kúmeni var tekin úr flokki með grænmeti og færð í sér flokk. Ræktun á kúmeni var afar arðbær og hafði ræktunarland þess vaxið mjög ört og voru styrkir vegna ræktunarinnar háir. Lækkunina milli 2006 og 2007 má því rekja að einhverjum hluta til þessarar kerfisbreytingar.

Að teknu tilliti til þeirra kerfisbreytinga þá má ætla að styrkir til garðyrkju í heild hafi lækkað lítillega. Ef hins vegar ræktun í gróðurhúsum er skoðuð sérstaklega þá má sjá að þrátt fyrir kerfisbreytinguna árið 2007 þá hafa styrkir lækkað umtalsvert. Sérstaklega á þetta við um grænmetisræktina í gróðurhúsum þar sem styrkir hafa lækkað um tæpan helming sem hlutfall af tekjum. Af töflunni hér að ofan má ráða að styrkir til útiræktunar hafi hækkað nokkuð. Ekki eru til sundurliðaðar tölur um það en af umtalsverðri lækkun styrkja til blóma- og grænmetisræktar í gróðurhúsum má sjá að styrkir til útiræktunar hafi ekki fylgt á eftir þar sem heildarstyrkir til garðyrkjunnar hafa ekki lækkað í samræmi við þá lækkun. Styrkir til útiræktunar hafa því verið að vaxa sem er í samræmi við umfjöllun hér að ofan um útiræktað grænmeti og umhverfisstyrki.

Nokkuð áhugavert er að bera saman rekstrarafkomu grænmetisræktarinnar úr töflu 28 saman við töflu 29 hér að ofan um hlutfall styrkja af tekjum. Tekjur gróðurhúsaræktunarinnar hafa verið að aukast hröðum skrefum en á sama tíma hafa styrkir ekki fylgt þeirri þróun. Sú þróun skýrir lækkun styrkja í hlutfalli við tekjur og bendir eindregið til þess að sjálfbærni ræktunarinnar sé að aukast, þar sem ræktendur eru í auknum mæli að treysta á tekjur af afurðinni í stað styrkja.

12.2 Samanburður á styrkjum í Finnlandi og í ESB

Út frá FADN gögnum er hægt að bera saman styrki í hlutfalli við tekjur fyrirtækja í löndum ESB. Samkvæmt úrtaki FADN þá var hlutfallið um 13% í Finnlandi árið 2007 fyrir garðyrkjuna í heild sinni. Afar mikilvægt er að aðgreina þá niðurstöðu frá töflu 23, þar sem sýndir voru styrkir til gróðurhúsaræktunar. Mikill munur er þar á enda vantar alla útirækt í þá tölu sem gefin var upp í þeirri töflu.

Tafla 30: Hlutfall styrkja af heildarveltu garðyrkjunnar í löndum ESB árið 2007¹

Land	Hlutfall	Land	Hlutfall	Land	Hlutfall
Finland (1996)	23,0%	Litháen	5,8%	Spánn	1,3%
Ísland (2008) ²	22,9%	Ungverjaland	3,6%	Pólland	1,3%
Finland (2000)	20,6%	Eistland	2,5%	ESB (meðaltal)	1,3%
Finland (1997)	20,1%	Grikkland	2,1%	Frakkland	1,1%
Finland (1999)	17,7%	Portúgal	2,1%	Þýskaland	1,0%
Malta	13,2%	Tékkland	1,8%	Holland	0,9%
Finland (2007)	12,9%	Danmörk	1,6%	Bretland	0,8%
Litháen (2006)	10,1%	Belgía	1,5%	Búlgaría	0,7%
Rúmenía	6,5%	Svíþjóð	1,5%	Ítalía	0,2%

1. Ár innan sviga ef annað en 2007. Tölur fyrir Ísland ná einvörðungu til þess hluta garðyrkjunnar sem fellur undir beingreiðslukerfi styrkja. Aðrar tölur ná til garðyrkjunnar í heild sinni, bæði inni og útiræktunar. Heimild: FADN (2010)

Af töflunni hér að ofan má sjá að styrkir til garðyrkju hafa verið umtalsvert hærri í Finnlandi en í öðrum löndum ESB að meðaltali. Árið 2007 þá námu styrkir í garðyrkjunni um 13% af tekjum bænda í Finnlandi sem var svipað hlutfall og á Möltu. Þessi tvö lönd skera sig nokkuð úr hvað varðar styrki til garðyrkjunnar árið 2007. Önnur lönd styrkja garðyrkjuna minna miðað við þennan mælikvarða. Meðaltal ESB er um 1,3% árið 2007. Þau lönd sem koma í kjölfarið eru t.d. Rúmenía og Litháen sem nýlega gengu í sambandið. Nokkra athygli vekur að hlutfallið er einvörðungu um 1,5% - 1,6% í Danmörku og Svíþjóð.

Ræktendur í gróðurhúsum á Íslandi fengu um 23% af tekjum sínum í formi styrkja árið 2007. Athuga ber að tölurnar fyrir lönd ESB ná til garðyrkjunnar í heild sinni, bæði inni- og útiræktar og því óvíst hve nákvæmur samanburðurinn sé. Hérlandis fengu ræktendur svipað hlutfall af tekjum i formi styrkja árið 2008 og finnskir ræktendur fengu árið 1996, ári eftir aðild að ESB. Hlutfallið fór hæst í 41% á Íslandi árið 2003 en hefur lækkað stöðugt frá þeim tíma en þróunina má sjá af mynd B- 8 í viðauka.

13 Íslensk bú í finnsku umhverfi

Í ljósi þeirra svipuðu aðstæðna sem er að finna í landbúnaði hér á landi og í Finnlandi fyrir aðild að Evrópusambandinu má varpa fram þeirri spurningu hvaða áhrif aðild hefði á íslenskan landbúnað og afkomu íslenskra bænda. Viss skortur er á gögnum hér á landi sem torveldar að hægt sé að gera þennan samanburð nákvæman. Hér er gerð tilraun til að meta áhrif aðildar að ESB á íslenska garðyrkju í ljósi reynslu Finna og finnska aðildarsamningsins. Sökum téðs gagnaskorts verður þetta þá aðeins gróft mat sem gefa á hugmynd um við hverju megi búast.

13.1 Ræktun í gróðurhúsum í finnsku umhverfi

Aðild að ESB mun krefjast endurskoðunar á fyrirkomulagi styrkja til grænmetisræktar hér á landi. Hér er lögð áhersla á þann hluta ræktunarinnar sem fellur undir beingreiðsluhluta ræktunarinnar, þ.e. ræktun á papriku, tómötum og gúrkum.

Í neðangreindri töflu er skoðað hvernig styrkir árið 2008 hefðu verið ef sama kerfi væri við lýði og í Finnlandi. Einvörðungu eru bornir saman styrkir til ræktunar í gróðurhúsum, samanber kafla 10.3.1, og styrkir sem veittir eru til beingreiðslu hérlendis. Ekki er tekið tillit til annarra styrkja, hvorki á Íslandi né í Finnlandi, nema óbeint.⁴¹

Í Finnlandi árið 2008 féllu um 88% af heildarfermetrafjölda gróðurhúsa undir styrkjakerfi Evrópusambandsins. Í töflunni hér að neðan eru styrkfjárhæðir sýndar bæði miðað við fulla nýtingu og svo ef nýtingarhlutfall fermetra væri 85%. Jafnframt er gert ráð fyrir því að gengi evrunnar sé 150 krónur fyrir hverja evru.

Tafla 31¹: Styrkir til beingreiðsluhluta grænmetisræktar í finnsku umhverfi (m.v. 2008).

	Tómatar	Gúrkur	Paprika	Alls
<i>Fjöldi fermetra (þúsundir)</i>	42	24	12	78
Styrkir árið 2008 m.v. finnska kerfið				
<i>Styrkir (m.v. 100% nýtingu) m.kr.</i>	64	37	19	120
<i>Styrkir (m.v. 85% nýtingu) m.kr.</i>	55	32	16	102
Styrkir á Íslandi árið 2008, m.kr.	112	83	34	228

1. Gert er ráð fyrir að gengi evrunnar sé 150 krónur per evru. Gert er ráð fyrir því að styrkir nemi €10,3 evrum að meðaltali á fermetra sem er meðaltalið í Finnlandi frá aðild.

Heimild: Útreikningar höfunda

⁴¹ Sem dæmi þá eru styrkir til niðurgreiðslu á rafmagni í báðum löndum en hvorugt landið sundurgreinit í rekstrarniðurstöðum búa hve mikið hver ræktandi er að fá í sinn hlut. Því er horft framhjá slíkum flækjum sem ættu á endanum ekki að hafa afgerandi áhrif á niðurstöðuna þar sem stór hluti þeirra ætti að vinna á móti hvoru öðru og því nettó áhrifin lítil.

Af töflu 31 má sjá að ef gert er ráð fyrir því að sami fjöldi fermetra fari undir ræktun í gróðurhúsum þá hefðu styrkirnum numið á milli 102 og 120 milljónum króna. Til samanburðar þá voru hérlendis greiddir styrkir þetta sama ár að andvirði 228 milljónir króna. Af því má sjá að styrkir vegna ræktunar þeirra tegunda er heyra undir beingreiðslukerfið hefðu verið um helmingur af því sem það var sama ár ef styrkveitingarnar væru sambærilegar við það sem gerist í Finnlandi. Ef skoðaðir eru styrkir til einstakra tegunda má sjá að mest hefðu styrkir lækkað hlutfallslega í gúrkurækt eða um tæplega 60%. Lækkunin væri minni í papriku- og tómatarækt en næmi þó á milli 45% og 50%. Ljóst má vera að ræktunarstyrkir til ofangreindra tegunda myndu lækka umtalsvert ef sama styrkjakerfi væri hérlendis og í Finnlandi.

13.1.1 Áhrif á verð og selt magn

Frá árinu 2002 hafa engir tollar eða aðgangshindranir verið á grænmeti hingað til lands. Verð lækkaði mikið í kjölfar afnáms tolla árið 2002 líkt og má sjá af mynd 5 í fyrri hluta skýrslunnar. Smásöluverð lækkaði um 30% til 50% eftir tegundum sem er sambærileg lækkun og átti sér stað í Finnlandi milli árunna 1995 og 1996. Aðild að ESB ætti þar af leiðandi ekki að hafa afgerandi áhrif á verð á tómtum, gúrku og papriku þar sem engar hindranir eru á verslun með þessar vörur. Hins vegar er líklegt að framleitt magn dragist saman. Af töflu 32 hér að neðan má sjá hlutfall beingreiðslna af heildarverði til ræktenda á Íslandi. Í töflunni sést að hlutfallið er hæst í paprikurækt en það hefur farið lakkandi undanfarin ár. Eftir því sem hlutfallið er hærra því meira reiðir ræktunin sig á styrki og er ólíklegri til að geta staðið undir sér án styrkja eða ef styrkir lækka.

Ef að aðild kemur þá má telja næsta víst að styrkir lækki hvort sem það verður strax við aðild eða jafnóðum. Þó er ekki loka fyrir það skotið að verð til bænda lækki ekki sem nemur lækkun styrkja. Hugsanlegt er að framleiðsla dragist saman og færri en stærra aðilar sjái um markaðinn. Minna framboð leiðir til verðhækkana til bænda svo fremi sem neytandi vilji fremur innlenda vöru en þá innfluttu, þ.e. kaupir ekki einvörðungu innfluttar vörur. Því er ekki að fullu ljóst hve mikið verð til bænda lækkar.

Tafla 32:¹ Hlutfall beingreiðslna af heildarverði á Íslandi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Paprika	63%	53%	49%	54%	48%	44%	38%
Gúrkur	38%	40%	38%	33%	33%	30%	26%
Tómatar	32%	41%	30%	26%	26%	24%	23%
Kirsuberjatómatar	16%	21%	13%	10%	10%	10%	9%

1. Fjallað var um þessar tölur á myndum 7, 9, 10 og 12 hér að ofan.

Heimild: Útreikningar höfunda og Magnús Ágústsson(2010).

Tafla 32 sýnir hlutfall beingreiðslna hérlendis miðað við núverandi kerfi og hversu þungt beingreiðslur frá ríkinu hafa vegið í tekjum garðyrkjuræktenda. Þessi tafla er svipuð töflu 30 hér að ofan þar sem má finna hlutfall styrkja af heildartekjum garðyrkjubýla í ESB. Styrkir hérlendis hafa verið umtalsvert hærra hlutfall af tekjum bænda en í löndum Evrópusambandsins. Ef samanburður við Finnland er skoðaður má þó sjá að fljótlega eftir inngöngu var hlutfallið um 20% af tekjum sem er ekki ósvipað því sem gerist hérlendis. Kirsuberjatómatar koma best út í þessum samanburði en einungis 9% af tekjum af ræktun koma til vegna styrkja sem er ögn lægra en sama hlutfall árið 2007 í finnskri garðyrkju.

13.2 Gróðurhúsarækt - tómatar, paprika og gúrka

Í þessum kafla er áætlað hvernig ræktun á tómötum, paprikum og gúrkum væri ef Ísland byggir við sama fyrirkomulag styrkja og tíðkast í Finnlandi. Aðferðin er í meginatriðum fólgin í því að meta tekjur ræktenda af styrkjum og af sölu afurðar við núverandi fyrirkomulag og hvernig tekjur og kostnaður myndu breytast við aðild að ESB. Í þessum kafla er líkt og hér að ofan eingöngu gert ráð fyrir ræktunarstyrkjum til gróðurhúsa sem numið hafa um tíu evrum á hvern fermetra á ári í Finnlandi.

13.2.1 Áætlun á tekjum

Tekjur hvernar greinar eru auðfundnar út frá skilagreinum í garðyrkjunni undanfarin ár. Þar má finna verð, magn og upphæð niðurgreiðslu. Tekin eru meðaltöl fyrir árin 2006 til 2008 eftir að búið er að færa öll gögn yfir á verðlag ársins 2008.

Í umfjölluninni hér að neðan er gert ráð fyrir að framleitt magn og verð haldist óbreytt. Þar sem innflutningur er frjálss á tómötum, papriku og gúrku þá má ætla að verðmyndun á markaði verði með svipuðu móti eftir aðild. Lækkun styrkja mun bitna á ræktendum en líklegt má telja að hluti af þeirri lækkun muni verða fleytt út í verðlagið, þ.e. greiðslur til bænda muni ekki lækka um alla þá fjárhæð sem nemur lækkun styrkja. Sérstaklega á þetta við um vörur þar sem innlendar afurðir eru ráðandi á markaði, s.s. tómata og gúrkur. Erfitt er að segja til um hve stór hluti af lækkuninni fellur á neytendur og hve stór á ræktendur. Líklegt má því telja að lækkun styrkja muni ekki verða jafn mikil og þessi áætlun gerir ráð fyrir.

Við áætlun á tekjum við aðild er gert ráð fyrir því að fyrirkomulag styrkja sé með sama sniði og lýst er hér að ofan í dæmi Finna. Miðað er við að greiddir styrkir verði að meðaltali €10,3 á hvern fermetra. Gert er ráð fyrir því að jafnvægisgengi krónunnar sé 150

krónur fyrir hverja evru. Tekið er meðaltal af fjölda fermetra hérlendis á árunum 2006 til 2008 fyrir hverja tegund og gert ráð fyrir því að sá fjöldi muni haldast óbreyttur.

Áætlun á styrkjum og tekjum af afurðum ætti að gefa nokkuð raunhæfa mynd af heildartekjum hvernar greinar. Meiri óvissa ríkir um áætlun á kostnaði sem nánar er farið í hér að neðan.

13.2.2 Áætlun á kostnaði

Áætlun á kostnaði við ræktun á hverri tegund er erfiðari viðfangs en áætlun á tekjum. Við áætlun á kostnaði er stuðst við gögn frá Hagþjónustu bænda⁴². Notuð eru gögn fyrir árin 2006 til 2008. Í viðauka má finna sambærilega útreikninga þar sem einvörðungu árin 2006 og 2007 eru notuð til viðmiðunar, sjá myndir A-17 til A-19. Við útreikninga hér að neðan eru allar tölur færðar á verðlag ársins 2008 og notaðar eru meðaltalstölur yfir greinina fyrir það tímabil. Er það gert til að koma í veg fyrir að óeðlilegar hreyfingar eitt einstakt ár hafi afgerandi áhrif á niðurstöðuna.

Gagnasafnið sem Hagþjónusta bænda tekur saman nær til grænmetisræktar í heild sinni og því ómögulegt að finna nákvæma áætlun á kostnaði við ræktun á einstakri tegund út frá þeim gögnum.⁴³ Því er farin sú leið að meta kostnað hvernar greinar (tómata, papriku og gúrku) út frá rekstrarniðurstöðu grænmetisræktar í heild sinni. Í raun er því stuðst við það að kostnaðarsamsetning gagnanna sýni með eins mikilli nákvæmni og hægt er kostnaðarsamsetningu grænmetisræktenda í gróðurhúsum, burtséð frá því hvað ræktað er á viðkomandi býli.

Kostnaður er metinn út frá vægi í úrtaksgögnum Hagþjónustunnar í hlutfalli við tekjur. Ef gert er ráð fyrir því að kostnaðarliðir breytist við aðild þá eru þeir aðlagðir miðað við það en krónutala annarra liða helst óbreytt (þ.e. aðlaga ekki vægi kostnaðarliða).

Ofangreind aðferð við áætlun á kostnaði við ræktun hvernar tegundar er langt frá því að vera fullkomin. Þrátt fyrir það er hún gagnleg og ætti að gefa eins góða mynd og hægt er að fá af því hver áhrifin verða af aðild. Ljóst er að kostnaðarsamsetning papriku, gúrku og tómata er ekki sú sama en þar sem gögn eru ekki til staðar fyrir einstakar tegundir er gengið út frá því að meðaltalið sem notað er til viðmiðunar gefi eins góða mynd af kostnaðarsamsetningu við ræktun á ofangreindum tegundum og hægt er að fá.

⁴² Gögn sem safnað er saman af Hagþjónustu bænda úr DK bókhaldsforritinu.

⁴³ Út frá gögnunum er hægt að áætla að um 50 til 75 % af tekjum ræktunarinnar komi frá tegundum sem tilheyra beingreiðslukerfinu, þ.e. ræktun á tómötum, papriku og gúrku. Ómögulegt er að segja til um hve stór hluti kostnaðarins fellur til vegna þeirrar ræktunar og því er rekstrarniðurstaðan í heild notuð til viðmiðunar um rekstrarafkomu.

13.2.3 Breyting einstakra kostnaðarliða

Heildarkostnaður finnskra garðyrkjubænda breyttist lítið ef horft er til áhrifa af aðild árið 1995. Hins vegar breyttist vægi kostnaðarliða nokkuð sem bendir til að aðildin hafi haft áhrif á nokkra kostnaðarliði garðyrkjunnar. Vaxtakostnaður garðyrkjunnar dróst sem dæmi töluvert saman fyrstu 4 árin eftir aðild. Kostnaður vegna aðfanga lækkaði strax umtalsvert við aðild, sérstaklega vegna olíu og skordýraeiturs (og annarra efna til varnar plöntum). Annar kostnaður breyttist lítið sem ekkert og hélst heildarkostnaður óbreyttur milli ára þar sem aðrir liðir vógu upp lækkun á aðföngum. Aukin notkun á aðkeyptu vinnuafli vegur þar mest.

Hérlendis mun aðild hafa áhrif á kostnað, aðallega aðkeypt aðföng og fjármagnsliði. Ólíklegt má telja að veruleg áhrif verði á fastan kostnað, launakostnað eða aðkeypta þjónustu. Við áætlun á breytingu kostnaðarliða er gengið út frá því að fastur kostnaður breytist ekki en breytilegur kostnaður muni lækka um 5%. Fastur kostnaður inniheldur liði sem eru að mestu eða öllu leyti óháðir aðild að ESB. Lækkun á breytilegum kostnaði má rekja til þess að aðföng og almennt verðlag muni lækka í kjölfar aðildar. Þetta er svipuð þróun og mátti sjá í Finnlandi árin eftir aðild.

Ef vaxtamunur á milli Finnlands og Íslands er skoðaður þá má ætla að fjármagnsliðir muni lækka verulega við aðild að ESB. Lækkun á vöxtum mun koma sér vel fyrir garðyrkjuna enda er hún afar skuldsett, samanber umfjöllun hér að ofan. Út frá áætlun á nafnvaxtamun, að teknu tilliti til verðbólguþróunar milli Finnlands og Íslands undanfarin 10 ár, þá má ætla að fjármagnsliðir garðyrkjunnar gætu lækkað um 35% til 40% við aðild. Í þessari greiningu er gert ráð fyrir að lækkunin verði 35,7%. Ekki er gert ráð fyrir því að afskriftir breytist við aðild.

Hér að neðan má finna áætlun fyrir hverja tegund fyrir sig samkvæmt þessum forsendum. Mikilvægt er að athuga að samkvæmt áætlun hér að neðan þá skiptir breytingin á milli mismunandi kerfa meira máli en rekstrarniðurstaðan sjálf. Það sem skiptir því megin máli er hvernig afkoma búa þróast hlutfallega frá því að landið standi utan ESB og þar til eftir að það gengur í sambandið.

13.3 Gúrkurækt


Í kaflanum hér að ofan þá mátti álykta að lækkun styrkja yrði mest í gúrkurækt. Af töflu 32 hér að ofan má sjá að um 26% af tekjum gúrkuræktar árið 2008 koma vegna styrkja. Af

töflu 33 hér að neðan má sjá að miðað við forsendur sem nefndar eru hér að framan þá lækka styrkir um 57%.

Tafla 33: Gúrkurækt í finnsku styrkjaumhverfi (m.kr)¹

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	299	248	-17%
<i>Styrkir</i>	87	37	-57%
<i>Tekjur af afurð</i>	211	211	0%
Kostnaður	300	281	-6%
<i>Fastur kostnaður</i>	160	160	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	85	81	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	39	24	-38%
<i>Afskriftir</i>	16	16	0%
Rekstrarhagnaður²	53	36	
Hagnaður/tap²	-2	-5	
Rekstrarhagnaður % af tekjum	18%	14%	
Hagnaður/tap % af tekjum	-1%	-2%	

1. Viðmiðunarár 2006 til 2008. 2. Hugsanlegt er að hagnaður stemmi ekki við tölur að ofan vegna aukastafa. Heimild: Útreikningar höfundna og Magnús Ágústsson (2010).



Mynd 21: Gúrkurækt í finnsku umhverfi (m.kr)

Heimild: Útreikningar höfundna og Magnús Ágústsson (2010).

Af töflu 33 og mynd 21 má sjá heildaráhrif á gúrkurækt. Líkt og áður sagði þá skiptir breytingin meginmáli en ekki rekstrarafkoman sjálf. Í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru að ofan þá lækkar fjármagnskostnaður um 37,5%, og breytilegur kostnaður um 5%. Heildarkostnaðarlækkun nemur um 6%. Áætlað er að samdráttur í tekjum komi til

með að vera um 17%. Af þessu má ljóst vera að rekstrarafkoma gúrkuræktarinnar versnar. Miðað við gögnin hér að ofan er um 2 milljóna króna tap af rekstrinum við núverandi kerfi en tapið vex í um 5 milljónir við aðild. Rekstrarhagnaðurinn minnkar einnig töluvert en lækkunin hefur minni áhrif á heildarafkomu sökum lægri fjármagnsliða líkt og sjá má af töflu hér að ofan. Sjá einnig töflu A-17 í viðauka en þar er miðað við úrtaksgögn árána 2006 til 2007. Þrátt fyrir það munu tekjur ræktenda lækka sem gæti haft neikvæð áhrif á innlenda framleiðslu. Hagur ræktenda myndi því að öllum líkindum versna vegna lægri styrkja og lægra heildaverðs til bænda, allavega til skemmri tíma. Markaðshlutdeild innlendrar ræktunar á gúrkum hefur verið ríflega 95% undanfarin 3 ár og því er innlend framleiðsla ráðandi. Þetta má skýra með því að gúrkurækt hefur verið mjög samkeppnishæf í verði undanfarin ár og oft á tíðum hefur innlend framleiðsla verið ódýrari en erlend.⁴⁴ Sjá einnig töflu A-18 í viðauka.

Af þessu má ráða að afkoma gúrkuræktarinnar myndi versna við aðild en hefði þrátt fyrir það ekki afgerandi áhrif hvað varðar lífvænleika greinarinnar til frambúðar. Verð á innfluttum gúrkum ætti ekki að breytast við aðild og innlend framleiðsla hefur verið samkeppnishæf fram að þessum tímapunkti. Þrátt fyrir ríflega helmingslækkun á styrkjum ætti innlend framleiðsla að geta staðið af sér samkeppnina enda myndi verð enn vera svipað eða lægra á innlendu framleiðslunni.

13.4 Paprikurækt


Ræktun á papriku hefur dregist mikið saman frá upptöku beingreiðslukerfisins árið 2002. Eflaust má skýra þá þróun að einhverju leyti með því að innflutningsverð hefur verið lægra en heildsöluverð innlendra afurða allt frá afnámi tolla árið 2002. Eftir kerfisbreytinguna árið 2002 dróst flatarmál í gróðurhúsum undir ræktun á papriku saman um helming milli ára. Þrátt fyrir lítilsháttar aukningu frá þeim tíma er enn langt í land að jafn miklu svæði sé varið undir ræktunina. Af töflu 32 hér að ofan má sjá að vægi styrkja er mest í paprikurækt. Styrkir vega um 38% af tekjum árið 2008 en hlutfallið hefur þó lækkað hratt undanfarin ár. Mikil lækkun styrkja mun því koma sér afar illa fyrir paprikurækt.

⁴⁴ Frá sjónarhóli heildsala, þ.e. heildsöluverð á innlendri vöru borið saman við innflutningsverð á erlendum gúrkum.

Tafla 34: Paprikurækt í finnsku styrkjaumhverfi (m.kr)¹

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	82	65	-21%
<i>Styrkir</i>	35	18	-50%
<i>Tekjur af afurð</i>	47	47	0%
Kostnaður	83	78	-6%
<i>Fastur kostnaður</i>	44	44	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	24	22	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	11	7	-38%
<i>Afskriftir</i>	4	4	0%
Rekstrarhagnaður¹	15	-2	
Hagnaður/tap¹	0	-13	
Rekstrarhagnaður (% af tekjum)	18%	-3%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	-1%	-20%	

Heimild: Útreikningar höfunda og Magnús Ágústsson(2010).



Mynd 22: Paprikurækt í finnsku umhverfi (m.kr).

Heimild: Útreikningar höfunda og Magnús Ágústsson (2010).

Af ofangreindri töflu og mynd má greina umtalsverða breytingu á rekstrarumhverfi paprikuræktenda. Styrkir lækka um 50% og heildartekjur um 20%. Af þessu má sjá hve háð ræktun papriku er styrkjum. Þrátt fyrir að lækkun á styrkjum sé lægri en í gúrurækt

þá er tekjusamdrátturinn meiri. Kostnaðarhagræðingin er 6%, líkt og áður. Sjá einnig töflu A-19 í viðauka fyrir áætlun miðað við árin 2006 og 2007.

Skörp breyting er á rekstrarafkomu paprikuræktenda. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði verður neikvæður miðað við ofangreindar forsendur. Ef heildarafkoman er skoðuð þá má sjá afgerandi breytingu á milli núverandi kerfis og þess finnska. Tap er á greininni m.v. þessar forsendur en athyglisverðust er þó breytingin milli kerfa. Breytingin er afgerandi, tap greinarinnar fer úr því að vera um 1% af tekjum í um 20%. Því er ljóst að ræktunin sem slík er ekki arðvænleg og vantar þar umtalsvert upp á að svo verði. Ólíklegt er þá að paprikurækt geti verið arðvænleg í finnsku rekstrarumhverfi og vantar þar töluvert upp á að hún geti staðist samkeppni við innflutta vöru.

Paprikurækt í Finnlandi er afar lítil. Hún hefur vaxið nokkuð eftir aðild en þrátt fyrir það er hún hverfandi hluti af heildarframleiðslu Finna. Því er ljóst að erfitt er að sjá fyrir sér að paprikuræktun geti staðið af sér þær breytingar á styrkjakerfinu sem aðild að ESB myndi hafa í för með sér. Líklegt má telja að ræktunin verði mun minni eða jafnvel leggist af við breytinguna.


13.5 Tómatarækt

Hér að neðan má finna áætlun á áhrifum breytinganna á ræktun tómatu. Miðað er við árin 2006 til 2008. Í viðauka má finna sambærilega áætlun þegar stuðst er við árin 2006 til 2007, mynd A-18.

Tafla 35: Tómatarækt í finnsku styrkjaumhverfi (m.kr) ¹

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	553	502	-9%
<i>Styrkir</i>	117	66	-44%
<i>Tekjur af afurð</i>	437	437	0%
Kostnaður	556	521	-6%
<i>Fastur kostnaður</i>	297	297	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	158	150	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	72	45	-38%
<i>Afskriftir</i>	30	30	0%
Rekstrarhagnaður¹	99	56	
Hagnaður/tap¹	-3	-19	
Rekstrarhagnaður (% af tekjum)	18%	11%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	-1%	-4%	

Heimild: Útreikningar höfundu og Magnús Ágústsson (2010).



Mynd 23: Tómatarækt í finnsku umhverfi (m.kr).

Heimild: Útreikningar höfundna og Magnús Ágústsson (2010).

Af töflunni hér að ofan má sjá að áætlað er að tekjur tómataræktarinnar dragist saman um 9% við breytinguna en kostnaður lækki um 6%. Styrkir lækka minna en í papriku- og gúrkurækt, eða um 44%. Þetta má að einhverju leyti rekja til þess að við þessa útreikninga er kirsuberjatómötum slegið saman við hefðbundna tómata. Hlutfall styrkja af tekjum bænda í kirsuberjatómatarækt er mun lægra en í ræktun á hefðbundnum tómötum, samanber fyrri umfjöllun. Styrkir nema um fjórðungi af tekjum í tómatarækt í núverandi kerfi og hafa farið lækkanði.

Afkoma ræktunarinnar versnar líkt og í fyrri tilvikum. Þróunin er svipuð og fyrir gúrkurækt. Rekstrarhagnaður lækkar í samanburði við tekjur úr 18% í 14% auk þess sem tap í hlutfalli við tekjur eykst úr 1% í 4%. Af þessu má sjá að afkoma ræktenda tómata mun versna en líkt og í tilfelli gúrkuræktenda munu áhrifin að öllum líkindum ekki veða að lífvænleika greinarinnar. Þróunin í tómatarækt hefur verið svipuð og í gúrkurækt ef horft er til hlutfalls styrkja af tekjum. Markaðshlutdeild innlendra tómata er ekki jafn afgerandi og í gúrkurækt en þó nam hlutfall innlendra framleiðslu um 70% til 80% af framboði sem var á markaði undanfarin ár.

Heildsöluverð á innfluttum tómötum hefur verið lægra en af innlendu vörunni en þrátt fyrir það hefur markaðshlutdeild haldist stöðug og vaxið ef eitthvað er frá afnámi

tolla. Þetta gefur til kynna að hærra verð sé að fást fyrir innlendu vöruna⁴⁵ og neytendur séu reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir íslenska framleiðslu.

13.6 Blómarækt

Af reynslu Finna má ráða að umtalsverð verðlækkun á blómum verði í kjölfar aðildar að ESB. Ræktunin breyttist umtalsvert og ræktun sumra tegunda lagðist af en aðrar hafa tekið við sér í kjölfar aðildar.

Afkoma fyrirtækja í íslenskri blómarækt hefur verið slök undafarin ár og er greinin því illa í stakk búin til að taka við verðlækkunum á markaði. Þrátt fyrir að til komi styrkir til að styðja við ræktunina þá má telja líklegt að ræktun á blómum taki nokkrum stakkaskiptum. Ræktendum mun fækka og færri blómategundir verða ræktaðar hérlendis. Ef miðað er við reynslu Finna af opnun landamæra sinna fyrir erlendum blómum, auk reynslu Íslands af afnámi tolla árið 2002, þá má telja líklegt að verð á blómum falli um sem nemur 30% til 50%. Þrátt fyrir að beingreiðslur eða aðrar greiðslur komi til með að vega á móti þessum lækkunum þá má telja afar ólíklegt að innlend framleiðsla standist samkeppni við innflutt blóm í ljósi þess hve erfiður rekstur blóma- og garðplöntubúa hefur verið undanfarin ár. Það mátti glögglega sjá af rekstrar- og efnahagsyfirliti blómaræktar í fyrri hluta skýrslunnar.

13.6.1 Forsendur útreikninga

Talnaefni fyrir blómarækt er takmarkað hérlendis. Afar erfitt er að mæla framleiðslu enda er nánast ómögulegt að fá nákvæma tölu yfir ræktun blóma. Fjöldi stykkja sem ræktuð eru væri vafalaust besti mælikvarðinn á framleiðslu en slíkt talnaefni er ekki til á Íslandi né Finnlandi. Nokkur vandi er á höndum við þessa áætlun. Í tölum sem Hagþjónusta bænda tekur saman má finna tölur sem sýna rekstrarafkomu blómabúa. Ekki eru teknar saman upplýsingar um fjölda fermetra í ræktun sem liggja þar að baki sem gerir útreikninga mun erfiðari.

Til að yfirstíga þetta vandamál eru upplýsingar um tekjur blómaræktarinnar m.v. upplýsingar frá Hagþjónustunni og fjöldi fermetra áætlaður út frá tölum sem Magnús Ágústsson hefur tekið saman um fjölda fermetra í blómaræktun eftir tegundum. Tekið er meðaltal frá árunum 2005 til 2007. Tölur fyrir 2008 sýna umtalsvert tap sem hefur óeðlilega mikil áhrif á niðurstöðu þessarar greiningar og er því sleppt.

⁴⁵ Athuga ber að engin gögn eru til staðar um smásöluverð á erlendu grænmeti í samanburði við innlenda framleiðslu. Því er heildsöluverð, og þróun markaðshlutdeildar í samræmi við það, sá mælikvarði sem kemst næst því að sýna hvort verðmunur sé á grænmetinu.

Þar sem óljóst er hve margir fermetrar í gróðurhúsum liggja að baki þessum rekstrarniðurstöðum eru því gefnar upp þrjár mismunandi ætlanir á fjárhæðum styrkja sem byggja á ólíkum grunni. Þessar þrjár nálganir eru nefndar A, B og C í töflunni hér að neðan. Nálgun A byggir á því að styrkir vegna blómaræktar séu sama hlutfall af tekjum og í Finnlandi eða um 10%. Nálgun B byggir á því á bakvið þessar rekstrarniðurstöður frá Hagþjónustu bænda liggi 40.000 fermetrar í gróðurhúsum. Nálgun C miðar við að fermetrarnir séu 60.000. Aðrar forsendur haldast óbreyttar. Aftur er gert ráð fyrir að meðtalsstyrkur á hvern fermetra í ræktun sé €10,3 og gengi evrunnar sé 150 krónur fyrir hverja evru.

Áætlað er að framleitt magn haldist óbreytt en verð til ræktenda lækki um 30%. Verð lækkaði um 30 til 40% í Finnlandi eftir aðild. Í töflu A-20 í viðauka má finna samskonar áætlun og er sýnd hér að neðan nema miðað er við 40% lækkun. Þær rekstrarniðurstöður sem notaðar voru við áætlun á tekjum eru einnig notaðar við áætlun á kostnaði og koma frá Hagþjónustu bænda. Gert er ráð fyrir sömu lækkun kostnaðarliða og í athugunum á áhrifum á tómatu, papriku og gúrku.

13.6.2 Áætluð áhrif á blómarækt

Af töflu 36 hér að neðan má finna áætlun á afkomu blómaræktarinnar. Gert er ráð fyrir 30% verðlækkun á blómum hér að neðan en sambærilega töflu þar sem gert er ráð fyrir 40% lækkun má finna í viðauka. Notuð eru gögn frá Hagþjónustu bænda fyrir árin 2005 til 2007 og eru þau færð á verðlag ársins 2008.

Tafla 36: Afkoma blómaræktar m.v. 30% verðlækkun (m.kr).

	Után ESB	Innan ESB			%breyting (m.v. B)
		A	B	C	
Heildartekjur	519	404	425	456	-22%
<i>Tekjur af afurð</i>	519	363	363	363	-30%
<i>Styrkir</i>	0	40	62	93	
Kostnaður samtals	519	496	496	496	-4%
<i>Fastur kostnaður</i>	309	309	309	309	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	144	136	136	136	-5%
<i>Fjármagnsliðir</i>	42	26	26	26	-38%
<i>Afskriftir</i>	24	24	24	24	0%
Rekstrarhagnaður/tap	66	-42	-20	10	
Hagnaður/tap	0	-92	-71	-40	
Rekstrarhagnaður/tap (% af tekjum)	13%	-8%	-4%	2%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	0%	-18%	-14%	-8%	

Sjá einnig töflu A-20 í viðauka. Skilgreiningu og útskýringar á A,B og C má finna í kafla 13.6.1

Heimild: Útreikningar höfundu og Magnús Ágústsson (2010).

Af töflunni má sjá að umtalsverð breyting verður á afkomu blómaræktarinnar. Af afkomutölum má sjá að rekstrarhagnaður lækkar mikið og sömu þróun má sjá á hagnaði/tapi greinarinnar. Greinilegt er að blómarækt berst í bökkum við núverandi aðstæður líkt og sjá mátti í fyrri hluta þessarar skýrslu. Afkoma greinarinnar hefur verið um núllið og enginn afgangur verið undanfarin ár, frekar tap ef eitthvað er. Umtalsverð verðlækkun mun gera samkeppnisstöðu innlendrar blómaræktar afar veika. Af töflunni hér að ofan má sjá að við breytinguna þá er ætíð tap af rekstrinum, einvörðungu spurning um hve mikið það er miðað við þessa greiningu.

Líkt og áður segir þá er erfitt að sjá hve háir styrkir ættu að vera og hve mikið verð lækkar við aðild. Ef skoðað er hversu mikið verð gæti lækkað án þess að veða að lífvænleika greinarinnar þá má finna út með sambærilegri aðferð og hér að ofan að sú lækkun mætti einungis vera um 10% til 15% til að greinin ætti möguleika á að reksturinn væri að skila hagnaði. Nánast útilokað er að verð muni ekki lækka um meira en 15% og því ólíklegt að greinin muni lifa af þessa umbreytingu í núverandi mynd. Ef skoðaðar eru niðurstöður sem miða við 40% verðlækkun má sjá að blómarækt yrði nánast sjálfhætt við þær aðstæður. Verðlækkunin er það mikil og kostnaðarhagræðingin vegur einvörðungu takmarkað á móti þeirri breytingu sem myndi gera ræktunina óarðvænlega hvort sem horft er til lengri eða skemmri tíma.

Líklegt má telja að ræktun á blómum sé í svipaðri stöðu og ræktun á papriku var áður en tollar voru afnumdir. Ræktun á papriku hefur ekki verið ábatasöm undanfarin ár sökum mikilla verðlækkana og framleiðsla dregist mikið saman. Líklegt má telja að þróunin verði svipuð í blómarækt.

Af þessu má ráða að miklu máli skiptir hve miklar verðbreytingar verða við aðild. Líklegt má telja að ræktunin muni breytast og þróast líkt og átti sér stað í Finnlandi en ólíklegt er að umfang hennar verði jafn mikið og hún er nú um stundir.

13.6.3 Rósaræktun í finnsku umhverfi

Ef verðþróun á rósum í Finnlandi er skoðuð þá kemur í ljós að verð lækkaði umtalsvert, um 30%, fyrstu árin eftir aðild. Gera má ráð fyrir svipaðri þróun hérlendis. Ef þetta er skoðað með tilliti til íslenskra aðstæðna þá má líklegt telja að verð á rósum muni lækka um 30% til 50% enda býr ræktunin við umtalsverða tollvernd.⁴⁶ Aukin samkeppni við innflutta vöru og aukinn innflutningur mun að öllum líkindum valda umtalsverðri lækkun

⁴⁶ Tollur á rósir er nú 30%.

á verði. Á móti kemur að ræktun rósa mun fá styrki, samanber grænmetisræktina hér að ofan. Styrkir til rósaræktar munu nema 30 til 40 milljónum króna miðað við sömu forsendur og voru notaðar við útreikninga á styrkjum til grænmetisræktunarinnar. Engar tölur eru til staðar um veltu í ræktun á rósum og því ekki gerlegt að reikna heildaráhrif á fyrirtæki í rósarækt. Alls eru ríflega 25 þúsund fermetrar sem fara undir ræktun á rósum hérlendis. Hæst fór sú tala í um 37 þúsund fermetra rétt fyrir aldamót. Þróunina hérlendis má sjá af mynd B-9 í viðauka. Ekki er ólíklegt að svipuð þróun muni eiga sér stað hérlendis og varð í Finnlandi. Fermetrum undir ræktun mun fækka umtalsvert og jafnvel enn meira en gerðist í Finnlandi þar sem líklegt má telja að verðmunur sé meiri á Íslandi og ESB miðað við Finnland í sömu sporum. Samdráttur í ræktun rósa gæti því orðið mikill. Litlar sem engar upplýsingar eru til staðar um heildsöluverð á rósum og því erfitt að sjá hve mikill verðmunur er á rósum hérlendis og í Evrópu.

13.7 Svæðisbundinn munur á styrkjum

Líkt og greint var frá í lýsingu á finnska hluta þessarar skýrslu þá er landinu skipt niður í þrjú meginsvæði A, B og C. Styrkir til þeirra svæða eru mismunandi í landbúnaði og er styrkjunum ætlað að jafna rekstrarskilyrði ræktunarinnar á milli landsvæða.

Svæðisskiptingin er ekki veigamikill þáttur fyrir finnska garðyrkju. Styrkir til gróðurhúsa eru misháir eftir svæðum en afar lítill munur er á milli svæða og hefur munurinn farið minnkandi undanfarin ár. Af því mætti ætla að verið sé að færast nær því að allir styrkir til gróðurhúsaræktunar fái sömu ræktunarstyrki á hvern fermetra, óháð svæði. Ræktun í finnskum gróðurhúsum fer að mestu fram í suðvestur hluta landsins og hefur þessi litli munur, sem þó er á milli svæða, hverfandi áhrif á heildarmyndina þar sem flest gróðurhúsin falla undir sama svæðið.

Styrkir til útiræktunar eru misháir eftir svæðum. Munurinn er þó ekki afgerandi. Þar geta komið til sögunnar harðbýlisstyrkir og aðrir styrkir sem ætlaðir eru til að jafna rekstrarskilyrði milli svæða. Einhver munur getur því verið á milli svæða en ræktunarstyrkir sem veittir eru á hvern hektara verða þó aldrei hærri en €1100 á hvern hektara. Þar að auki geta bændur í útirækt fengið aðra styrki sem lýst var hér að ofan og eru þeir að mestu veittir á landsvísu og því ekki bundnir við landssvæði.

Niðurstaðan er því að mismunur milli svæða er einhver þegar kemur að útirækt en kerfið er afar flókið og ógagnsætt. Varðandi gróðurhúsin þá er uppbygging styrkjakerfisins með þeim hætti að lítill sem enginn munur ætti að vera á milli svæða.

14 Niðurlag

Rekstrarumhverfi garðyrkjunnar á Íslandi hefur tekið umtalsverðum breytingum frá afnámi tolla á gúrkum, tómötum og papriku árið 2002. Fyrirtækjum hefur fækkað en framleiðsla haldist stöðug eða aukist. Meðalstærð búa hefur því aukist undanfarin ár. Framleiðsluvirði hefur aukist en verðmætasköpun, vinnsluvirði, hefur ekki haldið í við þá þróun. Rekstrarafkoma undirgreina garðyrkjunnar er mismunandi. Grænmetis- og garðplöntugeirinn stendur best að vígi. Þróunin hefur ekki verið einsleit í öllum undirgreinum sem sést t.d. á minni ræktun papriku og mikilli aukningu í gúrku- og tómatarækt. Gúrkuræktin virðist standa best að vígi og hefur staðið af sér samdrátt í beingreiðslum. Svo virðist sem innlend framleiðsla sé að fullu samkeppnisfær við þá erlendu, þrátt fyrir minnkandi niðurgreiðslur.

Hluttur garðyrkjunnar af landsframleiðslu hefur dregist saman úr 0,19% í 0,15% undanfarinn áratug en heildarfjöldi ársverka hefur þó vaxið um 24, úr 236 í 260. Fjöldi afleiddra starfa hefur aftur á móti dregist saman, úr 177 í 154 á sama tímabili. Samanlagt hefur því garðyrkjan skapað um 415 ársverk og hefur sá fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarinn áratug. Fjöldi starfandi í greininni gæti hins vegar verið umtalsvert hærri, t.d. vegna hlutastarfa. Ef skoðuð er veigamesta grein garðyrkjunnar, ræktun grænmetis og garðplantna, þá sést að fjöldi ársverka í greininni hefur vaxið nokkuð frá 2002 en þau verðmæti sem störfin skapa að raunvirði hafa hinsvegar staðið í stað eða dregist saman sem er ákveðið áhyggjuefni.

Sérstaklega var vikið að reynslu finnskra garðyrkjubænda af inngöngu í Evrópusambandið frá því að þeir gerðust aðilar að ESB árið 1995. Út frá reynslu þeirra má draga fram athyglisverða mynd af smáþjóð á norðlægum slóðum sem deilir mörgum af þeim þáttum sem Íslendingum er umhugað um í komandi aðildarviðræðum við ESB. Af reynslu Finna má sjá að landbúnaðurinn hefur tekið örum breytingum frá aðild. Bú hafa stækkað en þeim hefur fækkað en landsvæði undir ræktun ýmiskonar landbúnaðarvara hefur þó ekki mikið breyst. Svipaða sögu er að segja af garðyrkjunni í Finnlandi. Fyrirtækin hafa stækkað mjög ört á þessu tímabili en að sama skapi hefur þeim fækkað en þó er það flatarmál sem notað er undir ræktina óbreytt. Samsetning framleiðslunnar hefur breyst. Opnun markaðar hefur gert það að verkum að innlendir aðildar eru hættir að rækta margskonar blóm og hafa þess í stað fundið sínu fyrirtæki farveg í ræktun á pottaplöntum eða öðrum tegundum grænmetis og ávaxta. Þetta er eitt af þeim dæmum sem hægt er að

læra af inngöngu Finna í ESB. Garðyrkjan lagðist ekki af heldur lagaði hún sig að aðstæðum.

Skjót aðlögun í tekjum ræktenda í finnskum gróðurhúsum eftir aðild er athyglisverð. Tekjusamdráttur var töluverður strax við aðild en árið eftir höfðu tekjur aukist og náð fyrra stigi. Svo virðist sem finnsk garðyrkja hafi aðlagast betur inngöngu í ESB en finnskur landbúnaður í heild sinni. Það má einnig merkja af nýlegri gögnum frá aldamótum til ársins 2008 en þar má sjá að hlutfall styrkja af tekjum ræktenda í gróðurhúsum hefur farið lækkandi. Tekjur ræktunarinnar hafa verið að aukast undanfarnar ár en á sama tíma hafa styrkir staðið í stað sem bendir til þess að ræktunin sé sjálfbærari í dag en árin eftir aðild. Erfiðara er að segja til um þróun útiræktarinnar en vísbendingar eru um að styrkir hafi verið að aukast til hennar á undanförunum árum en þó er erfitt að álykta um afkomu greinarinnar einvörðungu út frá þeim upplýsingum.

Skoðað var hvernig íslensk garðyrkja kæmi út í því umhverfi⁴⁷ sem finnskum garðyrkjufyrirtækjum er búið. Heilt yfir þá benda niðurstöðurnar til þess að afkoma garðyrkjunnar muni versna við aðild en mismikið eftir því hvaða tegund er um að ræða. Þegar skoðuð eru áhrif aðildar á styrki til ræktunar á tómötum, gúrkum og papriku kemur í ljós að ætla má að styrkir lækki um helming eftir aðild. Tekjusamdrátturinn gæti orðið af þeim sökum um 9% í tómatarækt, 17% í gúrkurækt en ríflega 21% í paprikurækt. Ætla má að kostnaður lækki um 6%. Kostnaður við niðurgreiðslur af þessum tegundum mun nánast að öllu leyti falla á íslenska ríkið vegna ræktunar í gróðurhúsum.

Ræktun á tómötum og gúrkum kemur best út í þessum samanburði. Afkoman versnar vegna lægri styrkja en þrátt fyrir það er breytingin á afkomu ekki afgerandi og því ólíklegt að ræktunin, sem er arðbær í dag, verði óarðbær eftir inngöngu í ESB. Markaðshlutdeild innlendra aðila á markaði fyrir tómat og gúrku er afgerandi við núverandi aðstæður og í raun ekkert sem bendir til þess að það breytist við aðild. Í raun gæti sú staða auðveldað aðlögun ef ræktendur draga úr ræktun við aðild en vegna lægri styrkja þá dregst framboð á markaði saman. Sökum þess að innlenda ræktunin er afgerandi á markaði gæti minna framboð leitt til hækkunar á verði.

Meiri óvissa ríkir um ræktun á papriku. Ræktunin hefur dregist töluvert saman eftir að tollar voru afnumdir árið 2002. Paprikuræktin er háðust styrkjum af tegundunum þremur sem tilheyra beingreiðsluferfinu í dag. Markaðshlutdeild paprikuræktar hefur

⁴⁷ Þ.e. ef miðað er við að sömu reglur gildi um úthlutun styrkja og annarra greiðslna og að verð lækki samanber forsendur í kafla 13.

dregist saman undanfarin ár og margt bendir til þess að arðsemi ræktunarinnar sé lítil. Ætla má að ræktunin dragist frekar saman við aðild.

Niðurfelling tolla á grænmeti hefur orðið til þess að fleiri tegundir grænmetis innan þeirra greina sem hljóta styrki eru framleiddar. Sú þróun gefur til kynna að innlenda framleiðslan sé að þjóna betur markaðnum og hún sé drifin áfram af markaðsöflum. Þetta kemur sérstaklega í ljós ef skoðuð er aukin framleiðsla á kirsuberjatómötum og breytt samsetning á paprikurækt gefur það til kynna að ræktunin hérlendis sé að bregðast við eftirspurn neytenda og þörfum þeirra í auknum mæli. Þar að auki er hlutfall beingreiðslna af heildarverði í kirsuberjatómatarækt mun lægra en í annarri ræktun sem heyrir undir beingreiðsluhlutann og gefur það til kynna að ræktunin sé nokkuð sjálfbær og arðvænleg fyrir ræktendur. Niðurfelling tolla virðist því ekki hafa alslæm áhrif á grænmetisrækt í gróðurhúsum hérlendis. Fyrirtækjum og fjölda beingreiðsluhafa hefur vissulega fækkað en framleiðslan vaxið. Þróunin í Finnlandi hefur verið að þá leið að á meðan sumar tegundir hafa gefið eftir hafa aðrar aukið við sig, þ.e. framleiðslusamsetningin hefur breyst nokkuð. Ekki er ólíklegt að svo verði einnig hér. Ræktun kirsuberjatómata hér á landi sýnir að mögulegt er að rækta vöru á arðbæran máta án þess að styrkir séu ráðandi hluti af tekjum ræktenda.

Ákveðin samþjöppun virðist hafa átt sér stað í kartöfluræktinni hérlendis. Framleitt magn hefur staðið í stað en fjöldi fyrirtækja hefur dregist saman. Staða greinarinnar rekstrarlega séð virðist ekki vera nægilega sterk. Skuldsetning hefur aukist mikið og aukið vægi er á skammtímaskuldsetningu. Þó hefur hagnaður verið af greininni að meðaltali undanfarin ár en eiginfjárstaðan er þó ekki sterk.

Íslensk blómarækt er að mörgu leyti í svipaðri stöðu og finnsk blómarækt við inngöngu í ESB. Blómarækt nýtur verndar sem mun falla niður við aðild. Rekstur blómabúa hérlendis hefur verið slakur undanfarin ár og greinin virðist standa verst af greinum garðyrkjunnar. Flest gjaldþrotin hafa litið dagsins ljós í blómaræktinni og afkoman verið slök, en eiginfjárlutfall greinarinnar hefur verið neikvætt undanfarin ár. Miðað við áætlun sem sýnd er í kafla 13.6.2 hér að ofan þá mun afkoman versna til muna. Eitt af því sem Finnar höfðu framyfir íslenska ræktun á blómum er að allt bendir til þess að ræktunin þar í landi hafi verið að skila afgangi fyrir aðild og þar af leiðandi verið betur undir það búin að takast á við tekjutap. Íslensk bú hafa ekki verið rekin með hagnaði að meðaltali undanfarin ár. Ljóst er að gjaldþrot og rekstrarerfiðleikar eru óumflýjanlegir við núverandi aðstæður.

Erfitt er að sjá það fyrir sér að blómabú geti umborið mikla lækkun á tekjum líkt og óumflýjanlegt er við aðild að ESB. Eflaust mun einhver aðlögun og sérhæfing eiga sér stað líkt og merki eru um í Finnlandi en þó bendir rekstrargrundvöllur blómabúa við núverandi aðstæður til þess að afkoman muni versna meira á Íslandi en hún gerði í Finnlandi. Blómarækt mun því eiga á brattan að sækja ef til aðildar kemur.

Á heildina litið þá má gera ráð fyrir því miðað við reynslu Finna að búum muni fækka og meðalbúið muni stækka nokkuð. Smærri ræktendur draga sig þá af markaðnum. Flatarmálið undir ræktun á grænmeti í gróðurhúsum hefur þó ekki breyst í Finnlandi. Óvíst er hve mikið eða hvort fjöldi fermetra undir grænmetisrækt muni breytast hérlendis. Afar líklegt er að ræktendur hefji ræktun á nýjum afurðum þar sem styrkirnir eru ekki framleiðslutengdir og því ekki bundnir við neina sérstaka afurð. Af því leiðir að ræktendur blóma og papriku eru hvað líklegastir til að hætta ræktun og líklegt er að hluti þeirra, hið minnsta, hefji ræktun á öðrum tegundum. Framleiðsla gæti af þeim sökum hugsanlega aukist á gúrku og tómötum á kostnað papriku og blóma.

Af reynslu Finna má ráða að aðild að ESB er enginn dauðadómur yfir garðyrkjunni í heild sinni en ræktendur og ráðmenn þurfa þó að búa sig undir breytingar á samsetningu innlendar ræktunar. Grundvöllur til ræktunar mun vera til staðar í ákveðnum greinum garðyrkjunnar en þó mun þeim tegundum sem hægt er að rækta á arðvænlegan máta fækka.

15 Heimildaskrá

Aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (2002). Sótt 30. nóvember 2009 frá <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=533>

Ahlstedt, J. (2009). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2009*. Helsinki: Agrifood Research Finland.

Ahlstedt, J. (. (2000). *Finnish Agriculture and Rural Industries*. Helsinki.

Bjarni Jónsson (2009). *Fjöldi handhafa beingreiðslna*. Reykjavík: Samband Garðyrkjubænda.

Bændasamtök Íslands (2009). *Rafmagn í Garðyrkju*.

Economy Doctor (2010). *Margskonar tölfræðiupplýsingar*.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2009). *Statligt stöd/Finland. Stöd nr N 581/2008. Skatteåterbæring för vissa energiprodukter som används inom jordbruket*.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2002). *Stöd till reklam för trädgårdsprodukter. Statligt stöd nr N 94/2002 – Finland*. Brussel.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (1999). *Framleiðni íslenskra atvinnuvega*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hagstofa Íslands. *Ýmis gögn af vef og frá starfsfólki Hagstofunnar*.

Hagstofa Íslands (án dags.). *Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum (ÍSAT95) 2000-2007*. Reykjavík.

Hagstofa Íslands (2009). *Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja*. (S. Sigurðsson, Ritstj.) Reykjavík.

Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009). *Fjölmörg skjöl frá starfsmanni Hagþjónustunnar*.

Hagþjónusta Landbúnaðarins (2009). *Hagur Landbúnaðarins*. Hvanneyri.

Jalkanen, J. (2010). *Viðtal við Jyrki Jalkanen, framkvæmdastjóri Finnska gróðurhúsaræktenda sambandsins*.

Koivisto, A. (2010). Margskonar gögn og upplýsingar um finnska garðyrkju.

Magnús Ágústsson, (2009). Garðyrkjuráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands. Ýmis söguleg gögn og skilagreinar árána 2002 til 2008.

Mavi: Agency for Rural Affairs. (2007). TÄYTTÖOHJEET (e. Instructions for growers). Helsinki, Finland.

Ministry of Agriculture and Forestry. (2010). *Ýmsar tölfræðiupplýsingar*. Helsinki, Finland.

Ministry of Trade and Industry et. al. (2007). Finland's National Energy Efficiency Action Plan.

Niemi, J. O. (1998). *Finnish Agriculture and Rural Industries 1998*. Helsinki: Agricultural Economics Research Institute.

Niemi, J. O. (2007). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2007*. Helsinki: Agrifood Research Finland.

Niemi, Jyrki og Ahlstedt, Jana (ritstjórar) (2002). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2002*. Helsinki: Agrifood Research Finland.

Niemi, Jyrki og Ahlstedt, Jana (ritstjórar) (2005). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2005*. Helsinki: Agrifood Research Finland,.

Ólafur Friðriksson (2009). Skrifstofustjóri í Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Reykjavík.

Ólafur Friðriksson (2009). Viðtal um tollaumhverfi garðyrkjunnar.

Reglugerð nr. 719/2000 (án dags.). Reglugerð um undanþágu aðflutningsgjalda.

Reglugerð nr. 947/2009 (án dags.). Reglugerð um tollkvóta á grænmeti og lækkun tolla.

Samband Garðyrkjubænda (2009). Gögn frá Bjarna Jónssyni.

Samband gróðurhúsaræktenda í Finnlandi (Kasvistieto) (2010). Ymis gögn

Svör við spurningalista ESB, *kafla 11*. (bls. 64). <http://www.mfa.is/eu/answers>


16 Viðauki

Tafla A- 1: Skipting styrkja eftir flokkum (Ísland).

Kynningar	Tilraunir	Þróun	Endurmenntun	Annað	Samtals
42,67	36,41	59,24	26,22	7,99	172,53

Tölur í milljónum króna

Heimild: Samband garðyrkjubænda (2009)



Mynd B- 1: Laun og tengd gjöld í ræktun grænmetis, ylraekt og garðplöntuframleiðslu á breytilegu og föstu verðlagi (2007). (Ísland)

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Í framleiðsluuppjöri þjóðhagsreikninga er að finna upplýsingar um laun og launatengd gjöld. Upplýsingarnar að ofan ná til grænmetis-, blóma- og garðplöntuframleiðslu. Tölur um kartöfluframleiðslu voru ekki til hjá Hagstofu Íslands.

Laun og tengd gjöld hafa vaxið að raunvirði. Þá hefur vöxtur launa og launatengdra gjalda verið umtalsverður frá árinu 1998. Raunvöxtur launa og tengdra gjalda hefur verið 72,5% á þessu tímabili. Kaupmáttur launa jókst á sama tímabili um rúm 25% sem gefur til kynna að starfsfólki hafi fjölgað í greininni eða kaupmáttur launa í greininni hafi vaxið hraðar en í öðrum greinum íslensks atvinnulífs.

Tafla A-2: Nýskráningar fyrirtækja samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfi (5 stafa flokkun) (Ísland)


	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samt
Kartöflurækt	0	0	0	0	0	2	0	0	1	1	0	4
Grænmetis- og garðpl.	6	5	1	4	3	9	9	4	3	3	4	51
Blómarækt	0	1	0	3	0	2	2	1	6	0	0	15
Ræktun ávaxta, berja	0	0	0	2	0	1	0	0	2	0	0	5
Samtals	6	6	1	9	3	14	11	5	12	4	4	75

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Tafla A- 3: Gjaldprot fyrirtækja samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfi (5 stafa flokkun) (Ísland)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samt
Kartöflurækt	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Grænmetis- og garðpl.	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Blómarækt	0	0	0	0	0	0	2	1	0	2	0	5
Ræktun ávaxta, berja	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	2	1	1	3	0	7


Heimild: Hagstofa Íslands (2009)



Mynd B- 2: Framleiðsluvirði kartöfluræktar á breytilegu og föstu verðlagi. (Ísland)

Framleiðsluvirðið er áætlað miðað við úrtak Hagbjónustunnar á kartöfluræktendum á tímabilinu.

Heimild: Hagbjónusta Landbúnaðarins (2009) og útreikningar höfundu.



Mynd B- 3: Græn paprika, skilaverð og heildarverð. (Ísland)

Athugið að frá árinu 2006 blandast aðrir litir við. Heimild: Hagstofa Íslands (2009), Magnús Ágústsson (2009) og útreikningar höfundu.

Tafla A- 4: Hlutfall innflutningsverðs af skilaverði


	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tómatar	128%	103%	74%	88%	98%	66%	73%	61%
Paprikur	114%	74%	67%	68%	61%	69%	73%	63%
Gúrkur	160%	107%	96%	81%	104%	107%	112%	126%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009), Magnús Ágústsson (2009) og útreikningar höfundna.

Tafla A- 5: Fjöldi fyrirtækja í úrtaki Hagþjónustunnar

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Grænmeti og garðplöntur	46	66	65	71	69	63	63	63	68
Blóm	22	19	21	20	17	14	14	16	14
Kartöflur	22	19	37	30	29	33	27	26	26

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins (2009)



Mynd B- 4: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði. (Ísland)

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Tafla A- 6: Framleiðsluvirði í landbúnaði og garðyrkju á verðlagi hvers árs (Ísland)


	1997	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Landbúnaður og dýraveiðar	16.060	22.527	23.349	24.399	26.172	29.032	32.097	34.543
Jarðyrkja og garðyrkja	1.161	2.736	2.838	3.089	3.281	3.680	4.043	4.243
<i>Korn- grasrækt og önnur jarðrækt</i>	82	662	624	686	701	825	775	758
<i>Ræktun grænmetis, ylraekt og garðplöntuframleiðsla</i>	1.079	2.074	2.214	2.403	2.581	2.855	3.269	3.484

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Tafla A- 7: Framleiðsluvirði í landbúnaði og garðyrkju á föstu verðlagi (2007) (Ísland)

	1997	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Landbúnaður og dýraveiðar	24.379	29.028	28.709	29.380	30.534	32.552	33.710	34.543
Jarðyrkja og garðyrkja	1.762	3.526	3.489	3.720	3.828	4.126	4.246	4.243
<i>Korn- grasrækt og önnur jarðrækt</i>	124	853	767	826	818	925	814	758
<i>Ræktun grænmetis, ylraekt og garðplöntuframleiðsla</i>	1.638	2.673	2.722	2.894	3.011	3.201	3.433	3.484

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)



Mynd B- 5: Hlutfall beingreiðslu af skilaverði. (Ísland)

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Tafla A- 8: Rekstrarafgangur atvinnugreina 1997-2007 (á föstu verðlagi, 2007) (Ísland)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Landbúnaður og dýraveiðar	7.042	6.680	5.672	5.775	4.743	6.198	5.186	4.647	4.116	4.375	3.703
Jarðyrkja og garðyrkja	449	635	533	483	433	465	366	428	218	145	194
<i>Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt</i>	80	157	133	183	168	160	124	123	114	92	77
<i>Grænmetis- og garðplönturækt</i>	369	478	401	300	265	305	242	306	102	53	117
Rekstrarafgangur í 01.12 í hlutfalli við afgang í landbún.	5,2%	7,2%	7,1%	5,2%	5,6%	4,9%	4,7%	6,6%	2,5%	1,2%	3,2%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009)

Tafla A- 9: Fjöldi starfandi í landbúnaðu skipt eftir búgreinum frá 1998 til 2005

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Almennur búrekstur	3458	3469	3351	3291	3202	3055	2981	2973
Alifuglabú	218	237	245	269	318	262	109	95
Svínabú	101	106	106	101	111	99	82	83
Loðdýrabú	66	53	52	50	51	46	51	57
Garðyrkju- og gróðurhúsabú	382	380	391	389	400	390	410	382
Fóðurframleiðslubú	139	140	144	146	158	164	173	172
Ræktun nytjaskóga	124	119	112	118	123	119	120	120
Kornræktarabú	76	83	84	79	78	89	86	67
Þjónusta við búrekstur	33	34	35	34	34	37	38	47
Dýraveiðar	4	4	4	4	4	3	4	3
Samtals landbúnaður	4601	4625	4524	4481	4479	4264	4054	3999
Samtals allar atvinnugreinar	145442	149998	154022	156462	156072	155686	157468	164876
Hlutfall landbúnaðar í (%)	3,2%	3,1%	2,9%	2,9%	2,9%	2,7%	2,6%	2,4%
Hl. garðyrkju- og gróðurhúsa(%)	11,0%	11,0%	11,7%	11,8%	12,5%	12,8%	13,8%	12,8%

Heimild: Hagur landbúnaðarins (2009).

Tafla A- 10: Paprika(samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)(Ísland)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	% breyting frá 2002
Innflutningsverð(cif, kr/kg)	178	187	189	145	169	199	234	248	39%
Skilaverð	157	255	281	214	277	289	321	390	149%
Heildarverð*	419	517	544	466	540	507	514	565	35%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla A- 11: Gúrkur (samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	% breyting frá 2002
Innflutningsverð (cif, kr/kg)	167	120	119	104	142	151	176	207	24%
Skilaverð	104	112	125	129	137	142	157	164	57%
Heildarverð	194	185	202	194	204	202	212	213	10%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla A- 12: Tómatar (samanburður á skila- innflutnings- og heildarverði)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	% breyting frá 2002
Innflutningsverð (cif, kr/kg)	171	133	114	143	161	135	171	211	23%
Skilaverð	134	130	155	162	164	207	234	349	161%
Heildarverð	249	219	222	219	222	273	303	413	66%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla A- 13: Hlutfall innflutningsverðmætis af heildarverði(per kg) á Íslandi

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tómatar	69%	61%	51%	65%	73%	50%	56%	51%
Paprika	42%	36%	35%	31%	31%	39%	46%	44%
Gúrkur	86%	65%	59%	54%	70%	75%	83%	97%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla A- 14: Hlutfall beingreiðslu af skilaverði á Íslandi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Gúrkur	70%	69%	61%	50%	49%	42%	35%
Paprikur	176%	134%	517%	109%	92%	90%	63%
Tómatar	56%	64%	41%	32%	31%	27%	23%

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda.

Tafla A- 15: Ræktun á tómötum lengur en í 10 mánuði á ári í Finnlandi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Ræktun alls							
<i>Fjöldi fyrirtækja í ræktun</i>	802	759	709	664	642	596	542
<i>Samtals fermetrar (1 000 m²)</i>	1214	1220	1171	1178	1165	1169	1163
Ræktun lengur en 10 mánuði							
<i>Fjöldi fyrirtækja sem rækta > 10 mán</i>	35	42	48	55	55	50	57
<i>Samtals fermetrar (1 000 m²)>10 mán</i>	100	142	147	216	227	281	245

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010).

Tafla A- 16: Ræktun á gúrkum lengur en í 10 mánuði á ári í Finnlandi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Ræktun alls							
<i>Fjöldi fyrirtækja í ræktun</i>	529	502	484	466	431	413	401
<i>Samtals fermetrar (1 000 m²)</i>	782	753	757	779	730	724	746
Ræktun lengur en 10 mánuði							
<i>Fjöldi fyrirtækja sem rækta > 10 mán</i>	62	59	57	57	52	41	45
<i>Samtals fermetrar (1 000 m²)>10 mán</i>	189	198	204	209	185	148	181

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010).

Tafla A- 17: Gúrkurækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr).

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	299	248	-17%
<i>Styrkir</i>	87	37	-57%
<i>Tekjur af afurð</i>	211	211	0%
Kostnaður	289	278	-4%
<i>Fastur kostnaður</i>	167	167	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	83	79	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	20	13	-38%
<i>Afskriftir</i>	19	19	0%
Rekstrarhagnaður¹	48	31	
Hagnaður/tap¹	9	-1	
Rekstrarhagnaður (% af tekjum)	16%	12%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	3%	0%	

Heimild: Útreikningar höfunda.

Tafla A- 18: Tómatarækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr)

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	553	502	-9%
<i>Styrkir</i>	117	66	-44%
<i>Tekjur af afurð</i>	437	437	0%
Kostnaður	536	515	-4%
<i>Fastur kostnaður</i>	310	310	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	154	146	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	38	24	-38%
<i>Afskriftir</i>	35	35	0%
Rekstrarhagnaður¹	90	46	
Hagnaður/tap¹	17	-12	
Rekstrarhagnaður (% af tekjum)	16%	9%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	3%	-2%	

Heimild: Útreikningar höfunda

Tafla A- 19: Paprikurækt. Viðmiðunarár 2006 til 2007 (m.kr)

	Utan ESB	Innan ESB	% breyting
Heildartekjur	82	65	-21%
<i>Styrkir</i>	35	18	-50%
<i>Tekjur af afurð</i>	47	47	0%
Kostnaður	80	77	-4%
<i>Fastur kostnaður</i>	46	46	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	23	22	-5%
<i>Fjármagnskostnaður</i>	6	4	-38%
<i>Afskriftir</i>	5	5	0%
Rekstrarhagnaður¹	13	-3	
Hagnaður/tap¹	3	-12	
Rekstrarhagnaður (% af tekjum)	16%	-5%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	3%	-18%	

Heimild: Útreikningar höfunda

Tafla A- 20: Afkoma blómaræktarinnar m.v. 40% lækkun (m.kr)

	Utan ESB	Innan ESB			%breyting (m.v. B)
		A	B	C	
Heildartekjur	519	346	373	404	-33%
<i>Tekjur af afurð</i>	519	312	312	312	-40%
<i>Styrkir</i>	0	35	62	93	
Kostnaður samtals	519	496	496	496	-4%
<i>Fastur kostnaður</i>	309	309	309	309	0%
<i>Breytilegur kostnaður</i>	144	136	136	136	-5%
<i>Fjármagnsliðir</i>	42	26	26	26	-38%
<i>Afskriftir</i>	24	24	24	24	0%
Rekstrarhagnaður/tap	66	-100	-72	-41	
Hagnaður/tap	0	-150	-123	-92	
Rekstrarhagnaður/tap (% af tekjum)	13%	-19%	-14%	-8%	
Hagnaður/tap (% af tekjum)	0%	-29%	-24%	-18%	

Heimild: Útreikningar höfunda

Tafla A- 21: Hlutfall tegunda ef m.v. er við fjölda hektara.

	1990	1995	2000	2004	2008
Ertur	15%	19%	23%	26%	30%
Gulrætur	14%	18%	18%	19%	19%
Laukur	11%	10%	13%	11%	12%
Hvítkál	9%	9%	7%	7%	7%
Rauðrófa	5%	6%	5%	5%	5%
Rófur(Gulrófur)	4%	5%	4%	5%	4%
Ísberg salat	2%	2%	4%	4%	4%
Blómkál	5%	5%	5%	5%	3%
Gherkin	6%	7%	5%	4%	3%
Kínakál	8%	6%	5%	3%	2%
Annað	22%	13%	12%	11%	10%

Heimild: (Ministry of Agriculture and Forestry, 2010)

Tafla A- 22: Hlutfall tegunda af heildaruppskeru (ef m.v. er við uppskeru í kg.)

	1990	1995	2000	2004	2008
Ertur	4%	4%	4%	4%	4%
Gulrætur	23%	35%	37%	35%	40%
Laukur	13%	10%	12%	14%	13%
Hvítkál	15%	14%	12%	11%	12%
Rauðrófa	8%	6%	7%	7%	7%
Rófur(Gulrófur)	7%	7%	6%	9%	8%
Ísberg salat	1%	1%	2%	3%	3%
Blómkál	3%	3%	3%	2%	2%
Gherkin	6%	8%	6%	6%	5%
Kínakál	7%	5%	4%	3%	2%
Annað	13%	7%	6%	6%	4%


Heimild Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Tafla A- 23: Uppsæra á fermeter í Finnlandi (kg/m²)

	1984	1988	1989	1994	1995	1996	1998	1999	2001	2002	2004	2005	2006	2007	2008
Tómatar	20,5	23,9	24,7	28,5	25,9	27,9	26,4	29,0	28,2	30,0	29,5	32,2	33,3	32,6	34,8
Gúrkur	30,3	32,6	32,4	34,5	30,1	32,3	32,5	37,1	37,9	39,4	41,0	41,6	40,2	40,3	42,0
Annað¹	3,1	3,3	3,2	3,4	3,2	3,3	3,2	3,1	3,7	3,6	3,5	2,5	2,5	2,1	2,4


1.Samsetning afurða hefur breyst mikið og því segir þessi tala lítið um hvernig ræktunin hefur þróast.

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010)




Mynd B- 6: Verðbólga á Íslandi og Finnlandi frá 1995

Heimild: (IMF Data mapper, 2010)




Mynd B- 7: Hagvöxtur á Íslandi og Finnlandi frá 1995

Heimild: (IMF Data mapper, 2010)



Mynd B- 8: Styrkir, velta og hlutfall styrkja af heildartekjum (Ísland)

Heimild: Hagstofa Íslands (2009) og útreikningar höfunda



Mynd B- 9: Fjöldi fermetra undir ræktun í á rósum á Íslandi

Heimild: Magnús Ágústsson (2009)